# Endurskoðun ríkisreiknings 2000

RÍKISENDURSKOÐUN

Nóvember 2001

# Efnisyfirlit


1 INNGANGUR ........ 9

2 AFKOMA OG FJÁRHAGSSTAÐA RÍKISSJÓÐS ........ 13

ÞRÓUN RÍKISFJÁRMÁLA FRÁ 1995 ........ 15
*Langtímakröfur* ........ 16
*Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum* ........ 17
*Óinnheimtar ríkistekjur* ........ 17
*Hreint veltufé* ........ 18
*Varanlegir rekstrarfjármunir* ........ 18
*Langtímaskuldir* ........ 19
*Eigið fé* ........ 21
*Sjóðstreymi* ........ 21
*Lánsfjárjöfnuður* ........ 22

3 EFNAHAGUR A-HLUTA RÍKISSJÓÐS ........ 27

HANDBÆRT FÉ RÍKISSJÓÐS ........ 27
SKAMMTÍMAKRÖFUR ........ 28
SKAMMTÍMASKULDIR ........ 29
VEITT LÁN RÍKISSJÓÐS ........ 30
*Veitt lán hjá Endurlánum ríkissjóðs* ........ 30
*Vanskil lána hjá Endurlánum ríkissjóðs* ........ 31
*Veitt lán önnur en hjá Endurlánum ríkissjóðs* ........ 31
*Afstemming lánakerfis og fjárhagsbókhalds* ........ 32
*Afskriftir lána hjá ríkissjóði* ........ 32
LANGTÍMASKULDIR ........ 33
*Lífeyrisskuldbindingar* ........ 34
*Innborganir* ........ 35
LANGTÍMAFJÁRMÖGNUN RÍKISSJÓÐS ........ 36
INNLEND LÁNTAKA ........ 37
*Lántökukostnaður* ........ 37
*Spariskírteini* ........ 37
*Ríkisbréf og ríkisvíxlar* ........ 38
*Tekin innlend lán án endurlána* ........ 39
ERLEND LÁNTAKA ........ 39
*Lántökur árið 2000* ........ 40
*Staða erlendra lána í árslok* ........ 40
*Gengismunur erlendra lána ríkissjóðs* ........ 41
RÍKISÁBYRGÐIR ........ 42
FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR RÍKISSJÓÐS ÁRIÐ 2000 ........ 43

4 RÍKISSJÓÐSTEKJUR ........ 47

FRAMKVÆMD ENDURSKOÐUNAR ........ 47
YFIRLIT UM EINSTAKA TEKJULIÐI ........ 49
*Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda* ........ 49
*Virðisaukaskattur* ........ 49
*Tryggingagjald* ........ 51

*Sala eigna* ..... 51
*Endurmat á virði ríkisfyrirtækja* ..... 52
ÁÆTLANIR OG UPPGJÖR Á VIRÐISAUKASKATTI ..... 53
*Áætlanir í virðisaukaskatti* ..... 53
TRYGGINGAGJALD ..... 54
AFSKRIFTIR ..... 55
*Afskriftanefnd og störf hennar* ..... 55
NIÐURFÆRSLA ..... 56
*Staða niðurfærslureiknings* ..... 56
*Breytingar á forsendum* ..... 57
EFTIRSTÖÐVAR RÍKISSJÓÐSTEKNA ..... 58
*Opinber gjöld* ..... 59
*Virðisaukaskattur* ..... 59
*Tryggingagjald* ..... 60
*Söluskattur og launaskattur* ..... 60
*Þungaskattur* ..... 60
UPPGJÖR MARKAÐRA TEKNA ..... 61
UPPGJÖR REKSTRARTEKNA ..... 61
SÉRTEKJUR ..... 61
SKULDBREYTINGAR OPINBERRA GJALDA 1999 – 2000 ..... 62
NAUÐASAMNINGAR STAÐFESTIR ÁRIN 1999 OG 2000 ..... 63

5 ENDURSKOÐUN A-HLUTA STOFNANA OG FJÁRLAGALIÐA ..... 65

AÐALSKRIFSTOFUR RÁÐUNEYTANNA ..... 68
*Fjárheimildir* ..... 68
*Umhirða bókhalds og fjárreiðna* ..... 71
*Áætlanagerð og fjármálastjórn* ..... 72
*Launamál* ..... 73
*Samþykktar- og áritunarkerfi* ..... 73
*Efnahagsliðir* ..... 74
*Ferðakostnaður erlendis* ..... 75
*Ferðakostnaður innanlands* ..... 76
*Risna* ..... 78
*Gjafir* ..... 79
*Önnur rekstrargjöld* ..... 79
*Eignakaup* ..... 80
*Tilfærslur* ..... 81
EMBÆTTI SÝSLUMANNA ..... 81
UMFJÖLLUN UM EINSTAKAR STOFNANIR OG LIÐI ..... 82
*02-365 Borgarholtsskóli, bygging* ..... 82
*02-972 Íslenski dansflokkurinn* ..... 83
*03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli* ..... 83
*03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands* ..... 84
*04-321 Skógrækt ríkisins* ..... 84
*04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri* ..... 85
*04-271 Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal* ..... 85
*04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins* ..... 86
*10-512 Póst- og fjarskiptastofnun* ..... 87
*14-410 Veðurstofa Íslands* ..... 88
*10-211 Vegagerðin* ..... 88
*10-471 Flugmálastjórn, 10-472 Flugvellir og 10-473 Alþjóðaflugþjónustan* ..... 89
*08-204 Lífeyristryggingar, fæðingarorlof* ..... 90

6 ENDURSKOÐUN FYRIRTÆKJA OG SJÓÐA Í B-, C-, D- OG E-HLUTA ..... 93

ENDURSKOÐUN B-HLUTA RÍKISREIKNINGS ..... 93
*Sinfóníuhljómsveit Íslands* ..... 94
*Frjálsar slysatryggingar* ..... 95

ENDURSKOÐUN C-HLUTA RÍKISREIKNINGS ....95
*Lánasjóður Íslenskra námsmanna .... 96*
*Ferðamálasjóður .... 97*
ENDURSKOÐUN D-HLUTA RÍKISREIKNINGS ....97
ENDURSKOÐUN E-HLUTA RÍKISREIKNINGS ....98
*Breiðafjarðarferjan Baldur ehf. .... 99*

7 ENDURSKOÐUN Á STOFNUNUM OG VERKEFNUM ÞJÓÐKIRKJUNNAR .... 101

8 ATHUGANIR Á ÝMSUM ÞÁTTUM Í STJÓRNUN OG REKSTRI .... 103

FJÁRMÁLASTJÓRN ....104
*Gjalda- og tekjuáætlun .... 104*
*Áætlun um mannaflaþörf .... 105*
*Samanburður áætlana og rauntalna .... 105*
*Upplýsingar um áætlanir og rauntölur .... 106*
*Viðbrögð við því ef rauntölur eru ekki í samræmi við áætlun .... 106*
TÖLVUSAMNINGAR ....106
LAUNAMÁL ....107
*Ráðningarsamningar .... 108*
*Fjarvistaskrá .... 109*
*Viðveruskráning .... 109*
*Laun skv. kjaranefndarúrskurði og vörpun yfirvinnu .... 109*
MEÐFERÐ TEKNA ....110
INNRA EFTIRLIT ....111
*Skipurit .... 112*
*Aðgreining starfa .... 112*
*Skjalfest uppbygging .... 113*
*Afstemming reikninga .... 113*

9 FJÁRHEIMILDIR .... 115

MUNUR MILLI FJÁRHEIMILDA Í SKILNINGI FJÁRREIÐULAGA OG SKV. RÍKISREIKNINGI 2000 ....115
SAMANBURÐUR ÚTGJALDA VIÐ FJÁRHEIMILDIR ÁRIÐ 2000 ....117
*Framhaldsskólar .... 118*
*Heilbrigðisstofnanir .... 119*
*Áætlaðir liðir og safnliðir .... 120*
*Afgangur á fjárheimildum vegna ýmissa verkefna ráðuneytanna .... 121*
FJÁRHEIMILDIR OG ÚTKOMA ÁRIÐ 2000 ....123

10 ÚTTEKT Á TÖLVUKERFUM FRAMHALDSSKÓLANNA .... 143

FYRIRKOMULAG TÖLVUREKSTRAR Í FRAMHALDSSKÓLUM ....143
ATHUGUN RÍKISENDURSKOÐUNAR ....144

11 EFTIRFYLGNI VEGNA FYRRI ENDURSKOÐANA .... 147

LÍFEYRISTRYGGINGASVIÐ TRYGGINGASTOFNUNAR RÍKISINS ....147
*Helstu athugasemdir Ríkisendurskoðunar .... 147*
*Viðbrögð og úrbætur .... 148*
RAMMASAMNINGAR RÍKISKAUPA ....149
*Helstu ábendingar Ríkisendurskoðunar .... 149*
*Viðbrögð og úrbætur .... 150*

# Töflur

Tafla 1 Fjöldi endurskoðaðra stofnana og fjárlagaliða 2000 ........ 9
Tafla 2 Höfuðstóll ríkissjóðs (A-hluta) 2000 ........ 15
Tafla 3 Rekstur og efnahagur ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000 ........ 16
Tafla 4 Langtímakröfur ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000 ........ 17
Tafla 5 Eignarhlutar ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000 ........ 17
Tafla 6 Óinnheimtar ríkistekjur 1995 - 2000 ........ 18
Tafla 7 Veltufjármunir og skammtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000 ........ 18
Tafla 8 Varanlegir rekstrarfjármunir ríkissjóðs (A-hluta) árið 2000 ........ 19
Tafla 9 Langtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000 ........ 19
Tafla 10 Langtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) án lífeyrisskuldbindinga 1995 - 2000 ........ 20
Tafla 11 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000 ........ 21
Tafla 12 Eigið fé ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000 ........ 21
Tafla 13 Handbært fé frá rekstri 1995 - 2000 ........ 22
Tafla 14 Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000 ........ 23
Tafla 15 Rekstrarreikningur ríkissjóðs (A-hluta) ........ 24
Tafla 16 Efnahagsreikningur ríkissjóðs (A-hluta) 31. desember ........ 25
Tafla 17 Sjóðstreymi ríkissjóðs (A-hluta) ........ 26
Tafla 18 Skammtímakröfur ríkissjóðs ........ 28
Tafla 19 Skammtímaskuldir ríkissjóðs ........ 29
Tafla 19 Veitt lán ríkissjóðs, heildaryfirlit ........ 30
Tafla 20 Staða veittra lána ríkissjóðs hjá Endurlánum ........ 30
Tafla 21 Veitt löng lán ríkissjóðs, án endurlána ........ 31
Tafla 22 Skipting afskriftareiknings ríkissjóðs 2000 og 1999 ........ 32
Tafla 23 Staða langtímaskulda og skuldbindinga ríkissjóðs 2000 og 1999 ........ 33
Tafla 24 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 2000 og 1999 ........ 34
Tafla 25 Skipting lífeyrisskuldbindinga milli lífeyrissjóða 2000 og 1999 ........ 35
Tafla 26 Innborganir ríkissjóðs 2000 vegna lífeyrisskuldbindinga ........ 36
Tafla 28 Langtímafjármögnun ríkissjóðs 2000-1999 ........ 36
Tafla 27 Staða spariskírteina í árslok 2000 og 1999 skv. bókhaldi Endurlána ríkissjóðs ........ 37
Tafla 28 Staða spariskírteina ríkissjóðs: Þróun 1994-2000 ........ 38
Tafla 29 Staða ríkisbréfa og ríkisvíxla í bókhaldi Endurlána ríkissjóðs 2000 og 1999 ........ 38
Tafla 30 Tekin innlend lán, án endurlána ........ 39
Tafla 33 Staða erlendra lána með áföllnum fjármagnskostnaði um áramót 2000 og 1999 ........ 40
Tafla 31 Yfirlit yfir helstu erlend lán ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands árið 2000 ........ 41
Tafla 32 Gengismunur erlendra lána ríkissjóðs 2000 og 1999 eftir myntum ........ 42
Tafla 33 Yfirlit yfir skráðar ábyrgðir ríkissjóðs 2000 og 1999 ........ 43
Tafla 34 Sundurliðun fjármagnskostnaðar ríkissjóðs ........ 44
Tafla 35 Heildartekjur ríkissjóðs ........ 48
Tafla 36 Skattar ........ 49
Tafla 37 Virðisaukaskattur ........ 50
Tafla 38 Endurgreiðslur ........ 50
Tafla 39 Tryggingagjald ........ 51
Tafla 40 Sala eigna ........ 51
Tafla 41 Afskriftir ríkissjóðstekna ........ 55
Tafla 42 Afskrifaðar kröfur ........ 56
Tafla 43 Niðurfærslur ........ 57
Tafla 44 Eftirstöðvar ríkissjóðstekna ........ 58
Tafla 45 Endurskoðaðar stofnanir og fjárlagaliðir í A-hluta ríkisreiknings 2000 ........ 65
Tafla 46 Samanburður á fjárheimildum og rekstrarniðurstöðu ........ 69
Tafla 47 Greiðslustaða við ríkissjóð ........ 70

TAFLA 48 FERÐAKOSTNAÐUR ERLENDIS .......... 75
TAFLA 49 FERÐAKOSTNAÐUR INNANLANDS .......... 77
TAFLA 50 RISNUKOSTNAÐUR .......... 78
TAFLA 51 KOSTNAÐUR VEGNA GJAFA .......... 79
TAFLA 52 EIGNAKAUP .......... 80
TAFLA 53 RÍKISFYRIRTÆKI Í B-HLUTA RÍKISREIKNINGS .......... 94
TAFLA 54 LÁNASTOFNANIR Í C-HLUTA RÍKISREIKNINGS .......... 96
TAFLA 55 FJÁRMÁLASTOFNANIR Í D-HLUTA RÍKISREIKNINGS .......... 98
TAFLA 56 HLUTAFÉLÖG OG SAMEIGNARFÉLÖG Í E-HLUTA RÍKISREIKNINGS .......... 98
TAFLA 57 SAMSETNING FJÁRHEIMILDA VEGNA GJALDA ÁRIÐ 2000 .......... 116
TAFLA 58 FJÁRHEIMILDIR OG ÚTKOMA ÁRIÐ 2000 .......... 124

# 1 Inngangur

Í áritun ríkisendurskoðanda á ríkisreikning fyrir árið 2000 er vísað til skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings sem hér liggur fyrir. Í skýrslunni er gerð grein fyrir endurskoðun reikningsins og settar fram athugasemdir og ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, kveða m.a. á um að fjárhagsendurskoðun skuli samkvæmt góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

- Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.
- Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.
- Að votta og kanna áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Á síðustu árum hefur Ríkisendurskoðun beitt sér fyrir því að stofnanir í A-hluta ríkisreiknings gefi út ársreikninga sína með áritun um endurskoðun. Er nú svo komið að stefnt er að því að innan tveggja ára verði allar stofnanir í A-hluta farnar að birta ársreikninga. Vegna ársins 1999 voru ársreikningar sem áritaðir voru af Ríkisendurskoðun eða löggiltum endurskoðendum í umboði hennar alls 174. Áritaðir ársreikningar vegna ársins 2000 voru hins vegar alls 317 og hefur þeim því fjölgað um 143 milli ára, eða rúm 82%.

**Tafla 1 Fjöldi endurskoðaðra stofnana og fjárlagaliða 2000**

| | Endurskoðað af Ríkisendurskoðun | Endurskoðað af öðrum | Endurskoðað samtals | Ársreikningar |
|---|---|---|---|---|
| 2000 | 248 | 75 | 323 | 317 |
| 1999 | 158 | 83 | 241 | 174 |
| 1998 | 148 | 85 | 233 | 129 |

Ríkisendurskoðandi gerir fyrirvara um réttmæti fjárheimilda í áritun sinni á ríkisreikning fyrir árið 2000. Að mati Ríkisendurskoðunar endurspegla þær fjárheimildir sem tilgreindar eru í reikningnum ekki þær heimildir til útgjalda sem Alþingi hefur samþykkt eða sem heimilar eru skv. 2. mgr. 37. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkissjóðs. Munar þar mestu um að tilgreindar eru sem heimildir tillögur um breytingar á fjárheimildum sem Alþingi á ennþá eftir að fjalla um og samþykkja í lokafjárlögum. Gerður var sams konar fyrirvari í áritun á ríkisreikning 1999. Hins vegar má geta þess að framsetning upplýsinga í ríkisreikningi hefur breyst lítillega milli ára. Þannig hefur fjárheimildadálkur í ríkisreikningi 2000 fengið yfirskriftina ,,fjárheimildir/frumvarp til lokafjárlaga", sem ber með sér að fjárhæðir sem þar eru gefnar upp séu samtala fjárheimilda ársins og tillagna um framlög skv. frumvarpi til lokafjárlaga. Ríkisendurskoðun bendir á að þrátt fyrir breytinguna vantar enn nokkuð upp á að framsetning upplýsinga í reikningum sé í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga. Eftir sem áður er ekki ljóst í reikningnum hverjar fjárheimildir ársins eru, þ.e. í skilningi fjárreiðulaga, og því ekki unnt að bera heimildir saman við útkomu. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að á þessu verði ráðin bót svo tryggt verði að framsetning upplýsinga í ríkisreikningi verði að fullu í samræmi við lög og veiti glögga yfirsýn um rekstur og fjármál ríkisins.

Í skýrslunni er vakin athygli á stöðugri aukningu skulda ríkissjóðs en þær námu samtals tæplega 413 ma.kr. í árslok 2000 og höfðu þá aukist um tæplega 30 ma.kr. á árinu. Í því sambandi vegur mikil hækkun lífeyrisskuldbindinga þungt. Í árslok 2000 námu lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs samtals 163 ma.kr. en voru 137 ma.kr. í árslok 1999 og höfðu hækkað um 26 ma.kr milli ára. Nýjar skuldbindingar á árinu námu alls 37 ma.kr. en voru rúmir 22 ma.kr. á árinu 1999. Aukning nýrra skuldbindinga á einkum rætur að rekja til þess að á árinu var gengið frá nýjum kjarasamningum við kennara í grunn- og framhaldsskólum. Um var að ræða kerfisbreytingu þannig að yfirvinnu- og aukagreiðslur voru felldar inn í dagvinnulaun. Athygli skal vakin á því að lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs hafa aukist um rúma 68 ma.kr. frá 1997 eða um 72% á aðeins þremur árum. Ástæðan er sú að á tímabilinu hafa verið gerðir kjarasamningar við fjölmörg stéttarfélög opinberra starfsmanna sem hafa haft í för með sér verulega hækkun grunnlífeyris.

Í skýrslunni er birtur samanburður á útgjöldum stofnana og fjárlagaliða við þær fjárheimildir sem í gildi voru á árinu 2000. Ljóst er að margar stofnanir hafa ekki virt fjárheimildir sínar. Enn má finna dæmi um stofnanir sem árum saman hafa komist upp með að virða ekki fjárheimildir. Að mati Ríkisendurskoðun er brýnt að tekið sé á þessu vandamáli. Minnt skal á ábyrgð forstöðumanna og stjórna í þessu sambandi skv. 49. gr. fyrrnefndra laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins og 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það er að sjálfsögðu Alþingis að ákveða hvort stofnanir skuli veita meiri og dýrari þjónustu en núverandi fjárheimildir þeirra gera ráð fyrir. Það getur með engum hætti talist eðlileg fjármálastjórn né í samræmi við gildandi lög að samþykkja ár eftir ár viðbótarfjárheimildir til umræddra stofnana löngu eftir að þær hafa stofnað til heimildarlausra útgjalda.

Einnig er bent á að í tilvikum nokkurra stofnana og fjárlagaliða hafa safnast upp ónotaðar fjárheimildir, jafnvel yfir nokkurra ára tímabil. Á það m.a. við um ýmsa safnliði ráðuneytanna. Ljóst er að ýmsar ástæður geta legið að baki því að rekstur stofnana skilar afgangi, t.d. frestun verkefna eða framkvæmda. Hins vegar getur ekki talist eðlilegt að rekstur skili afgangi ár eftir ár. Í slíkum tilvikum þarf að fara fram mat á því hvort rekstrargrunnur hlutaðeigandi stofnunar hafi verið ofáætlaður. Þegar um er að ræða safnliði ráðuneyta telur Ríkisendurskoðun eðlilegt að ónýttar fjárheimildir séu felldar niður í árslok.

Endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2000 var í meginatriðum hagað með sama hætti og í fyrra. Að þessu sinni var samhliða hefðbundinni fjárhagsendurskoðun lögð áhersla á að kanna sérstaklega nokkra mismunandi þætti í stjórnun og rekstri stofnana. Sjónum var beint að fjármálastjórn stofnana (einkum gerð og notkun rekstraráætlana), samningum þeirra við fyrirtæki á einkamarkaði um öflun og/eða rekstur á tölvubúnaði, fyrirkomulag launamála, meðferð tekna, og innra eftirlit.

Hægt er að skipta endurskoðun ríkisreiknings í nokkra hluta. Þannig felst endurskoðun á A-hluta ríkisreiknings í stórum dráttum í staðfestingum og afstemmingum á eigna- og skuldaliðum sem tilgreindir eru í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Skatttekjur og aðrar tekjur sem tilgreindar eru í rekstrarreikningi ríkissjóðs eru stemmdar af við bókhalds-

kerfið og skilagreinar frá innheimtumönnum ríkissjóðs. Afskriftir skatt-krafna eru athugaðar sérstaklega. Þá felst endurskoðun á A-hluta í athugun á bókhaldi og fjárreiðum þeirra stofnana sem teljast til þessa hluta ríkisreiknings og beinist hún að gjaldaliðum, sértekjum og eigna-skráningu. Sumar stofnanir eru endurskoðaðar árlega en aðrar á tveggja, þriggja eða ennþá lengra árabili eftir því hve mikil áhætta er talin felast á mistökum og misferli.

# 2 Afkoma og fjárhagsstaða ríkissjóðs

Afkoma ríkissjóðs var lakari á árinu 2000 en árið á undan. Ríkissjóður var rekinn með 4,3 ma.kr. tekjuhalla á síðasta ári en árið 1999 var afgangur af rekstrinum samtals að fjárhæð 23,6 ma.kr. Afkoman var mun lakari en fjárlög gerðu ráð fyrir en þau gerðu ráð fyrir 16,7 ma.kr. tekjuafgangi.

Tekjuhalli ríkissjóðs á árinu 2000 nam 1,9% af tekjum ársins en til samanburðar nam afgangurinn árið á undan 10,6% af tekjum þess árs. Tekjur ríkissjóðs hækkuðu óverulega milli áranna 1999 og 2000. Hækkunin nam aðeins um rúmlega 2 ma.kr. sem er innan við 1%. Miðað við þróun síðustu ára er hér um veruleg umskipti að ræða. Á tímabilinu 1995 til 1999 hækkuðu tekjur ríkissjóðs að meðaltali um 27,1 m.kr. milli ára. Mesta hækkun tekna var milli áranna 1998 og 1999, alls 41,8 ma.kr. eða 23,1%.

Útgjöld ríkissjóðs hækkuðu milli áranna 1999 og 2000 um samtals tæplega 30 ma.kr. eða 15,0%. Um er að ræða mun meiri aukningu en varð milli áranna 1998 og 1999. Þá jukust útgjöld ríkissjóðs um 9,4 ma.kr. eða 4,9%.

Við samanburð á afkomu ríkissjóðs milli ára er rétt að hafa eftirfarandi í huga:

- Tekjur af sölu eigna voru óverulegar á árinu 2000 en vógu þungt á árinu 1999. Alls skilaði sala eigna 11,1 ma.kr. í ríkissjóð á árinu 1999 en einungis 600 m.kr. á síðasta ári.
- Kostnaður vegna gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga jókst milli ára um 12 ma.kr. Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga nam 24,9 ma.kr. á árinu 2000 en 12,9 ma.kr. á árinu 1999. Nýir kjarasamningar við grunn- og framhaldsskólakennara vega þungt í þessu sam-

bandi. Samtals hækkaði gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga um 14,1 ma.kr. vegna þeirra.

- Mikil hækkun varð á afskriftum skattkrafna ríkissjóðs. Við athugun hefur komið í ljós að skattkröfur ríkissjóðs hafa verið ofmetnar hin síðari ár. Afskriftir slíkra krafna hækkuðu um 11,4 ma.kr. á árinu 2000, sem er tæpum 7 ma.kr. hærri fjárhæð en afskrifuð var á árinu 1999.

Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings ársins 1999 lét Ríkisendurskoðun í ljós áhyggjur af því að þrátt fyrir hagstæð ytri skilyrði undanfarin ár, hafa skuldir ríkissjóðs haldið áfram að vaxa. Með hliðsjón af því að eftirspurn í hagkerfinu fer nú þverrandi, sem m.a. kemur fram í hægari vexti tekna ríkissjóðs, telur stofnunin sérstaka ástæðu til að ítreka þessar áhyggjur. Heildarskuldir ríkissjóðs námu tæpum 413 ma.kr. í árslok 2000 og höfðu hækkað um rúmlega 29 ma.kr. frá árinu á undan. Hækkun skulda stafar fyrst og fremst af aukningu lífeyrisskuldbindinga sem ríkissjóður ábyrgist. Að vísu hafa stjórnvöld notað hluta þess svigrúms sem betri afkoma ríkissjóðs hefur skapað til að greiða niður skuldir en það hefur ekki nægt til að vega upp á móti mikilli hækkun lífeyrisskuldbindinga á undanförnum árum. Nánar er fjallað um þróun og horfur vegna lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs á öðrum stað í skýrslunni.

Bókfærður höfuðstóll (eigið fé) í ríkisreikningi sýnir mismun á annars vegar peningalegum eignum og eignarhlutum ríkissjóðs í ríkisfyrirtækjum og hlutafélögum, og hins vegar skuldum ríkissjóðs. Segja má að neikvæður höfuðstóll jafngildi ráðstöfun á framtíðartekjum ríkissjóðs. Í árslok 2000 var höfuðstóll ríkissjóðs neikvæður um 198 ma.kr. og hafði staðan versnað um 26,5 ma.kr. frá árinu 1999.

Endurmat á efnahagsreikningi ríkissjóðs er fært beint höfuðstól en ekki í rekstrarreikning eins og tíðkast í reikningsskilum fyrirtækja. Endurmatsbreytingar sem ekki koma fram í rekstrarreikningi geta þannig haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs á hverjum tíma. Breyting á höfuðstól frá ári til árs gefur allgóða mynd af þróun fjárhagsstöðu ríkissjóðs frá einu uppgjörstímabili til annars. Höfuðstóll ríkissjóðs breyttist þannig á árinu 2000:

**Tafla 2 Höfuðstóll ríkissjóðs (A-hluta) 2000**

| Í m.kr. | |
|---|---|
| Staða í ársbyrjun | (171.609) |
| Leiðrétting höfuðstóls í ársbyrjun | (266) |
| | |
| Endurmat: | |
| Veltufjármunir | (61) |
| Langtímakröfur | 3.824 |
| Langtímaskuldir | (28.801) |
| Endurmat peningalegra liða samtals | (25.038) |
| Endurmat hlutabréfa og stofnfjár | 3.098 |
| Endurmat samtals | (21.940) |
| Tekjujöfnuður ríkissjóðs árið 2000 | (4.286) |
| Staða í árslok | (198.101) |

Eiginfjárstaða ríkissjóðs var neikvæð um 171,6 ma.kr. í ársbyrjun 2000 en var neikvæð um 198,1 m.kr. í árslok. Staðan versnaði því á árinu um 26,5 ma.kr. eða 15,4%. Meginskýringin er endurmatshækkun langtímaskulda og skuldbindinga að fjárhæð alls um 28,8 m.kr. Sú hækkun er til komin vegna óhagstæðrar gengisþróunar og verðbólgu innanlands þar sem langtímaskuldir eru ýmist verðtryggðar eða eru í erlendri mynt. Auk þess eru inn í þessari aukningu lífeyrisskuldbindingar en endurmatshækkun þeirra nam 12,6 ma.kr.

Á móti þessari hækkun skulda kemur endurmatshækkun langtíma-krafna og langtímaeigna að fjárhæð samtals um 6,9 ma.kr. Leiðrétting höfuðstóls í ársbyrjun 2000 að fjárhæð 266 m.kr. er vegna niður-fellingar höfuðstóls Landgræðslusjóðs að fjárhæð 141 m.kr. og breytingar á höfuðstól Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 112 m.kr., auk leiðréttingar vegna endurlána að fjárhæð 12 m.kr. Loks má nefna að rekstrarhalli ríkissjóðs á árinu, þ.e. tekjujöfnuður, nam alls um 4,3 ma.kr. til lækkunar eigin fjár.

# Þróun ríkisfjármála frá 1995

Í þeim töflum sem á eftir koma er sýnd þróun ýmissa stærða úr ríkis-reikningi síðustu sex árin. Í því sambandi ber að hafa hugfast að reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru við gerð ríkisreiknings var breytt frá og með árinu 1998 í kjölfar nýrra laga um fjárreiður ríkis-sjóðs. Hafði það m.a. þau áhrif að ýmsir liðir hækkuðu bæði tekna- og gjaldamegin í rekstrarreikningi, auk þess sem bókfært verðmæti eigna-

hluta ríkissjóðs í stofnunum og fyrirtækjum utan hans hækkaði. Breytingar þessar höfðu hins vegar ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

**Tafla 3 Rekstur og efnahagur ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000**

| *Í m.kr.* | *Tekjur* | *Gjöld* | *Tekjuafgangur (tekjuhalli)* | *Eignir* | *Skuldir* | *Eigið fé* |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 224.715 | 229.001 | (4.286) | 214.847 | 412.948 | (198.101) |
| 1999 | 222.633 | 199.002 | 23.631 | 212.240 | 383.848 | (171.609) |
| 1998 | 180.846 | 189.636 | (8.789) | 184.502 | 380.921 | (196.420) |
| 1997 | 144.828 | 134.586 | 10.242 | 136.007 | 367.400 | (231.394) |
| 1996 | 128.281 | 136.978 | (8.697) | 115.057 | 353.723 | (238.666) |
| 1995 | 114.190 | 129.356 | (15.166) | 106.504 | 330.776 | (224.272) |

Efnahagsreikningur ríkissjóðs sýnir stöðu veltufjármuna, langtímakrafna og eignarhluta í fyrirtækjum sem ríkið á hlut í. Varanlegir rekstrarfjármunir, t.d. fasteignir, bifreiðar, áhöld og tæki, eru hins vegar ekki eignfærðir í reikningsskil ríkissjóðs, heldur er kaupverð þeirra að fullu fært til gjalda á því ári sem þeirra er aflað (sjá um eignaskrá bls. 19). Í árslok 2000 nam verðmæti allra bókfærðra eigna ríkissjóðs sem færðar eru í efnahagsreikningi 214,8 ma.kr. Efnahagsreikningurinn sýnir ennfremur stöðu allra skulda sem ríkissjóður hefur stofnað til, en þær námu í árslok 2000 samtals 412,9 ma.kr. Mismunur eigna og skulda svarar til bókfærðs eigin fjár (höfuðstóls) ríkissjóðs og var það þannig neikvætt um 198 ma.kr. í árslok 2000.

Ástæða þess að staða eigin fjár batnaði umtalsvert á árinu 1998 er sú að eignir að verðmæti 51 ma.kr. voru færðar upp í efnahagsreikning ríkissjóðs í byrjun þess árs. Góð afkoma ríkissjóðs á árinu 1999 varð til þess að eiginfjárstaðan batnaði enn frekar á því ári. Að sama skapi olli neikvæður tekjujöfnuður á síðasta ári því að eiginfjárstaðan versnaði milli áranna 1999 og 2000.

## Langtímakröfur

Á eignahlið efnahagsreikningsins eru það langtímakröfur, eignarhlutir í fyrirtækjum og óinnheimtar ríkistekjur sem vega þyngst. Langtímakröfur ríkissjóðs námu 70,9 ma.kr. í árslok 2000. Einkum er hér um að ræða lán til ýmissa ríkisfyrirtækja og lánastofnana í B- og C-hluta ríkisreiknings, t.d. vegna Flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, Lánasjóðs

íslenskra námsmanna, Íbúðalánasjóðs og Byggðastofnunar. Frá 1996 hafa nýjar lántökur og afborganir sem innheimtast af eldri lánum nokkurn veginn haldist í hendur.

**Tafla 4 Langtímakröfur ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000**

| *Í m.kr.* | *Ný lán* | *Afborganir* | *Endurmat* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|
| 2000 | 5.439 | (7.689) | 3.822 | 70.919 |
| 1999 | 10.375 | (8.823) | 3.056 | 69.347 |
| 1998 | 7.809 | (10.209) | 1.860 | 64.738 |
| 1997 | 9.012 | (8.841) | 1.446 | 65.278 |
| 1996 | 12.865 | (14.168) | 902 | 63.661 |
| 1995 | 17.326 | (8.608) | (38) | 64.063 |

## Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum

Bókfært verðmæti eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum nam 74,6 ma.kr. í árslok 2000. Stærstu eignahlutar voru í Seðlabanka Íslands en hann var bókfærður á 14,8 ma.kr., í Landsvirkjun á tæpa 13,5 ma.kr., í Landssíma Íslands hf. á 7,9 ma.kr., í Íbúðalánasjóði á 5,7 ma.kr., Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins á 5,4 ma.kr., Landsbanka Íslands hf. á 5,2 ma.kr. og Búnaðarbanka Íslands hf. á 3,3 ma.kr.

**Tafla 5 Eignarhlutar ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000**

| *Í m.kr.* | *Kaup* | *Sala* | *Hagnaður (tap)* | *Endurmat og niðurfærsla* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 3.246 | (57) | (24) | 3.099 | 74.657 |
| 1999 | 165 | (6.430) | | 8.318 | 68.393 |
| 1998 | 3.641 | (7.733) | 2.071 | 37.536 | 66.340 |
| 1997 | 18.221 | (2.250) | 56 | (479) | 30.825 |
| 1996 | 7.898 | (128) | 12 | 13 | 15.276 |
| 1995 | 309 | (154) | | (67) | 7.481 |

## Óinnheimtar ríkistekjur

Óinnheimtar ríkistekjur námu 46 ma.kr. í árslok 2000. Fram til ársins 1998 voru afskrifaðar kröfur dregnar frá bókfærðum tekjum ársins, en hafa verið færðar til gjalda í ríkisreikningi frá og með 1998. Í töflunni

að neðan hafa tekjutölur fyrir 1995 - 1997 verið leiðréttar með tilliti til þessa.

**Tafla 6 Óinnheimtar ríkistekjur 1995 - 2000**

| Í m.kr. | Tekjur ársins | Innheimtar tekjur | Afskriftir og efnahagsfærslur | Staða í árslok |
|---|---|---|---|---|
| 2000 | 221.547 | (210.709) | (11.350) | 46.032 |
| 1999 | 206.555 | (190.064) | (4.542) | 46.544 |
| 1998 | 176.801 | (163.582) | (4.758) | 34.595 |
| 1997 | 139.812 | (132.514) | (4.531) | 26.137 |
| 1996 | 132.096 | (128.154) | (3.909) | 23.370 |
| 1995 | 120.082 | (114.514) | (5.892) | 23.337 |

## Hreint veltufé

Hreint veltufé eru veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum. Hreint veltufé ríkissjóðs nam 28,6 ma.kr. í árslok 2000. Greiðslustaða ríkissjóðs hefur batnað eins og veltufjárhlutfallið sýnir.

**Tafla 7 Veltufjármunir og skammtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000**

| Í m.kr. | Veltufjármunir | Skammtímaskuldir | Hreint veltufé | Veltufjárhlutfall |
|---|---|---|---|---|
| 2000 | 77.567 | 48.970 | 28.597 | 1,6 |
| 1999 | 81.815 | 54.722 | 27.093 | 1,5 |
| 1998 | 60.599 | 58.052 | 2.547 | 1,0 |
| 1997 | 46.041 | 61.388 | (15.347) | 0,8 |
| 1996 | 43.970 | 57.504 | (13.534) | 0,8 |
| 1995 | 41.640 | 55.834 | (14.194) | 0,7 |

## Varanlegir rekstrarfjármunir

Eins og áður segir hafa varanlegir rekstrarfjármunir ekki verið færðir til eignar í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Hins vegar hefur um nokkurra ára skeið verið unnið að því að taka saman heildstæða eignaskrá yfir varanlega rekstrarfjármuni ríkisins og birta upplýsingar úr henni í séryfirliti með ríkisreikningi. Í ríkisreikningi fyrir árið 2000 kemur fram að bókfært verðmæti eigna sem skráðar eru í eignaskrá hafi numið 13,6 ma.kr. en það var 11,5 ma.kr. í uppgjöri ársins 1999. Sundurliðun er sýnd í neðangreindri töflu, en tekið skal fram að heildstæðar upp-

lýsingar um verðmæti fasteigna í eigu ríkissjóðs liggja ekki fyrir. Ætla má að verðmæti fasteigna ríkissjóðs hlaupi á tugum milljarða. Sundurliðun eignaflokka má finna í séryfirliti 3 sem fylgir ríkisreikningi.

**Tafla 8 Varanlegir rekstrarfjármunir ríkissjóðs (A-hluta) árið 2000**

| *Í m.kr.* | *Kaup ársins* | *Endurmat ársins* | *Afskriftir ársins* | *Verðmæti í árslok* | *Verðmæti í árslok 1999* |
|---|---|---|---|---|---|
| Hús- og skrifstofubúnaður | 710 | 5 | (594) | 1.870 | 1.506 |
| Áhöld og tæki | 224 | 92 | (228) | 898 | 764 |
| Lækninga- og rannsóknatæki | 311 | 325 | (962) | 3.354 | 3.483 |
| Skip og flugvélar | 1.741 | 396 | (303) | 5.484 | 3.914 |
| Bifreiðar | 226 | 59 | (170) | 1.058 | 940 |
| Vinnuvélar og tæki | 68 | 122 | (85) | 587 | 551 |
| Aðrar eignir | 56 | 13 | (3) | 420 | 313 |
| | 3.337 | 1.012 | (2.344) | 13.671 | 11.472 |

## Langtímaskuldir[1]

Langtímaskuldir ríkissjóðs fara stöðugt hækkandi, sérstaklega vegna mikillar aukningar lífeyrisskuldbindinga eins og áður er komið fram. Langtímaskuldir ríkissjóðs námu þannig 369 ma.kr. í árslok 2000 og hafa hækkað um 36,8 ma.kr. milli ára. Taflan að neðan sýnir þróun langtímaskulda frá árinu 1995 en þær hafa hækkað um 91 ma.kr. frá þeim tíma, eða 33%.

**Tafla 9 Langtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000**

| *Í m.kr.* | *Ný lán* | *Afborganir* | *Endurmat* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|
| 2000 | 64.715 | (55.834) | 27.934 | 369.083 |
| 1999 | 40.117 | (48.733) | 11.597 | 332.268 |
| 1998 | 47.138 | (40.003) | 13.812 | 329.287 |
| 1997 | 28.679 | (24.363) | 4.533 | 308.336 |
| 1996 | 57.881 | (43.733) | 7.359 | 299.489 |
| 1995 | 33.695 | (15.395) | 13.877 | 277.981 |

Taflan að neðan sýnir þróun annarra langtímaskulda ríkissjóðs en lífeyrisskuldbindinga á undanförnum árum. Þær námu samtals 206

[1] Hér er fjallað um tekin löng lán ríkissjóðs en afborgunum næsta árs og langtímavöxtum er sleppt.

ma.kr. í árslok 2000 og hafa hækkað um tæplega 11 ma.kr. milli ára. Hlutfall innlendra skulda af heildarupphæð langtímaskulda (þ.e. án lífeyrisskuldbindinga) hefur lækkað úr um 35% árið 1995 í um 32% árið 2000, en hlutfall erlendra skulda hefur að sama skapi hækkað úr um 65% árið 1995 í um 68% árið 2000.

**Tafla 10 Langtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) án lífeyrisskuldbindinga 1995 - 2000**

| *Í m.kr.* | *Ný lán* | *Afborganir* | *Endurmat* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|
| 2000 | 39.838 | (44.070) | 15.378 | 206.075 |
| 1999 | 27.244 | (38.454) | 1.998 | 194.930 |
| 1998 | 25.140 | (37.538) | 3.122 | 204.142 |
| 1997 | 24.683 | (23.443) | 3.084 | 213.418 |
| 1996 | 54.278 | (42.795) | 1.029 | 209.095 |
| 1995 | 30.022 | (14.676) | (508) | 196.582 |

Taflan að neðan sýnir breytingar sem orðið hafa á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs á hverju ári frá 1995 og stöðu þeirra í lok árs. Gríðarleg hækkun varð á lífeyrisskuldbindingum á árinu 1998, aðallega vegna breytinga á launakerfi ríkisins sem fólu í sér að fastar aukagreiðslur af ýmsu tagi voru felldar inn í föst mánaðarlaun. Reglur um lífeyrisgreiðslur meirihluta ríkisstarfsmanna kveða á um að lífeyrir skuli reiknast sem ákveðið hlutfall fastra launa og því hafði þessi breyting víðtækar afleiðingar á skuldastöðu ríkissjóðs þar sem lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um 30,2 ma.kr. á milli ára eða nærfellt 32%. Til samanburðar má geta þess að launagjöld ríkisins hækkuðu á sama tíma um 9,4 ma.kr. sem svarar til 23,2% hækkunar frá árinu áður. Breytingar á kjarasamningum ríkisstarfsmanna fólu því í sér nálægt 40 ma.kr. áhrif á ríkisfjármálin á árinu 1998.

**Tafla 11 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000**

| *Í m.kr.* | *Nýjar á árinu* | *Greitt* | *Endurmat* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|---|
| 2000 | 24.877 | (11.764) | 12.556 | 163.007 |
| 1999 | 12.873 | (2.416) | 9.599 | 137.338 |
| 1998 | 21.998 | (2.465) | 10.690 | 125.145 |
| 1997 | 3.996 | (920) | 1.449 | 94.918 |
| 1996 | 3.603 | (938) | 6.330 | 90.394 |
| 1995 | 3.673 | (719) | 14.385 | 81.399 |

### Eigið fé

Í töflunni að neðan er sýnd þróun bókfærðs eigin fjár (höfuðstóls) ríkissjóðs undanfarin sex ár. Áður hefur komið fram að neikvæð staða eigin fjár lækkaði árið 1998 vegna endurmats eignarhluta í fyrirtækjum.

**Tafla 12 Eigið fé ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000**

| *Í m.kr.* | *Endurmat* | *Tekjujöfnuður* | *Staða í árslok* |
|---|---|---|---|
| 2000 | (22.206) | (4.286) | (198.101) |
| 1999 | 1.180 | 23.631 | (171.608) |
| 1998 | 43.764 | (8.789) | (196.419) |
| 1997 | (2.971) | 10.242 | (231.394) |
| 1996 | (5.696) | (8.697) | (238.665) |
| 1995 | (13.788) | (15.166) | (224.272) |

### Sjóðstreymi

Eins og almennt tíðkast við gerð reikningsskila er ríkissjóður gerður upp á rekstrargrunni. Í því felst að allar tekjur sem falla til á árinu og öll gjöld sem stofnað er til á árinu færast í rekstrarreikning, óháð því hvort tekjurnar hafa verið innheimtar og gjöldin greidd í árslok. Yfirliti um sjóðstreymi, sem er hluti ríkisreikningsins, er m.a. ætlað að veita upplýsingar um greiðsluhreyfingar ársins. Sjóðstreymið sýnir handbært fé frá rekstri, en það eru þeir fjármunir sem rekstur ríkissjóðs á árinu skilar eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum. Handbært fé frá rekstri svarar þannig til þess sem kalla má greiðsluafkomu ríkissjóðs. Á árinu 2000 skilaði rekstur ríkissjóðs 17,5 ma.kr. í

handbæru fé. Það er svipuð niðurstaða og árið 1999 en þá nam handbært fé frá rekstri 17,0 ma.kr. Jafnan er talsverður munur á tekjuafgangi og handbæru fé frá rekstri, ekki síst vegna mikilla gjaldfærðra lífeyrisskuldbindinga.

**Tafla 13 Handbært fé frá rekstri 1995 - 2000**

| *Í m.kr.* | *Tekjuafgangur (tekjuhalli)* | *Handbært fé frá rekstri* |
|---|---|---|
| 2000 | (4.286) | 17.506 |
| 1999 | 23.631 | 17.015 |
| 1998 | (8.789) | 11.657 |
| 1997 | 10.242 | 1.630 |
| 1996 | (8.697) | (10.628) |
| 1995 | (15.166) | (5.172) |

Á árabilunum 1995 - 1997 var ekki gert sjóðstreymi fyrir A-hluta ríkissjóðs og er því hér um að ræða að hluta til áætlaðar fjárhæðir fyrir þau ár.

## Lánsfjárjöfnuður

Í umfjöllun um ríkisfjármál ber hugtökin lánsfjárjöfnuð, lánsfjárþörf og lánsfjárafgang jafnan á góma. Lánsfjárjöfnuður getur bæði verið jákvæður og neikvæður. Lánsfjárþörf er neikvæður lánsfjárjöfnuður og er notuð til að lýsa þörf ríkissjóðs fyrir lánsfé til að fjármagna greiðsluhalla, nýjar lánveitingar umfram innheimtar afborganir, greiðslu afborgana af skuldum og breytingu á handbæru fé. Lánsfjárafgangur er hins vegar jákvæður lánsfjárjöfnuður og er mælikvarði á hversu mikið fé ríkissjóður hefur til ráðstöfunar til að greiða niður skuldir á árinu.

Rétt er að fram komi að lánsfjárjöfnuður byggir á greiðsluhreyfingum þannig að einungis lánahreyfingar sem hafa áhrif á sjóðstöðu ríkissjóðs eru teknar með. Hækkun reiknaðra skuldaliða eins og lífeyrisskuldbindinga hefur ekki áhrif á lánsfjárjöfnuðinn.

**Tafla 14 Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs (A-hluta) 1995 - 2000**

| *Í m.kr.* | *Lántökur* | *Afborganir* | *Lántökur umfram afborganir* | *Lækkun (hækkun) á handbæru fé* | *Lánsfjárþörf (lánsfjárafgangur)* |
|---|---|---|---|---|---|
| 2000 | 80.932 | 89.112 | (8.180) | (1.476) | (9.475) |
| 1999 | 61.613 | (78.250) | (16.637) | (2.482) | (19.119) |
| 1998 | 71.021 | (80.531) | (9.510) | (7.316) | (16.826) |
| 1997 | 89.943 | (92.592) | (2.649) | (176) | (2.825) |
| 1996 | 121.302 | (110.229) | 11.073 | 888 | 11.961 |
| 1995 | 78.549 | (61.572) | 16.977 | 1.482 | 18.459 |

## Tafla 15 Rekstrarreikningur ríkissjóðs (A-hluta)

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjur | | | | |
| Skatttekjur: | | | | |
| Skattar á tekjur einstaklinga | 44.125 | 37.987 | 6.138 | 16,2 |
| Skattar á tekjur lögaðila | 9.679 | 9.126 | 553 | 6,1 |
| Aðrir skattar á tekjur | 5.791 | 5.930 | (139) | (2,3) |
| Tryggingagjöld | 19.680 | 17.787 | 1.893 | 10,6 |
| Eignarskattar | 9.872 | 8.450 | 1.422 | 16,8 |
| Virðisaukaskattur | 71.903 | 70.020 | 1.883 | 2,7 |
| Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar | 30.941 | 30.804 | 137 | 0,4 |
| Aðrir skattar á vöru og þjónustu | 8.122 | 7.209 | 913 | 12,7 |
| Aðrir skattar | 538 | 483 | 55 | 11,4 |
| Skatttekjur samtals | 200.651 | 187.796 | 12.855 | 6,8 |
| Rekstrartekjur: | | | | |
| Arðgreiðslur | 2.477 | 2.733 | (256) | (9,4) |
| Vextir og aðrar eignatekjur | 10.698 | 9.269 | 1.429 | 15,4 |
| Neyslu- og leyfisgjöld | 5.347 | 4.873 | 474 | 9,7 |
| Sektir | 508 | 589 | (81) | (13,8) |
| Rekstrartekjur samtals | 19.030 | 17.465 | 1.566 | 9,0 |
| Sala eigna | 635 | 11.140 | (10.505) | (94,3) |
| Fjárframlög | 1.231 | 1.294 | (63) | (4,9) |
| Endurmat á virði ríkisfyrirtækja | 3.167 | 4.938 | (1.771) | (35,9) |
| Tekjur samtals | 224.715 | 222.633 | 2.081 | 0,9 |
| Gjöld | | | | |
| Æðsta stjórn ríkisins | 2.149 | 1.876 | 273 | 14,6 |
| Forsætisráðuneyti | 1.459 | 1.689 | (230) | (13,6) |
| Menntamálaráðuneyti | 22.459 | 21.368 | 1.091 | 5,1 |
| Utanríkisráðuneyti | 4.807 | 3.635 | 1.172 | 32,2 |
| Landbúnaðarráðuneyti | 9.502 | 9.346 | 156 | 1,7 |
| Sjávarútvegsráðuneyti | 2.508 | 2.505 | 3 | 0,1 |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneyti | 11.574 | 10.797 | 777 | 7,2 |
| Félagsmálaráðuneyti | 11.266 | 11.483 | (217) | (1,9) |
| Heilbrigðis- og tryggingamálar. | 78.479 | 72.621 | 5.858 | 8,1 |
| Fjármálaráðuneyti | 48.981 | 30.431 | 18.550 | 61,0 |
| Samgönguráðuneyti | 13.315 | 11.908 | 1.407 | 11,8 |
| Iðnaðarráðuneyti | 2.631 | 1.853 | 778 | 42,0 |
| Viðskiptaráðuneyti | 1.404 | 1.278 | 126 | 9,9 |
| Hagstofa Íslands | 378 | 330 | 48 | 14,5 |
| Umhverfisráðuneyti | 2.842 | 2.550 | 292 | 11,5 |
| Fjármagnskostnaður | 15.245 | 15.332 | (87) | (0,6) |
| Gjöld samtals | 229.001 | 199.002 | 29.997 | 15,1 |
| Tekjuafgangur (tekjuhalli) | (4.286) | 23.631 | (27.916) | (118,1) |

## Tafla 16 Efnahagsreikningur ríkissjóðs (A-hluta) 31. desember

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Eignir | | | | |
| Langtímakröfur og áhættufjármunir: | | | | |
| Veitt löng lán | 70.919 | 69.347 | 1.572 | 2,3 |
| Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur | (8.297) | (7.316) | (981) | 13,4 |
| Hlutabréf og stofnfjárframlög | 74.658 | 68.393 | 6.265 | 9,2 |
| Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals | 137.280 | 130.425 | 6.856 | 5,3 |
| Veltufjármunir: | | | | |
| Vöru- og efnisbirgðir | 776 | 791 | (15) | (1,9) |
| Óinnheimtar ríkistekjur | 46.032 | 46.543 | (511) | (1,1) |
| Skammtímakröfur, aðrar | 5.632 | 11.811 | (6.179) | (52,3) |
| Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum | 8.297 | 7.316 | 981 | 13,4 |
| Handbært fé, nettó | 16.830 | 15.354 | 1.476 | 9,6 |
| Veltufjármunir samtals | 77.567 | 81.815 | (4.249) | (5,2) |
| Eignir samtals | 214.847 | 212.240 | 2.607 | 1,2 |
| Skuldir og höfuðstóll | | | | |
| Höfuðstóll: | | | | |
| Höfuðstóll í ársbyrjun | (171.875) | (196.420) | 24.545 | (12,5) |
| Endurmat | (21.940) | 1.180 | (23.120) | (1.959,3<br>) |
| Tekjujöfnuður | (4.286) | 23.631 | (27.917) | (118,1) |
| Höfuðstóll í árslok | (198.101) | (171.609) | (26.493) | 15,4 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 163.007 | 137.338 | 25.669 | 18,7 |
| Langtímaskuldir: | | | | |
| Áfallnir ógjaldfallnir vextir | 16.251 | 20.884 | (4.633) | (22,2) |
| Tekin löng innlend lán | 66.750 | 76.794 | (10.044) | (13,1) |
| Tekin löng erlend lán | 139.325 | 118.136 | 21.189 | 17,9 |
| Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir | (21.355) | (24.026) | 2.671 | (11,1) |
| Langtímaskuldir samtals | 200.971 | 191.788 | 9.183 | 4,8 |
| Skammtímaskuldir: | | | | |
| Krafa á ríkistekjur | 1.152 | 1.167 | (15) | (1,3) |
| Ógreidd gjöld (án vaxta) | 5.568 | 6.713 | (1.145) | (17,1) |
| Áfallnir ógjaldfallnir vextir | 6.846 | 4.251 | 2.595 | 61,0 |
| Tekin stutt lán | 6.205 | 10.153 | (3.948) | (38,9) |
| Aðrar skammtímaskuldir | 7.845 | 8.411 | (566) | (6,7) |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 21.355 | 24.026 | (2.671) | (11,1) |
| Skammtímaskuldir samtals | 48.970 | 54.722 | (5.750) | (10,5) |
| Skuldir samtals | 412.948 | 383.848 | 29.100 | 7,6 |
| Skuldir og höfuðstóll samtals | 214.847 | 212.240 | 2.607 | 1,2 |

## Tafla 17 Sjóðstreymi ríkissjóðs (A-hluta)

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrarhreyfingar: | | | | |
| Tekjujöfnuður | (4.286) | 23.631 | (27.917) | (118,1) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé: | | | | |
| Lífeyrisskuldbindingar | 21.875 | 10.457 | 11.418 | 109,2 |
| Afföll af teknum lánum | 2.540 | 3.734 | (1.194) | (32,0) |
| Áfallin ógjaldfallin vaxtagjöld langtímaskulda | (5.500) | 2.813 | (8.313) | (295,5) |
| Söluhagnaður af eignum | 24 | (10.459) | 10.483 | (100,2) |
| Tekjufærsla v/endurmats félaga | (3.167) | (4.938) | 1.771 | (35,9) |
| | 15.772 | 25.238 | (13.752) | (54,5) |
| Breyting rekstrartengdra eigna og skulda: | | | | |
| Afskrifaðar skattkröfur | 11.350 | 4.542 | 6.808 | 149,9 |
| Viðskiptakröfur | (5.697) | (17.518) | 11.821 | (67,5) |
| Viðskiptaskuldir | 367 | 4.752 | (4.385) | (92,3) |
| Handbært fé frá rekstri | 17.506 | 17.015 | 492 | 2,9 |
| Fjárfestingarhreyfingar: | | | | |
| Lánveitingar | (5.944) | (6.342) | 398 | (6,3) |
| Afborganir veittra lána | 9.235 | 8.907 | 328 | 3,7 |
| Fyrirfram greitt upp í langtímakostnað | (8.762) | (7.754) | (1.008) | 13,0 |
| Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög | (249) | (152) | (97) | 63,8 |
| Sala hlutabréfa og eignarhluta | 228 | 11.180 | (10.952) | (98,0) |
| Fjárfestingarhreyfingar samt. | (5.492) | 5.839 | (11.331) | (194,1) |
| Fjármögnunarhreyfingar: | | | | |
| Lántökur | 39.838 | 22.509 | 17.329 | 77,0 |
| Afborganir lána | (50.558) | (42.881) | (7.677) | 17,9 |
| Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga | 182 | (172) | 354 | (205,8) |
| Fjármögnunarhreyfingar samt. | (10.538) | (20.544) | 10.006 | (48,7) |
| Breyting handbærs fjár | 1.476 | 2.310 | (834) | (36,1) |
| Handbært fé í ársbyrjun | 15.354 | 13.044 | 2.310 | 17,7 |
| Handbært fé í árslok | 16.830 | 15.354 | 1.476 | 9,6 |

# 3 Efnahagur A-hluta ríkissjóðs

Í kaflanum er fjallað um endurskoðun efnahags A-hluta ríkissjóðs árið 2000. Í upphafi er fjallað um handbært fé, skammtímakröfur og skammtímaskuldir. Því næst um veitt og tekin lán, bæði hjá Endurlánum ríkissjóðs og þau lán sem fjármálaráðuneytið hefur sjálft umsjón með og eru bókfærð beint hjá Ríkisbókhaldi. Fjallað er um afskriftir krafna annarra en skattkrafna og afskriftareikning ríkissjóðs. Einnig er umfjöllun um langtímaskuldir ríkissjóðs.

Endurskoðun efnahags ríkissjóðs árið 2000 var hagað með eftirfarandi hætti:

- Sjóður var talinn um áramót og stimpilmerki hjá ríkisféhirði
- Farið var yfir afstemmingar bankareikninga
- Innra eftirlit var kannað og var í því sambandi stuðst við fyrri athuganir stofnunarinnar
- Farið var yfir viðskiptareikninga hjá Endurlánum ríkissjóðs
- Lagt var mat á niðurfærslu krafna
- Farið var yfir veitt lán ríkissjóðs í umsjá fjármálaráðuneytisins
- Uppgjör spariskírteina og annarra ríkisverðbréfa var kannað hjá Lánasýslu ríkisins

## Handbært fé ríkissjóðs

Handbært fé ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta nam alls 16,8 ma.kr. í árslok 2000 en var 15,4 ma.kr. árið á undan. Mestur hluti handbærs fjár ríkissjóðs er á bankareikningum hjá Seðlabanka Íslands. Ríkisendurskoðun gerði sjóðstalningu hjá ríkisféhirði í ársbyrjun 2001. Borin var saman niðurstaða talningar, gjaldkerakerfis og bókhalds. Engar athugasemdir voru gerðar.

Bankareikningar höfðu verið stemmdir af miðað við stöðu bankayfirlits í árslok 2000. Ríkisendurskoðun hefur yfirfarið bankaafstemmingarnar. Ekki eru gerðar athugasemdir við þær. Að mati Ríkisendurskoðunar er eðlilegt að endurmetin sé þörf fyrir þann mikla fjölda bankareikninga sem er í bókhaldi ríkissjóðs í ljósi nýjunga í bókhaldstækni og möguleikum á sundurliðun.

## Skammtímakröfur

Skammtímakröfur að frátöldum óinnheimtum ríkissjóðstekjum námu 5,6 ma.kr. í árslok 2000 og lækkuðu um 6,2 ma.kr. frá árinu á undan. Í þessari fjárhæð eru hvorki afborganir næsta árs af veittum lánum né óinnheimtar ríkistekjur og greiðslufrestur virðisaukaskatts í tolli.

**Tafla 18 Skammtímakröfur ríkissjóðs**

| Í m. kr. | 2000 | 1999 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Kröfur v/sölu hlutafjár í ríkisbönkum | 0 | 5.523 | (5.523) | - |
| Veitt stutt lán | 1 | 1.006 | (1.005) | - |
| Aðrar skammtímakröfur | 5.632 | 5.282 | 350 | 6,6% |
| | 5.633 | 11.811 | (6.178) | (52,3%) |
| Óinnheimtar ríkistekjur | 46.032 | 46.543 | (511) | (1,1%) |
| Samtals | 51.664 | 58.354 | (12.867) | (22,0%) |

Í töflunni hér að ofan kemur fram að útistandandi kröfur A-hluta stofnana lækkuðu verulega milli ára eða um 12,9 ma.kr. eða 22% sem skýrist að mestu af því að kröfur vegna sölu hlutafjáreignar ríkissjóðs í Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf. í desember 1999 greiddust upp á árinu 2000 en þær voru um 5,5 ma.kr. í upphafi ársins.

Lækkun veittra stuttra lána skýrist af uppgjöri við Landssímann hf. vegna endurmats eigna að fjárhæð 1 ma.kr. Skuldin var greidd á árinu 2000. Aðrar skammtímakröfur námu 5,6 ma.kr. í árslok 2000. Hér er að mestu um að ræða almenna viðskiptareikninga í A-hluta stofnunum. Óinnheimtar ríkistekjur námu 46 ma.kr. í árslok 2000 sem var svipuð fjárhæð og árið á undan.

Meðal skammtímakrafna eru gamlar kröfur Endurlána ríkissjóðs á Lánasýslu ríkisins að fjárhæð 229 m.kr. Hér er um að ræða innbyrðis kröfu innan A-hlutans sem þarf að færa á rétta liði.

## Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir ríkissjóðs í heild námu 49 ma.kr. í árslok 2000 og hafa lækkað um 5,8 ma.kr. frá 1999. Stærsti liðurinn eru áætlaðar afborganir langtímalána, að fjárhæð 21 ma.kr. Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun skammtímaskulda.

**Tafla 19 Skammtímaskuldir ríkissjóðs**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Krafa á ríkistekjur | 1.152 | 1.167 | (15) | (1,3%) |
| Ógreidd gjöld | 5.568 | 6.713 | (1.145) | (17,1%) |
| Áfallnir, ógjaldfallnir vextir | 6.846 | 4.251 | 2.595 | 61,0% |
| Tekin stutt lán | 6.205 | 10.153 | (3.948) | (38,9%) |
| Aðrar skammtímaskuldir | 7.845 | 8.411 | (566) | (6,7%) |
| Næsta árs afborganir langtímalána | 21.355 | 24.026 | (2.671) | (11,1%) |
| Samtals | 48.970 | 54.722 | (5.750) | (10,5%) |

Krafa á ríkistekjur nam 1,2 ma.kr. í árslok 2000 sem er svipuð fjárhæð og árið á undan. Hér er um að ræða skuld ríkissjóðs við ýmsa aðila sem innheimta markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur. Liðurinn ógreidd gjöld nam 5,6 ma.kr. í árslok. Lækkunin var 1,1 ma. frá fyrra ári eða 17%. Skuld vegna kaupa ríkissjóðs á húseignum Sjúkrahúss Reykjavíkur að fjárhæð 1,6 ma.kr. var greidd upp á árinu.

Áfallnir ógjaldfallnir vextir námu 6,8 ma.kr. í árslok. Þetta eru vextir sem koma til greiðslu innan eins árs. Staðan hækkaði um 2,6 ma.kr. frá árinu á undan. Hækkunin skýrist af mikilli hækkun vaxta spariskírteina sem hafa komið til greiðslu á árinu 2001. Tekin stutt lán eru að mestu ríkisvíxlar sem lækkuðu verulega á árinu 2000 og einnig lækkuðu þeir á árinu á undan. Síðar í skýrslunni er umfjöllun um ríkisvíxla.

Aðrar skammtímaskuldir lækkuðu um 0,6 ma.kr. frá fyrra ári og námu alls 7,8 ma.kr. í árslok. Þessi liður samanstendur af skuldum á

almennum viðskiptareikningum. Stærsti liðurinn er 2,3 ma.kr. afdregin staðgreiðsluskuld vegna launa.

# Veitt lán ríkissjóðs

**Tafla 20 Veitt lán ríkissjóðs, heildaryfirlit**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Mism.: | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 69.347 | 64.739 | 4.608 | 7,1% |
| Ný lán á árinu | 5.439 | 10.375 | (4.936) | (47,6%) |
| Afborganir | (7.689) | (8.823) | 1.134 | (12,9%) |
| Endurmat ársins | 3.822 | 3.056 | 765 | 25,0% |
| Staða í árslok | 70.919 | 69.347 | 1.572 | 2,3% |

Veitt lán ríkissjóðs jukust árið 2000 um 2,3% eins og fram kemur í töflunni hér að ofan. Ný lán námu 5 ma.kr. sem er lækkun frá árinu á undan um 48% en þá námu nýjar lánveitingar rúmlega 10 ma.kr. Nýjar lánveitingar voru nánast eingöngu hjá Endurlánum ríkissjóðs og námu rúmlega 5 ma.kr. Afborganir lána á árinu 2000 voru 1,1 ma.kr. lægri en árið á undan eða um 13%. Hafa ber í huga að framangreindar fjárhæðir og stöðutölur eru sýndar hér ,,nettó" þ.e. eftir að fjárhæðir á afskriftarreikningi hafa verið dregnar frá. Hækkun endurmats skýrist af gengisbreytingum sem áhrif hafa á lán sem tryggð eru í erlendri mynt. Veitt lán eru ýmist hjá Endurlánum ríkissjóðs, Ríkisbókhaldi eða hjá A-hluta stofnunum með aðskilinn efnahag.

### Veitt lán hjá Endurlánum ríkissjóðs

Veitt innlend endurlán eru í umsjá Lánasýslu ríkisins. Taflan hér að neðan sýnir stöðu lánanna og helstu breytingar á þeim 2000 og 1999.

**Tafla 21 Staða veittra lána ríkissjóðs hjá Endurlánum**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 38.584 | 36.076 | 2.508 | 7,0% |
| Ný lán á árinu | 5.201 | 6.116 | (915) | (15,0%) |
| Afborganir | (4.669) | (5.496) | 828 | (15,1%) |
| Endurmat ársins | 2.586 | 1.888 | 697 | 36,9% |
| Staða í árslok | 41.701 | 38.584 | 3.118 | 8,1% |

Langtímakröfur hjá Endurlánum ríkissjóðs námu alls 41,7 ma.kr í árslok 2000, í samanburði við 38,6 ma.kr. árið 1999. Endurmat lána hækkaði talsvert á árinu eða um 37%. Skýrist sú hækkun af því að hluti lánanna er í bandaríkjadollar en gengi hans hækkaði verulega á árinu 2000. Alls voru veitt ný lán á árinu 2000 að fjárhæð 5,2 ma.kr. samanborið við 6,1 ma.kr. árið á undan. Á árinu 2000 var mest veitt til Lánasjóðs Íslenskra námsmanna eða 3 ma.kr. Aðrar nýjar lánveitingar Endurlána ríkissjóðs árið 2000 voru: Lán til Byggingarnefndar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar sem nam 2,1 ma.kr. og lán til Alþjóðaflugþjónustunnar að fjárhæð 65 m.kr.

## Vanskil lána hjá Endurlánum ríkissjóðs

Í árslok 2000 námu vanskil hjá Endurlánum ríkissjóðs 100 m.kr. en skv. stöðulista í ágúst 2001 voru þau komin í 155 m.kr. Segja má að öll vanskilin séu tilkomin vegna veittra lána sem voru yfirtekin þegar Framkvæmdasjóður Íslands var lagður niður. Nú eru innheimtuaðgerðir hafnar hjá átta aðilum. Stærsta skuldin nemur samtals 572 m.kr og er hlutaðeigandi skuldari jafnframt með mestu vanskilin. Af öðrum lánum sem eru í vanskilum má nefna að í einu tilviki nema eftirstöðvar 24 m.kr.

Einnig liggur fyrir að innbyrðis kröfur milli A-hluta stofnana hafa ekki verið færðar út. Lagt er til að þetta verði lagfært hið fyrsta.

## Veitt lán önnur en hjá Endurlánum ríkissjóðs

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu lánveitinga ríkissjóðs sem bókfærðar eru hjá Ríkisbókhaldi án milligöngu Lánasýslu ríkisins. Þess skal getið að lánveitingar A-hluta stofnana með aðskilinn efnahag eru ekki taldar með hér.

**Tafla 22 Veitt löng lán ríkissjóðs, án endurlána**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Mism.: | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 29.894 | 27.283 | 2.611 | 9,6% |
| Ný lán á árinu | 135 | 4.175 | (4.041) | (96,8%) |
| Afborganir | (2.736) | (3.033) | 297 | (9,8%) |
| Endurmat ársins | 1.216 | 1.469 | (253) | (17,3%) |
| Staða í árslok | 28.509 | 29.894 | (1.385) | (4,6%) |

Staða lánanna í árslok lækkaði um 1,4 ma.kr. frá árinu á undan eða 4,6%. Fjárhæðin er að mestu lán til Landssímans hf. þar var um að ræða uppgjör við ríkissjóð vegna endurmats eigna við stofnun fyrirtækisins. Ný lán á árinu 2000 eru vegna fasteignaviðskipta, uppgjörs skattskulda og einkavæðingar.

## Afstemming lánakerfis og fjárhagsbókhalds

Afstemming lánakerfis ríkissjóðs og fjárhagsbókhalds á lánum í umsjá Ríkisbókhalds miðað við árslok 2000 sýnir mismun að fjárhæð 172 m.kr. eignamegin og 73 m.kr. skuldamegin. Meginskýringin eru fiskeldislán sem ekki eru bókfærð hjá Ríkisbókhaldi heldur eru þau í umsjá Byggðastofnunar. Annar mismunur hefur verið skýrður að mati Ríkisendurskoðunar. Má þar nefna skyldusparnað og gömul happdrættislán ríkisins sem ekki eru bókfærð í lánakerfi ríkisins. Eru þetta mismunur og verið hefur undanfarin ár.

## Afskriftir lána hjá ríkissjóði

Taflan hér að neðan sýnir stöðu afskriftareiknings ríkissjóðs fyrir 2000 og 1999. Afskriftareikningurinn er mótreikningur sem myndaður er vegna þeirrar áhættu sem talin er vera fólgin í þeim skuldabréfum og viðskiptakröfum sem ríkissjóður hefur fært til eignar. Afskriftareikningurinn byggist á mati og sýnir líklegt útlánatap. Reikningurinn sýnir ekki áætlað tap vegna skattkrafna. Um það tap er fjallað á öðrum stað í skýrslunni. Í árslok 2000 voru 373 m.kr. á afskriftareikningi. Fjallað er nánar um einstaka liði afskriftareikningsins í meðfylgjandi töflu.

**Tafla 23 Skipting afskriftareiknings ríkissjóðs 2000 og 1999**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Mism.: | % |
|---|---|---|---|---|
| Fiskeldislán hjá Byggðastofnun | 108 | 96 | 12 | 12% |
| Hlutafjárdeild Þróunarsjóðs sjávarútv. | 175 | 175 | - | - |
| Endurlán ríkissjóðs | 67 | 67 | 0 | 0% |
| Önnur veitt lán ríkissjóðs | 23 | 8 | 15 | - |
| Samtals | 373 | 346 | 27 | 7,7% |

Afskriftareikningur fiskeldisláná hjá Byggðastofnun er til kominn vegna sérstakra fiskeldisláná á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Lánin eru í umsjá Byggðastofnunar. Í upphafi ársins 2000 var staða afskrifta-reiknings lánanna 96 m.kr. en hækkaði um 12 m.kr. á árinu og endaði í 108 m.kr.

Afskriftareikningur hlutafjárdeildar Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er til kominn vegna hlutdeildarskírteina í eigu ríkissjóðs. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að afskriftareikningurinn sé endurmetinn reglulega þegar niðurstöður ársreiknings hlutafjárdeildar liggja fyrir.

Afskriftareikningur Endurláná ríkissjóðs breyttist ekki á árinu 2000. Hann hækkaði á árinu 1999 vegna yfirtöku endurláná á veittum lánum Framkvæmdasjóðs Íslands. Staðan á afskriftareikningi endurláná nam 67 m.kr. í árslok 2000 sem er óbreytt staða frá fyrra ári. Niðurstaðan fyrir árið 2000 varð sú að rétt væri að láta afskriftareikninginn standa í 22,8 m.kr. í árslok 2000.

# Langtímaskuldir

Langtímaskuldir ríkissjóðs námu 364 ma.kr. í árslok 2000 en voru 329 ma.kr. í árslok 1999. Hækkunin var því rúmlega 35 ma.kr. eða 11% eins og fram kemur í töflunni hér að neðan.

**Tafla 24 Staða langtímaskulda og skuldbindinga ríkissjóðs 2000 og 1999**

| Í m. kr. | 2000 | 1999 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbindingar[2] | 163.007 | 137.338 | 25.669 | 18,7% |
| Áfallnir ógjaldfallnir (langtíma) vextir | 16.251 | 20.884 | (4.633) | (22,2%) |
| Tekin löng innlend lán | 66.750 | 76.794 | (10.044) | (13,1%) |
| Erlend lán | 139.325 | 118.136 | 21.189 | 17,9% |
| - Næsta árs afborganir | (21.355) | (24.026) | 2.671 | (11,1%) |
| | 363.978 | 328.126 | 34.852 | 10,6% |

Lífeyriskuldbindingar hækkuðu verulega á árinu 2000 eða um tæplega 26 ma.kr. Nánar verður fjallað um lífeyrisskuldbindingar í sérstökum

[2] Eftir að tekið hefur verið tillit til aukaframlags ríkissjóðs upp í framtíðaskuldbindingar sínar.

kafla hér á eftir. Tekin innlend lán lækkuðu nokkuð. Má þar nefna spariskírteini sem lækkuðu í heild um 11 ma.kr. en erlend lán hækkuðu um 21 ma.kr.

## Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 163 ma.kr. í árslok 2000 en 137 ma.kr. árið á undan[3]. Hækkunin milli ára var 26 ma.kr. eða 19%.

**Tafla 25 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 2000 og 1999**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 137.338 | 125.145 | 12.193 | 9,7% |
| Nýjar skuldbindingar á árinu | 37.433 | 22.472 | 14.961 | - |
| Greiðslur ríkissjóðs á árinu | (11.764) | (10.279) | (1.485) | 14,4% |
| Staða í árslok | 163.007 | 137.338 | 25.669 | 18,7% |

Nýjar skuldbindingar voru 37 ma.kr. á árinu 2000 en tæplega 22 ma.kr. á árinu 1999. Hækkunin skýrist að miklu leyti af nýjum kjarasamningum við starfsmenn þar sem skuldbindingar miðast við föst laun. Af þessari hækkun nýrra skuldbindinga á árinu 2000 voru 24,9 ma.kr. færðar til gjalda í rekstrarreikningi en 12,6 ma.kr. fóru á endurmatsreikning.

Hækkunin á árinu 2000 eiga rætur að rekja til þess að á árinu var gengið frá nýjum kjarasamningum við kennara í grunn- og framhaldsskólum. Um er að ræða kerfisbreytingu þannig að yfirvinnu- og aukagreiðslur voru felldar inn í dagvinnulaun. Auk þess hafa verið gerðir hliðstæðir samningar við fjölmörg önnur stéttarfélög á undanförnum árum sem einnig hafa haft áhrif til hækkunar lífeyrisskuldbindinga. Við tryggingafræðilega úttekt á Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins vegna ársins 2000 var að fullu tekið tillit til þessara áhrifa þó að þau kæmu ekki til framkvæmda fyrr en á þessu ári.

[3] Hafa ber í huga að framsetning lífeyrisskuldbindinga breyttist með ríkisreikningi 2000 þannig að nú hafa innborganir ríkissjóðs inn á skuldbindingar verið dregnar frá í stað þess að koma fram sérstaklega sem eign.

Ríkisendurskoðun hefur áður gagnrýnt í endurskoðunarskýrslum að færsla á endurmatsreikning tekur ekki mið af almennum verðlagsbreytingum heldur launabreytingum opinberra starfsmanna.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs skiptust milli eftirtalinna lífeyrissjóða árið 2000 þar sem samtímaiðgjöld standa ekki undir fjármögnum sjóðanna nema að hluta til. Eftirfarandi tafla sýnir skiptinguna árin 1999 og 2000.

**Tafla 26 Skipting lífeyrisskuldbindinga milli lífeyrissjóða 2000 og 1999**

| Í m. kr. | 2000 | 1999 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins | 139.360 | 115.730 | 23.630 | 20% |
| Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga | 12.402 | 10.821 | 1.581 | 15% |
| Lífeyrissjóður alþingismanna | 3.286 | 3.316 | (30) | (1%) |
| Lífeyrissjóður ráðherra | 714 | 690 | 24 | 3% |
| Eftirlaun fyrrum starfsmanna Útvegsbanka | 2.831 | 2.780 | 51 | 2% |
| Lífeyrissj. sveitarfélaga v.samrekstrarstofnana | 4.413 | 4.000 | 413 | 10% |
| Samtals | 163.007 | 137.338 | 25.669 | 19% |

Eins og fram kemur í töflunni eru um 85% af lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs tilkomin vegna B-deildar starfsmanna ríkisins en tæplega 8% eru vegna Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Skuldbindingar vegna B-deildar Lífeyrissjóðsins hækkuðu einnig mest eða um 20% en skuldbindingar vegna lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga var hækkunin milli ára 15%. Aðrir liðir hækkuðu minna.

Á árinu 1999 var í fyrsta skipti færð inn 4 ma.kr. skuldbinding vegna samrekstrarstofnana sveitarfélaga. Sú fjárhæð sem færð var vegna ársins 2000 nam 4,4 ma.kr. og var hér einungis um uppfærslu að ræða á áætlun fyrra árs. Ekki hefur enn verið gengið frá endanlegu samkomulagi um hvernig skipta eigi þessum skuldbindingum milli ríkissjóðs og sveitarfélaga. Brýnt er að markvisst verði unnið að samkomulagi um skiptinguna.

## Innborganir

Aukaframlög ríkissjóðs byggjast á ákvörðun fjármálaráðherra frá 1999 um að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur upp í framtíðarskuldbindingar sínar við Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunar-

fræðinga. Aukaframlögin voru á síðasta ári bein fjárframlög en auk þess komu til skil ríkissjóðs á viðbótarframlagi sveitarfélaga vegna grunnskólakennara og viðbótariðgjöldum samkvæmt sérstakri ákvörðun. Á árinu 1999 var undirritaður sérstakur samningur milli Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra um hvernig farið skyldi með þessar greiðslur.

Í töflunni hér að neðan kemur fram að bein aukaframlög námu 8,6 ma.kr. á árinu 2000 en viðbótarframlag vegna grunnskólakennara, sem tengist eingöngu B-deild Lífeyrissjóðsins, nam 328 m.kr. Viðbótariðgjald A-hluta ríkissjóðs nam um 1,3 ma.kr. Þetta er hækkun frá árinu á undan en þá námu bein aukaframlög 7,8 ma.kr.

**Tafla 27 Innborganir ríkissjóðs 2000 vegna lífeyrisskuldbindinga**

| í m.kr. | Greitt til LSR | Greitt til LH | Greiðslur samtals |
|---|---|---|---|
| Aukaframlög ríkissjóðs | 6.300 | 700 | 7.000 |
| Viðbótariðgjöld A-hluta ríkissjóðs | 1.139 | 143 | 1.282 |
| Viðbótarframlag vegna grunnskólakennara | 328 | | 328 |
| Innborganir ríkissjóðs samtals | 7.767 | 843 | 8.610 |

# Langtímafjármögnun ríkissjóðs

Tekin löng lán ríkissjóðs hækkuðu úr 216 ma.kr. í 222 ma.kr eða um 6,5 ma.kr. á árinu 2000. Hækkunin nam um 3%. Innlendar skuldir lækkuðu um tæplega 15 ma.kr. en á móti kom að erlendar skuldir hækkuðu um 21 ma.kr. eða 18%. Meginskýringin á hækkun erlendra skulda var gengislækkun krónunnar en einnig jukust beinar erlendar lántökur ríkissjóðs á árinu. Hlutfall erlendrar lánsfjármögnunar ríkissjóðs til langs tíma hækkaði úr 54,7% í 62,7% af teknum löngum lánum samtals.

**Tafla 28 Langtímafjármögnun ríkissjóðs 2000-1999**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Innlend fjármögnun | 83.001 | 97.678 | (14.677) | (15,0%) |
| Erlend fjármögnun | 139.325 | 118.136 | 21.189 | 17,9% |
| Samtals | 222.326 | 215.814 | 6.512 | 3,0% |

# Innlend lántaka

## Lántökukostnaður

Lántökukostnaður ríkissjóðs sem færður er í bókhaldi Endurlána ríkissjóðs nam um 259 m.kr. árið 2000 sem er um 145 m.kr. hækkun frá árinu á undan. Skýringarnar á þessari hækkun eru að á árinu 2000 voru teknar upp þóknanir til Lánasýslu vegna forinnlausnar spariskírteina að fjárhæð 51 m.kr. og vegna rafvæðingar að fjárhæð 31 m.kr. Einnig var greidd þóknun til viðskiptavaka samtals að fjárhæð 77 m.kr. Hér er eingöngu um að ræða lántökukostnað vegna innlendrar lántöku ríkissjóðs.

## Spariskírteini

Spariskírteini ríkissjóðs eru í umsjón Lánasýslu ríkisins og færð í bókhald Endurlána ríkissjóðs. Auk þess gegnir Seðlabanki Íslands ákveðnu hlutverki varðandi spariskírteinin. Bankinn er m.a. innlausnaraðili og sá um áskriftarsölu spariskírteina þar til á miðju síðasta ári. Innri endurskoðunardeild Seðlabankans endurskoðar umsýslu bankans með spariskírteini.

**Tafla 29 Staða spariskírteina í árslok 2000 og 1999 skv. bókhaldi Endurlána ríkissjóðs**

| Í m. kr. | 2000 | 1999 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða spariskírteina án vaxta | 65.651 | 74.789 | (9.138) | (12,2%) |
| Frá dregst: Afföll | (13.172) | (13.340) | 168 | (1,3%) |
| Við bætist: Gengisauki | 168 | 284 | (116) | (40,8%) |
| Við bætast: Áfallnir vextir | 20.480 | 22.455 | (1.975) | (8,8%) |
| Heildarstaða spariskírteina | 73.127 | 84.189 | (11.061) | (13,1%) |

Taflan hér að ofan sýnir sundurliðun spariskírteinaskuldar ríkissjóðs. Staða skuldarinnar án vaxta lækkaði um 9 ma.kr. frá árinu á undan eða um 12%. Áfallnir vextir lækkuðu um 2 ma.kr. En heildarskuldastaða ríkissjóðs í spariskírteinum lækkaði um 11 ma.kr. eða um 13%. Meginskýring lækkunarinnar er að sala nýrra spariskírteina var lítil á árinu eða rúmlega 3 ma.kr. Innlausn spariskírteina nam um 22 ma.kr. á árinu. Stærstu flokkar spariskírteina sem féllu í gjalddaga á

árinu voru flokkar frá 1995 til 5 ára. Til samanburðar má geta þess að innlausn árið 1999 nam um 12 ma.kr.

Ef litið er á heildarstöðu útistandandi spariskírteina ríkissjóðs s.l. sjö ár á verðlagi hvers árs, sést að spariskírteinaskuld ríkissjóðs óx um 18,5% á árunum frá 1994 til 1998 og um 20,3% frá 1994 til 1997 . Skuldin hefur síðan lækkað talsvert frá því hún var hæst eins og fram kemur í neðangreindri töflu. Mesti árlegi vöxturinn var á milli 1997 og 1996 eða um 12,4%.

**Tafla 30 Staða spariskírteina ríkissjóðs: Þróun 1994-2000**

| Í m. kr. | 1994 | 1995 | 1996 | 1997 | 1998 | 1999 | 2000 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Á verðlagi hvers árs | 71.621 | 77.072 | 76.643 | 86.143 | 84.876 | 84.189 | 73.127 |

## Ríkisbréf og ríkisvíxlar

**Tafla 31 Staða ríkisbréfa og ríkisvíxla í bókhaldi Endurlána ríkissjóðs 2000 og 1999**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Ríkisbréf: | | | | |
| Staða nafnverðs | 14.384 | 13.369 | 1.015 | 7,6% |
| Frá dregst: Afföll | (2.954) | (2.352) | (602) | 25,6% |
| Heildarstaða | 11.430 | 11.018 | 412 | 3,7% |
| Ríkisvíxlar: | | | | |
| Staða nafnverðs | 5.970 | 9.899 | (3.929) | (39,7%) |
| Frá dregst: Afföll | (196) | (90) | (106) | 118,0% |
| Heildarstaða | 5.774 | 9.809 | (4.035) | (41,1%) |
| Samanlögð staða | 17.204 | 20.826 | (3.622) | (17,4%) |

Skuld ríkissjóðs í ríkisvíxlum minnkaði á árinu 2000 en skuld í ríkisbréfum jókst lítillega. Alls nam samanlögð skuld ríkissjóðs í ríkisvíxlum og ríkisbréfum 17 ma.kr. í árslok 2000. Meðfylgjandi tafla sýnir stöðu ríkisbréfa og ríkisvíxla í árslok 2000 og 1999, bæði á nafnverði og þegar tekið hefur verið tillit til affalla, þ.e. nettó-stöðu. Skuld í ríkisbréfum jókst um 412 m.kr. milli ára en í ríkisvíxlum lækkaði um 4 ma.kr. á sama tíma. Samanlögð skuld ríkissjóðs í ríkisbréfum og

ríkisvíxlum minnkaði um tæplega 3,6 ma. kr. eða um 17,4% frá árslokum 1999 til ársloka 2000.

### Tekin innlend lán án endurlána

Ríkissjóður hefur tekið innlend skuldabréfalán sem ekki eru í umsjá Endurlána ríkissjóðs. Stærsti hluti lánanna er tekinn hjá bönkum, sparisjóðum og lánastofnunum. Má þar nefna Lánasjóð landbúnaðarins og Byggingarsjóð ríkisins - nú Íbúðalánasjóð. Auk þess námu skuldir ríkissjóðs við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins tæplega 2 ma.kr. í árslok. Stærsti hluti skuldarinnar er vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga í tengslum við breytingu á Póst- og símamálastofnun í hlutafélag.

**Tafla 32 Tekin innlend lán, án endurlána**

| Í m. kr. | 2000 | 1999 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 3.571 | 5.185 | (1.614) | (31,1%) |
| Ný lán á árinu | 77 | 9 | 68 | - |
| Afborganir | (1.610) | (1.884) | 274 | (14,5%) |
| Endurmat ársins | 104 | 261 | (157) | (60,3%) |
| Staða í árslok | 2.142 | 3.571 | (1.429) | (40,0%) |

Taflan hér að ofan sýnir að staða tekinna innlendra lána lækkaði umtalsvert á árinu 2000. Staðan var 3,6 ma.kr. í ársbyrjun en afborganir námu um 1,6 ma.kr. Stærsta afborgunin er 1,2 ma.kr. vegna láns sem var útgefið vegna fyrirgreiðslu ríkissjóðs við Landsbanka Íslands sbr. lög nr. 16/1993 um ráðstafanir til að efla eiginfjárstöðu innlánsstofnana.

## Erlend lántaka

Verkefni Seðlabanka Íslands í tengslum við erlendar lántökur ríkissjóðs fer eftir sérstökum samningi milli fjármálaráðherra og bankans. Seðlabankinn annast bæði lántökurnar og hefur umsjón með bókhaldi lánanna fyrir ríkissjóð.

Hér að neðan er gerð grein fyrir erlendum vaxtagjöldum og stöðu erlendra lána ríkissjóðs hjá Seðlabanka, erlendri fjármögnun ríkissjóðs,

lántökukostnaði, og gengismun, þ.e. gengistapi og gengishagnaði af erlendum lánum.

## Lántökur árið 2000

Eitt nýtt erlent langtímalán var tekið á árinu 2000 að fjárhæð 14,2 ma. kr. Auk þess má nefna að veltilán í bandaríkjadollurum voru aukin, tekin voru veltilán í svissneskum frönkum og japönskum jenum en veltilán í evrum voru greidd upp á árinu.

## Staða erlendra lána í árslok

Staða erlendra lána ríkissjóðs að meðtöldum áföllnum vöxtum, gengisauka og afföllum nam 142 ma.kr. í árslok 2000 eins og fram kemur í töflunni hér að neðan. Árið 1999 var sambærileg fjárhæð 117 ma.kr. Erlendar skuldir ríkissjóðs hækkuðu því um 25 ma.kr. eða 21% á árinu 2000. Í töflunni kemur einnig fram að áfallnir vextir í árslok hækkuðu um 82 m.kr. á árinu eða 3%.

**Tafla 33 Staða erlendra lána með áföllnum fjármagnskostnaði í árslok 2000 og 1999**

| Í m. kr. | 2000 | 1999 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Staða tekinna lána | 139.398 | 114.797 | 24.601 | 21,4% |
| Gengisauki af lánum | 20 | 36 | (16) | (44,4%) |
| Afföll af lánum | (103) | (127) | 24 | (18,9%) |
| Áfallnir vextir | 2.752 | 2.670 | 82 | 3,1% |
| Samtals | 142.068 | 117.377 | 24.691 | 21,0% |

Þess má geta að samkvæmt lánayfirliti í lok október 2001 var staða erlendra skulda ríkissjóðs án áfallinna vaxta komin í 206 ma.kr., sem er 47,5% hækkun frá árslokum 2000. Erlendar skuldir hafa því hækkað verulega á árinu 2001 bæði vegna gengisbreytinga og einnig vegna aukinnar erlendrar lántöku. Í því sambandi má geta þess að lántökur í evrum hafa aukist verulega.

**Tafla 34 Yfirlit um helstu erlend lán ríkissjóðs hjá Seðlabanka Íslands árið 2000**

| Flokkuð eftir gjaldmiðlum | Eftirstöðvar 31.12.1999 | Ný lán á árinu | Afborganir | Endurmat | Eftirstöðvar 31.12.2000 |
|---|---|---|---|---|---|
| USD | | | | | |
| Langtímalán í USD | 17.995.378.677 | 0 | 99.396.130 | 3.003.695.206 | 20.899.677.753 |
| Veltilán Í USD | 13.682.201.625 | 134.043.236.801 | 124.642.596.599 | 3.245.458.173 | 26.328.300.000 |
| Lán í USD samtals | 31.677.580.302 | 134.043.236.801 | 124.741.992.729 | 6.249.153.379 | 47.227.977.753 |
| GBP | | | | | |
| Langtímalán í GBP | 15.267.200.000 | 0 | 0 | 1.189.500.000 | 16.456.700.000 |
| CHF | | | | | |
| Langtímalán í CHF | 9.100.000.000 | 0 | 4.682.000.000 | 772.000.000 | 5.190.000.000 |
| Veltilán í CHF | 0 | 10.503.507.934 | 5.275.014.185 | 564.833.371 | 5.793.327.120 |
| Lán í CHF samtals | 9.100.000.000 | 10.503.507.934 | 9.957.014.185 | 1.336.833.371 | 10.983.327.120 |
| DEM | | | | | |
| Langtímalán í DEM | 29.438.182.800 | 0 | 5.464.290.000 | 1.820.574.800 | 25.794.467.600 |
| Tekin lán vegna skiptikjara | 2.353.560.300 | 0 | 0 | 193.542.300 | 2.547.102.600 |
| Veitt lán vegna skiptikjara | -2.353.560.300 | 0 | 0 | -193.542.300 | -2.547.102.600 |
| Lán í DEM samtals | 29.438.182.800 | 0 | 5.464.290.000 | 1.820.574.800 | 25.794.467.600 |
| JPY | | | | | |
| Langtímalán í JPY | 12.837.600.000 | 0 | 0 | 478.800.000 | 13.316.400.000 |
| Veltilán í JPY | 3.583.444.872 | 15.371.351.784 | 15.293.621.009 | 134.661.214 | 3.795.836.861 |
| Lán í JPY samtals | 16.421.044.872 | 15.371.351.784 | 15.293.621.009 | 613.461.214 | 17.112.236.861 |
| Erlend lán samtals | 114.797.229.866 | 179.646.545.964 | 168.160.952.771 | 13.115.206.275 | 139.398.029.334 |

## Gengismunur erlendra lána ríkissjóðs

Á árinu 2000 varð mikið gengistap af erlendum lánum ríkissjóðs eða tæpir 13 ma.kr. samanborið við rúmlega 1 ma.kr. hagnað árið á undan eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Gengistapið sem hlutfall af meðalstöðu erlendra skulda var 10,1% árið 2000 samanborið við 1,6% gengishagnað 1999. Hins vegar má geta þess til samanburðar að áætlað er að raungengi krónunnar hafi hækkað um tæplega 3% árið 2000.[4] En gengi allra helstu mynta hækkaði umtalsvert frá upphafi

[4] Skv. *Seðlabanka Íslands* í ágúst 2001. Vísitala raungengis er miðuð við hlutfallslegt verðlag. Þessu yfirliti er ekki ætlað að gefa heildarmynd af lánskjörum eftir myntum þar sem vextir og önnur ákvæði lánanna eru ekki tekin með í þessari umfjöllun.

til loka ársins. Sem dæmi má nefna að gengi bandaríkjadollars hækkaði um 17% á tímabilinu.

Í eftirfarandi töflu er gengishagnaður og gengistap áranna 1999 og 2000 sýnt, sundurliðað eftir myntum. Mest varð gengistapið af lánum í bandaríkjadollurum, 6,2 ma.kr., og í þýskum mörkum, 1,8 ma.kr. Af lánum í breskum pundum varð 1,2 ma.kr. tap og í svissneskum frönkum varð tapið 1,3 ma.kr. Á árinu 1999 varð hins vegar gengishagnaður af lánum í þýskum mörkum en töluvert tap af lánum í bandaríkjadollurum og jenum.

**Tafla 35 Gengismunur erlendra lána ríkissjóðs 2000 og 1999 eftir myntum**

| Fjárhæðir í m.kr. | 2000 | | 1999 | |
|---|---|---|---|---|
| Myntir: | Gengis-munur: | % af meðal-stöðu: | Gengis-munur: | % af meðal-stöðu: |
| Bandaríkjadollar | (6.238) | (15,8%) | (1.425) | (4,6%) |
| Þýsk mörk | (1.778) | (6,2%) | 3.764 | 10,7% |
| Japanskt jen | (527) | (3,0%) | (2.565) | (16,1%) |
| Bresk pund | (1.186) | (7,5%) | (263) | (1,7%) |
| Svissneskir frankar | (1.337) | (13,3%) | 1.065 | 9,9% |
| Aðrar myntir | (1.906) | (11,0%) | 1.330 | 13,9% |
| Gengistap( )/hagnaður | (12.972) | (10,1%) | 1.906 | 1,6% |

# Ríkisábyrgðir

Ríkissjóður hefur gengist í ábyrgðir fyrir lántökum ýmissa aðila. Þessar skuldbindingar hafa ekki áhrif á efnahag ríkissjóðs. Um ríkisábyrgðir gilda lög nr. 121/1997. Skráðar ríkisábyrgðir eru sýndar í eftirfarandi töflu:

**Tafla 36 Yfirlit yfir skráðar ábyrgðir ríkissjóðs 2000 og 1999**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 |
|---|---|---|
| Íbúðalánasjóður/Húsnæðisstofnun | 240.068 | 194.841 |
| Lánasjóður landbúnaðarins | 9.910 | 8.752 |
| Byggðastofnun | 7.812 | 6.079 |
| Landssíminn hf./Íslandspóstur hf. | 6.424 | 6.416 |
| Ríkisútvarpið | 3.260 | 3.018 |
| Hitaveitur | 3.223 | 3.024 |
| Rafmagnsveitur ríkisins | 2.927 | 2.315 |
| Ferðamálasjóður | 1.014 | 1.001 |
| Hlutafjárdeild Þróunarsjóðs | 647 | 621 |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | 576 | 793 |
| ÁTVR | 165 | 317 |
| Atvinnutryggingardeild Þróunarsjóðs | 94 | 182 |
| Lyfjabúð Háskólans | 48 | 149 |
| Annað | 948 | 1.155 |
| Samtals | 277.116 | 228.663 |

Taflan gefur yfirlit um það sem nefnt er skráðar ríkisábyrgðir hjá Ríkisábyrgðasjóði. Heildarfjárhæð ábyrgða nam því 277 ma. kr. í árslok 2000 og hafði aukist um 48 ma.kr. frá árinu á undan eða 22%. Stærsti einstaki liðurinn er hjá Íbúðalánasjóði sem tók við af Húsnæðisstofnun ríkisins. Ábyrgðarskuldbindingin þar hækkaði um 45 ma. kr. eða 23% frá árinu á undan. Næst kemur Lánasjóður landbúnaðarins með um 10 ma.kr. og Byggðastofnun með 8 ma.kr.

Ábyrgðarlistinn er háður öllum þeim annmörkum sem eru á því að afla upplýsinga um stöðu lána, ársreikninga ásamt nauðsynlegra sundurliðana. Þrátt fyrir ríkar lagaheimildir til upplýsingaöflunar hefur Ríkisábyrgðasjóði gengið misjafnlega vel að afla umbeðinna upplýsinga. Hafa ber í huga að í listanum eru áfallnir vextir ekki sýndir. Að mati Ríkisendurskoðunar er eðlilegt að uppgreiðsluvirði allra lána með ríkisábyrgð miðað við árslok sé jafnan sýnt. Þá er þess að geta að lán banka og fjármálastofnana með ríkisábyrgð eru ekki sýnd hér í töflunni.

# Fjármagnskostnaður ríkissjóðs árið 2000

Heildarfjármagnskostnaður ríkissjóðs nam 15 ma.kr. árið 2000 sem er svipuð fjárhæð og árið á undan. Á árinu 2000 ákvað fjármálaráðuneytið að færa endurmat áfallinna vaxta spariskírteina á höfuðstól

að fjárhæð 867 m.kr. Neðangreind tafla sýnir skiptingu fjármagnskostnaðar árin 2000 og 1999 eftir helstu tegundum skulda ríkissjóðs.

**Tafla 37 Sundurliðun fjármagnskostnaðar ríkissjóðs**

| í m.kr. | 2000 | 1999 | Mism. | % |
|---|---|---|---|---|
| Spariskírteini | 4.423 | 5.859 | (1.436) | (24,5%) |
| Ríkisbréf | 921 | 1.069 | (148) | (13,8%) |
| Ríkisvíxlar | 1.160 | 957 | 203 | 21,2% |
| Erlend lán í Seðlabanka | 7.563 | 6.591 | 973 | 14,8% |
| Annað | 1.178 | 856 | 322 | 37,6% |
| Samtals | 15.245 | 15.332 | (87) | (0,6%) |

Í töflunni kemur fram að vaxtagjöld spariskírteina lækkuðu mest eða um 1,4 ma.kr. sem er 24% lækkun. Lækkunin skýrist af því að skuldir ríkissjóðs í spariskírteinum lækkuðu um 13% milli áranna 2000 og 1999. Vaxtagjöld spariskírteina sem hlutfall af meðalstöðu nam 5,6%

Um helmingur vaxtagjalda spariskírteina eru ógreiddir gjaldfallnir vextir á árinu þar sem spariskírteini eru langtíma skuldabréf. Vaxtagjöld þeirra ásamt uppfærðum höfuðstól greiðast upp í einu lagi á lokagjalddaga eða við innlausn ríkissjóðs fyrir gjalddaga. En rúmlega þriðjungur eða um 1,6 ma.kr. eru gjaldfærð afföll.

Vaxtagjöld ríkisbréfa námu um 920 m.kr. Árið 2000 var eingöngu um að ræða bréf til 5 ára og eru þau óverðtryggð. Vaxtagjöld þeirra lækkuðu um 14% frá fyrra ári eins og fram kemur í töflunni. Hafa ber í huga að ríkisbréfin sjálf eru vaxtalaus en eru seld með afföllum. Afföllin af sölu ríkisbréfa árið 2000 voru um 1,3 ma.kr.

Vaxtagjöld vegna ríkisvíxla námu um 1,2 ma.kr. sem er 21% hækkun frá fyrra ári. Hækkun vaxtagjalda ríkisvíxla skýrist m.a. af meiri sölu á árinu 2000. Ríkisvíxlar geta verið til 3ja, 6 eða 12 mánaða. Greiddir forvextir við sölu eru gjaldfærðir miðað við líftíma víxlanna.

Vaxtagjöld af erlendum lánum í umsjá Seðlabanka Íslands námu 7,6 ma.kr. á árinu 2000 sem er um 15% hækkun frá fyrra ári. Hækkunin skýrist af hækkun erlendra skulda ríkissjóðs. Lántökukostnaður að fjárhæð 135 m.kr. er meðtalinn í vaxtagjöldunum. Erlend vaxtagjöld sem hlutfall af meðalstöðu erlendra lána námu 5,8% á árinu 2000.

Að mati Ríkisendurskoðunar er full þörf á að endurmeta þá aðferð sem nú er notuð við dreifingu affalla ríkisbréfa og einnig þann hluta spariskírteina sem seldur hefur verið án nafnvaxta. Afföllum er nú dreift jafnt á lánstímann en áður hefur Ríkisendurskoðun bent á það í fyrri endurskoðunarskýrslum að nákvæmara sé að dreifa afföllum samkvæmt virkum vöxtum. Þá má benda á að vægi ríkisbréfa hefur vaxið í innlendri lánsfjármögnun ríkissjóðs sérstaklega á árinu 2001. Ef afföllum ríkisbréfa væri dreift miðað við virka vexti gæfi það nákvæmari og réttari mynd af árlegum fjármagnskostnaði ríkissjóðs vegna þeirra.

Þá er rétt að geta þess að ekki er samræmi í meðferð vaxta og verðbóta eða uppfærslu höfuðstóls verðtryggðra og óverðtryggðra skuldbindinga ríkissjóðs í ríkisreikningi. Vextir óverðtryggðra lána eru færðir í heild á rekstrarreikning en endurmat verðtryggðra lána er hins vegar fært á höfuðstól ríkissjóðs. Það má færa rök fyrir því að þessi blandaða aðferð skekki samanburðinn milli lánsforma, t.d. gæti lesandi ríkisreiknings ályktað sem svo að vaxtakostnaður spariskírteina sé mun lægri en ríkisbréfa. Ríkisendurskoðun hefur áður bent á þetta í endurskoðunarskýrslum.

Við væntanlegt afnám verðbólgureikningsskila hér á landi þarf að taka ákvörðun um hvernig fara eigi með endurmat sem nú er fært á höfuðstól hjá A-hluta ríkissjóðs. Segja má að þáttur verðbólgu- og gengisendurmats í reikningsskilum felist í meðferð endurmats hjá ríkissjóði. Ef ákveðið verður að afnema almennan endurmatsreikning höfuðstóls í ríkisreikningi verður að færa endurmatið til gjalda eða tekna í rekstrarreikning.

Þegar breytingar verðlags eða gengis eru miklar, getur bókhaldsleg meðferð endurmats haft veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs. Ef endurmat verðtryggðra og gengistryggðra lána hefði verið fært til gjalda á árinu 2000 hefði fjármagnskostnaður ríkissjóðs hækkað verulega eða úr 15 ma.kr. í 31 ma.kr. sem 16 ma.kr. hækkun. Í þeirri hækkun er innifalið endurmat áfallinna langtímavaxta sem getið var um hér að framan. Á móti kemur að vaxtatekjur veittra lána hefðu einnig hækkað um tæplega 4 ma.kr. Ef allt endurmat sem fór á höfuðstól árið 2000 hefði farið um rekstrarreikning A-hlutans hefði tekjuhalli ríkissjóðs aukist úr 4,3 ma.kr. í 26,2 ma.kr.

# 4 Ríkissjóðstekjur

## Framkvæmd endurskoðunar

Endurskoðun ríkissjóðstekna á árinu 2000 beindist fyrst og fremst að eftirfarandi þáttum.

- Afstemmingu og uppgjöri virðisaukaskatts
- Afstemmingu og uppgjöri tryggingagjalds
- Uppgjöri markaðra tekna
- Uppgjöri rekstrartekna stofnana
- Afskrifum og niðurfærslu
- Eftirstöðvum, aldursgreining o.fl.
- Meðferð sértekna

Endurskoðunin fólst m.a. í að bera saman niðurstöður undirkerfa við bókhald, staðreyna fjárhæðir í bókhaldi við ytri gögn, samanburði á milli ára, bæði á tekjum og eftirstöðvum, og greina þau frávik sem þar komu fram.

### Yfirlit um heildartekjur ríkissjóðs

Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2000 námu alls 224,7 ma.kr. samanborið við 222,6 ma.kr. á árinu 1999. Nemur aukningin 2,1 ma.kr. eða 0,9%. Talsverðar breytingar urðu á einstökum tekjuliðum á milli ára. Þannig lækkuðu tekjur af sölu eigna um 10,5 ma.kr. á milli ára en skattar á tekjur einstaklinga hækkuðu um 6,1 ma.kr.

## Tafla 38 Heildartekjur ríkissjóðs

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Breyt. | % |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | | | | |
| Skattar á tekjur einstaklinga | 44.125 | 37.987 | 6.138 | 16,2% |
| Skattar á tekjur lögaðila | 9.679 | 9.126 | 553 | 6,1% |
| Aðrir skattar á tekjur | 5.791 | 5.930 | -139 | -2,3% |
| Tryggingagjald | 19.680 | 17.787 | 1.893 | 10,6% |
| Eignarskattar | 9.872 | 8.450 | 1.422 | 16,8% |
| Virðisaukaskattur | 71.903 | 70.020 | 1.883 | 2,7% |
| Vörugjöld. aðrir sért. veltuskattar | 30.941 | 30.804 | 137 | 0,4% |
| Aðrir skattar á vörur og þjónustu | 8.122 | 7.209 | 913 | 12,7% |
| Aðrir skattar | 538 | 483 | 55 | 11,4% |
| Skatttekjur samtals | 200.651 | 187.796 | 12.855 | 6,8% |
| Rekstrartekjur | | | | |
| Arðgreiðslur | 2.477 | 2.733 | -256 | -9,4% |
| Vextir og aðrar eignatekjur | 10.698 | 9.269 | 1.429 | 15,4% |
| Neyslu- og leyfisgjöld | 5.347 | 4.873 | 474 | 9,7% |
| Sektir | 508 | 589 | -81 | -13,8% |
| Rekstrartekjur samtals | 19.030 | 17.464 | 1.566 | 9,0% |
| Aðrar tekjur | | | | |
| Sala eigna | 635 | 11.140 | -10.505 | -94,3% |
| Fjárframlög | 1.231 | 1.294 | -63 | -4,9% |
| Endurmat á virði ríkisfyrirtækja | 3.167 | 4.938 | -1.771 | -35,9% |
| Aðrar tekjur samtals | 5.033 | 17.372 | -12.339 | -71,0% |
| Ríkissjóðstekjur alls | 224.714 | 222.632 | 2.082 | 0,9% |

Innheimta ríkissjóðstekna nam tæpum 218,0 ma.kr. á árinu 2000 samanborið við 202,1 ma.kr. á fyrra ári og nemur aukningin 7,9%. Um 8,4 ma.kr má rekja til hærri innheimtu skatta af tekjum og hagnaði, 5,6 ma.kr. til aukinnar innheimtu virðisaukaskatts og tæpa 2,0 ma.kr. vegna hærri innheimtu á tryggingagjaldi.

Eftirstöðvar í árslok námu 46,0 ma.kr. samanborið við 50,6 ma.kr. í árslok 1999 og höfðu því lækkað um 7,3 ma.kr á milli ára. Skýrist þetta m.a. af því að eftirstöðvar vegna endurmats ríkisfyrirtækja lækkuðu um 4,1 ma.kr. og eftirstöðvar virðisaukaskatts lækkuðu um 2,4 ma.kr. Á móti kemur að eftirstöðvar dráttarvaxta hækkuðu um 800 m.kr. og eftirstöðvar eignarskatta hækkuðu um 800 m.kr.

# Yfirlit um einstaka tekjuliði

## Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda

Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga námu alls 44,1 ma.kr. í árslok 2000 og höfðu aukist um 6,1 ma.kr. frá fyrra ári eða um 16,2%. Innheimt staðgreiðsla jókst um 5,6 ma.kr. á milli ára eða um 16,0%.

**Tafla 39 Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Frávik kr. | % |
|---|---|---|---|---|
| Innheimt staðgreiðsla | 84.493 | 74.336 | 10.157 | 13,7% |
| Hluti sveitarfélaga | (43.558) | (39.046) | (4.512) | 11,6% |
| | 40.935 | 35.290 | 5.645 | 16,0% |
| Sérstakur tekjuskattur | 1.272 | 1.132 | 140 | 12,4% |
| Tekjuskattur, eftirstöðvar fyrri ára | 1.919 | 1.565 | 354 | 22,6% |
| | 44.126 | 37.987 | 6.139 | 16,2% |

Tekjuskattshlutfall var það sama bæði árin, eða 26,41%. Vegið meðaltal útsvars hækkaði hins vegar um 0,3 prósentustig og var 11,96% ár árinu 2000. Persónuafsláttur hækkaði 1. apríl 2000 um 2,5% og skattleysismörk voru 4,3% hærri á árinu 2000 miðað við fyrra ár.

Skv. upplýsingakerfi ríkisskattstjóra námu launagreiðslur á árinu 2000 382,8 ma.kr. samanborið við 344,8 ma.kr. á árinu 1999 og nemur hækkunin á milli ára um 13.4%. Á sama tíma hefur launavísitalan hækkað um 6,6%. Skýringin á því að hlutur ríkissjóðs í tekjuskatti hækkaði meira en sem nemur hlutfallslegri hækkun launa er einkum sú að persónuafsláttur fylgir ekki launaþróun.

## Virðisaukaskattur

Tekjur af virðisaukaskatti námu alls 71,9 ma.kr. á árinu 2000 samanborið við tæpa 70,0 ma.kr. árið á undan og nemur aukningin 2,7%. Að frátöldum endurgreiðslum hafa tekjur af virðisaukaskatti aukist um 3,6 ma.kr. eða 4,9%

**Tafla 40 Virðisaukaskattur**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Frávik kr. | % |
|---|---|---|---|---|
| Virðisaukaskattur af innflutningi | 47.039 | 42.961 | 4.078 | 9,5% |
| Virðisaukaskattur af veltu innanlands | 30.579 | 31.039 | (460) | -1,5% |
| | 77.618 | 73.970 | 3.648 | 4,9% |
| Endurgreiðslur | (5.715) | (3.981) | (1.734) | 43,6% |
| Virðisaukaskattur alls | 71.903 | 70.020 | 1.883 | 2,7% |

Endurgreiðslur námu alls 5,7 ma.kr. á árinu 2000 og hækkuðu þær verulega á milli ára. Um helming hækkunarinnar má rekja til endurgreiðslna skv. reglugerð nr. 248/1990. Hærri endurgreiðslur má einkum rekja til þess að umsvif þeirra aðila sem umrædd reglugerð nær til hafa aukist milli ára en ekki til þess að efnislegar breytingar hafi verið gerðar á reglugerðinni. Einnig jukust endurgreiðslur vegna kostnaðar við breytingar á flugstöð Leifs Eiríkssonar verulega.

**Tafla 41 Endurgreiddur virðisaukaskattur**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Frávik kr. | % |
|---|---|---|---|---|
| Skattsk. starfsemi op. aðila | 2.472 | 1.532 | 941 | 61,4% |
| Vörur til manneldis o.fl. | 788 | 582 | 206 | 35,3% |
| Byggingaraðila v sölu/leigu | 704 | 485 | 219 | 45,0% |
| Skattsk.starfs.A-hl stofnana | 449 | 409 | 40 | 9,8% |
| Breyt. á Flugstöð LE 1.3 7.gr. | 325 | 62 | 262 | 420,5% |
| Viðgerðar- og viðhaldsvinna | 247 | 213 | 34 | 16,1% |
| Erlendir ferðamenn | 192 | 160 | 32 | 19,9% |
| Hitun húsa og laugarvatns | 142 | 141 | 0 | 0,3% |
| Byggingaraðilar v/einkanota | 136 | 73 | 63 | 86,3% |
| Einnota umbúðir | 122 | 108 | 14 | 12,5% |
| Aðrar endurgreiðslur | 139 | 215 | -76 | -35,3% |
| | 5.715 | 3.980 | 1.734 | 43,6% |

## Tryggingagjald

Tekjur af tryggingagjaldi námu 19,7 ma.kr. á árinu 2000 samanborið við 17,8 ma.kr. á árinu 1999 og nemur aukningin 10,6%. Eins og fram kemur hér að framan hækkuðu laun á milli ára um 13,4%.

**Tafla 42 Tryggingagjald**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Frávik kr. | Frávik % |
|---|---|---|---|---|
| Tryggingagjald | 15.915 | 13.656 | 2.259 | 16,5% |
| Atvinnutryggingagjald | 3.473 | 3.843 | -370 | -9,6% |
| Ábyrgðargjald atv.rekanda | 147 | 133 | 14 | 10,5% |
| Slysatr. á sjómannslaun | 146 | 155 | -9 | -5,8% |
| | 19.681 | 17.792 | 1.889 | 10,6% |

Tryggingagjald var lagt á í tveimur gjaldflokkum á árinu 1999. Hærra gjaldstigið var 5,53% og lægra gjaldstigið var 4,78%. Frá fyrsta janúar 2000 er eingöngu eitt gjaldstig sem er 5,23%. Viðbótartryggingagjald á sjómannslaun var óbreytt á milli ára eða 0,65%.

## Sala eigna

Sala á eignum ríkissjóðs nam 634 m.kr. á árinu 2000 samanborið við 11,1 ma.kr. á árinu 1999 en á því ári voru hlutabréf í Fjárfestingabanka atvinnulífsins hf, Landsbanka Íslands hf og Búnaðarbanka Íslands hf seld og nam hagnaðurinn sölu þeirra um 10,1 ma.kr.

**Tafla 43 Sala eigna**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Frávik kr. | Frávik % |
|---|---|---|---|---|
| Fasteignir | 416 | 487 | -71 | -14,6% |
| Sala á eignarhlutum í félögum | 117 | 10.459 | -10.342 | -98,9% |
| Sala á landi og jarðeignum | 64 | 124 | -60 | -48,4% |
| Önnur eignasala | 37 | 70 | -33 | -47,1% |
| | 634 | 11.140 | -10.506 | -94,3% |

Seldar voru 31 fasteign eða eignarhlutar í fasteignum. Allar sölurnar byggja á heimild í 7. grein fjárlaga áranna 1998 til 2000. Rúman þriðjung af þessum tekjum má rekja til sölu Fósturskólans við Laugalæk og fleiri eigna vegna uppgjörs við Reykjavíkurborg vegna kaupa ríkisins á Sjúkrahúsi Reykjavíkur. Tekjur af sölu eignarhluta stafa af sölu á hlutabréfum í Intenet á Íslandi hf.

Alls voru 19 jarðir eða jarðahlutar seldir. Að stærstum hluta byggir salan á 38. grein jarðarlaga nr. 65/1976. Í tveimur tilfellum var heimildina að finna í 7. grein fjárlaga.

**Endurmat á virði ríkisfyrirtækja**

Hinn 1. október var Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli sameinuð í hlutafélagið Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. Hlutafé þessa hlutafélags nemur 2,5 ma.kr en bókfært verð fyrirtækjanna tveggja nam 553 m.kr. Tekjur vegna endurmats á bókfærðu virði fyrirtækjanna námu því rúmlega 1,9 ma.kr.

Orkubú Vestfjarða var gert að hlutafélagi 1. júní árið 2001. Hlutafé hins nýja fyrirtækis nemur rúmlega 3,0 ma.kr. eða sem nemur 75% af eigin fé Orkubúsins eins það var í árslok 2000. Eignarhlutur ríkissjóðs, sem er 40%, var ekki færður upp í ríkisreikningi áður og nemur endurmatið því 1.220 m.kr. Fyrir liggur að ríkissjóður hefur skuldbundið sig til að kaupa hlut sveitarfélaganna í Orkubúi Vestfjarða hf., þó með þeim skilyrðum að söluverðmætinu yrði varið til þess að greiða niður skuldir sveitarsjóða á Vestfjörðum og til lausnar á bráðavanda sveitarfélaganna í íbúðalánakerfinu.

Í samningi um yfirtöku ríkissjóðs á langtímaláni á hendur Orkubúi Vestfjarða árið 1989 er eftirfarandi ákvæði:

> *Verði breyting á eignaraðild að Orkubúi Vestfjarða aðrar en þær sem leiða af 3. gr. laga nr. 66/1976, um Orkubú Vestfjarða, eru aðilar sammála um að eftirstöðvar yfirtekinna skulda skv. 1. grein verði gerðar upp við ríkissjóð að hluta eða öllu leyti áður en breyting á eignaraðild koma til framkvæmda.*

Þessar eftirstöðvar námu 588,2 m.kr. í árslok 1988. Með bréfi dags. 27. febrúar 2001 ákvað iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið, að falla frá kröfu um uppgjör á grundvelli áðurnefnds samnings.

# Áætlanir og uppgjör á virðisaukaskatti

### Áætlanir í virðisaukaskatti

Skv. 25. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt bera skattstjóra að áætla virðisaukaskatt af viðskiptum þeirra aðila, sem ekki senda inn skattskýrslur innan tilskilins frests, senda enga skýrslu eða ef skýrslu er ábótavant. Áætlanir, sem rætur eiga að rekja til þessa, fimmfölduðust á milli áranna 1999 og 2000.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1999 var vakin athygli á því að hlutfall áætlana hafi numið 10% af álögðum virðisaukaskatti á því ári. Árin þar áður hafði hlutfall áætlana numið 3,5 til 4% af álögðum virðisaukaskatti. Á árinu 2000 hækkaði þetta hlutfall verulega og nam það um 30% af álögðum virðisaukaskatti. Fjöldi gjaldenda sem fékk áætlun var hins vegar nánast sá sami á þessum árum. Meginskýringin á þessari þróun mun vera sú að nýju tölvukerfi fyrir álagningu virðisaukaskatts, sem tekið var í notkun síðla árs 1999, var m.a. ætlað að létta skattstjórum vinnu við að áætla virðisaukaskatt þeirra, sem ekki skiluðu skattskýrslum. Kerfið gerir tillögur að áætlunarfjárhæðum. Í megindráttum leggur það hæsta skattstofn viðkomandi skattaðila á s.l. 12 mánuðum til grundvallar, þ.m.t. áætlaða stofna. Þetta hafði í för með sé ákveðin margföldunaráhrif. Þó svo að skattstjórar séu ekki bundnir af hinni vélrænu tillögu að áætlun var reyndin sú að þeir viku tillögunni til hliðar í aðeins 5% tilvika.

Ljóst er að þessar hækkanir á áætluðum virðisaukaskatti hafa valdið verulegum vandræðum í uppgjöri á honum. Af þessu ástæðum m.a. voru rúmlega 20 ma.kr. af álögðum virðisaukaskatti og dráttarvöxtum ekki tekjufærðar í ríkisreikningi fyrir árið 2000. Af þessum sökum hafa

veltutölur einstakra atvinnugreina einnig skekkst mikið. Þessar veltutölur nota m.a. fjármálaráðuneytið og Þjóðhagsstofnun við ýmis konar greiningar. Rétt er að geta þess að hið vélræna áætlanakerfi var endurskoðað í lok síðasta árs og því breytt nokkuð í ljósi fenginnar reynslu.

## Tryggingagjald

Rétthafar tryggingagjalds voru tíu á árinu 2000 og hafði þeim fjölgað um einn frá 1999. Þegar tryggingagjald var tekið upp 1991 voru rétthafar þrír. Tekjum af almennu tryggingagjaldi er ráðstafað þannig að Fæðingarorlofssjóður, sem kom nýr inn á árinu 2000, fær 0,85% af gjaldstofni, Vinnueftirlitið fær 0,048%, Staðlaráð fær 0,007% og Icepro 0,001%. Afgangurinn rennur til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga. Tekjur af atvinnutryggingagjaldi renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 113/1990 um tryggingargjald með síðari breytingum er ofangreindum rétthöfum áskilinn tiltekinn hlutur í gjaldstofninum sjálfum en ekki í innheimtu tryggingargjaldi. Þetta hefur í för með sér að í hvert skipti sem álögðu tryggingargjaldi er breytt, t.d. í kjölfar endurskoðunar skattyfirvalda á launaframtölum og kærumeðferðar innan skattkerfisins, breytist gjaldstofn tryggingargjalds og þar með hlutur hvers rétthafa. Af þessu leiðir að sífellt þarf að vera að endurreikna hlut þeirra í álögðu tryggingargjaldi liðinna ára. Uppgjör þetta er mjög flókið og verður æ flóknara eftir því sem lengra líður og rétthöfunum fjölgar. Þá horfir það ekki til einföldunar þegar hlutdeild rétthafa er breytt innan ársins en slíkt hefur gerst þrívegis. Síðast gerðist þetta er Fæðingarorlofssjóði var áskilin hlutdeild í tryggingargjaldi frá og með 1. júní 2000.

Að mati Ríkisendurskoðunar er nauðsynlegt að kanna sérstaklega hvort ekki megi einfalda uppgjör á tryggingargjaldi. Bent skal á að breytingar þær sem gerðar eru á gjaldstofnum, sem eru eldri en tveggja ára, eru säralitlar og breyta fjárhagslega litlu máli fyrir rétthafana.

# Afskriftir

Afskriftir ríkissjóðstekna á árin 2000 námu alls 2,5 ma.kr. samanborið við 6,1 ma.kr árið 1999. Afskriftir hafa því lækkað um 3,7 ma.kr. á milli ára.

**Tafla 44 Afskriftir ríkissjóðstekna**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Frávik kr. | Frávik % |
|---|---|---|---|---|
| Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar | 439 | 430 | 9 | 2,1% |
| Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar | 184 | 425 | -241 | -56,7% |
| Fjármagnstekjuskattur | 11 | 6 | 5 | 78,9% |
| Eignarskattar | 33 | 62 | -29 | -46,3% |
| Tryggingagjald og skattar á laun | 24 | 130 | -106 | -81,8% |
| Virðisaukaskattur | 690 | 1.753 | -1.063 | -60,6% |
| Bifreiðagjöld | 2 | 14 | -12 | -83,7% |
| Aðrir skattar | 5 | 17 | -12 | -71,6% |
| Dráttarvextir og álag | 1.070 | 3.200 | -2.130 | -66,6% |
| Aðrar tekjur | 6 | 97 | -92 | -93,9% |
| | 2.465 | 6.136 | -3.671 | -59,8% |

Mest er lækkunin í virðisaukaskatti og dráttarvöxtum af honum en samtals lækkuðu þessar afskriftir um 2,4 ma.kr. Skýringin á lækkuninni er sú að nýtt afskriftarkerfi í tekjubókhaldinu var ekki að fullu komið í notkun fyrr en í byrjun desember s.l. Af þeim sökum urðu afskriftir lægri en efni stóðu til.

Samtals námu afskriftir skv. skýrslu afskriftarnefndar 1,8 ma.kr. og eru þær því rúmum 600 m.kr. lægri en færðar afskriftir skv. bókhaldi. Meginsskýringin á þessum mikla mun er að heimilaðar afskriftir í opinberum gjöldum hjá Tollstjóranum í Reykjavík sem samþykktar voru í árslok 1999 voru ekki færðar fyrr en á árinu 2000. Samtals námu þessar afskriftir 563 m.kr. Annan mismun má m.a. rekja til nauðasamninga og skuldbreytinga sem samþykktar voru á árinu.

## Afskriftanefnd og störf hennar

Með bréfi dags. 23. nóvember 2000 skipaði fjármálaráðherra nýja afskriftarnefnd. Í henni áttu sæti fulltrúar frá Tollstjóranum í Reykjavík,

fjármálaráðuneytinu og Ríkisendurskoðun. Í skipunarbréfinu eru nefndinni meðal annars falin eftirfarandi verkefni:

- Að útbúa og viðhalda verklagsreglum um afskriftir handa innheimtumönnum ríkissjóðs.
- Að fylgja því eftir að innheimtumenn sendi reglulega inn afskriftabeiðnir.
- Að afgreiða afskriftabeiðnir innheimtumanna ríkissjóðs. Markmiðið er að afskrifa fyrndar kröfur og óinnheimtanlegar eða færa fyrndar kröfur á biðreikning í samræmi við gildandi reglur hverju sinni.

Á árinu 2000 samþykkti afskriftanefnd að afskrifa kröfur að fjárhæð 1,8 ma.kr. Nefndin hafnaði beiðnum um afskrift á kröfum að fjárhæð 9 m.kr., en frestaði ákvörðun um afskrift á kröfum að fjárhæð 488 m.kr. Af 25 innheimtuembættum sendu 5 ekki inn afskriftarbeiðni. Niðurstöður voru eftirfarandi:

**Tafla 45 Afskrifaðar kröfur**

| Afgreiðsla í m.kr. | Höfuðstóll | Dráttarv. | Kostnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Samþykkt | 1.070,1 | 728,6 | 5,7 | 1.804,5 |
| Synjað | 5,0 | 4,0 | 0,1 | 9,1 |
| Bíður | 235,3 | 229,9 | 2,2 | 467,3 |
| Frestað | 6,3 | 5,6 | 0 | 11,9 |
| | 1.316,7 | 968,2 | 8,0 | 2.292,8 |

# Niðurfærsla

### Staða niðurfærslureiknings

Niðurfærsla er reiknuð stærð, sem byggð er á mati á innheimtanleika útistandandi krafna, stundum kölluð óbein afskrift. Niðurfærðar kröfur í árslok 2000 námu 21,8 ma.kr. og hækkuðu um 8,9 ma.kr. frá árinu 1999 eða um 68%. Þessa aukning má fyrst og fremst rekja til breiðari afskriftargrunns á árinu 2000.

**Tafla 46 Niðurfærslur**

| Í millj. kr. | 2000 | 1999 | Frávik kr. | % |
|---|---|---|---|---|
| Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar | 3.732 | 2.311 | 1.421 | 61,5% |
| Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar | 902 | 479 | 423 | 88,3% |
| Tekjuskattar alls | 4.634 | 2.790 | 1.844 | 66,1% |
| Skattar á eignir, einstaklingar | 644 | 551 | 92 | 16,8% |
| Skattar á eignir, lögaðilar | 412 | 207 | 205 | 99,0% |
| Aðrir sértækir eignarskattar | 1 | 1 | 0 | 0,0% |
| Eignarskattar alls | 1.057 | 759 | 297 | 39,2% |
| Tryggingagjald og skattar á laun | 367 | 194 | 173 | 89,1% |
| Virðisaukaskattur | 8.810 | 4.124 | 4.686 | 113,6% |
| Bifreiðaskattar | 217 | 118 | 100 | 84,8% |
| Aðrir skattar | 63 | 39 | 24 | 61,8% |
| Dráttarvextir og álag | 6.589 | 4.827 | 1.762 | 36,5% |
| Sektir | 54 | 58 | -4 | -6,8% |
| Aðrir skattar alls | 16.101 | 9.360 | 6.741 | 72,0% |
| Samtals niðurfært í árslok | 21.791 | 12.909 | 8.882 | 68,8% |

Eins og taflan ber með sér eru frávikin mest í krónum talið í virðisaukaskatti og dráttarvöxtum.

## Breytingar á forsendum

Niðurfærsla krafna í árslok 2000 er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða skuldir aðila sem eru í gjaldþrotaskiptum eða þeirra sem gjaldþrotaskiptum er lokið hjá. Þessar kröfur eru færðar niður um 80% (*Niðurfærsla 1)*. Hins vegar er um að ræða kröfur á aðila sem ekki hafa verið teknir til gjaldþrotaskipta. Þessar kröfur eru almennt færðar niður um 75% (*Niðurfærsla 2)*.

Niðurfærslan árið 2000 byggir í fyrsta sinn alfarið á rauntölum, þ.e. allar skuldir eru taldar með. Afskriftargrunnurinn er því mun breiðari en áður þar sem hann tekur bæði til fleiri gjaldenda og gjaldflokka.

# Eftirstöðvar ríkissjóðstekna

Eftirstöðvar ríkissjóðstekna, að teknu tilliti til afskrifta og niðurfærslu, námu alls 46,0 ma.kr. í árslok 2000 samanborið við 50,6 ma.kr. í árslok 1999. Eftirstöðvar lækkuðu um 4,6 ma.kr. eða 9,1%. Þessa lækkun má fyrst og fremst rekja til útistandandi krafna vegna sölu eigna á árinu 1999, en þær námu 4.1 ma. kr. og greiddust nær allar á árinu 2000.

**Tafla 47 Eftirstöðvar ríkissjóðstekna**

| Í m.kr. | 2000 | 1999 | Frávik kr. | Frávik % |
|---|---|---|---|---|
| Tekjuskattur, einstaklingar | 9.149 | 8.903 | 246 | 2,8% |
| Tekjuskattur, lögaðilar | 2.571 | 1.758 | 813 | 46,2% |
| Fjármagnstekjuskattur | 5.208 | 5.393 | (185) | -3,4% |
| Eignarskattar | 1.561 | 1.830 | (269) | -14,7% |
| Tryggingagjald | 2.678 | 2.526 | 152 | 6,0% |
| Vörugjöld | 1.550 | 1.647 | (97) | -5,9% |
| Tollar og aðflutningsgjöld | 228 | 180 | 48 | 26,7% |
| Virðisaukaskattur | 14.104 | 16.518 | (2.414) | -14,6% |
| Neyslu- og leyfisskattar | 520 | 417 | 103 | 24,7% |
| Aðrir skattar | 448 | 398 | 50 | 12,6% |
| Skatttekjur | 38.017 | 39.570 | (1.553) | -3,9% |
| Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur | 6.240 | 5.522 | 718 | 13,0% |
| Arðgreiðslur | 668 | 594 | 73 | 12,3% |
| Neyslu- og leyfisgjöld | 812 | 629 | 183 | 29,1% |
| Sektir | 293 | 224 | 69 | 31,0% |
| Sala eigna og aðrar tekjur | 3 | 4.108 | (4.105) | -99,9% |
| Aðrar rekstrartekjur | 8.015 | 11.077 | (3.061) | -27,6% |
| | 46.033 | 50.647 | (4.614) | -9,1% |

Hér á eftir er nánar fjallað um eftirstöðvar einstakra gjaldflokka eins og þær standa í innheimtukerfi ríkissjóðs. Niðurfærsla eftirstöðva er því ekki inn í þeim fjárhæðum.

## Opinber gjöld

Eftirstöðvar opinberra gjalda að meðtöldu útsvari námu alls 18,8 ma.kr. Þar af námu dráttarvextir og innheimtukostnaður um 4,3 ma.kr. Um 8.0 ma. kr. voru eldri en tveggja ára. Skuldarar rúmlega þriðjungs eftirstöðvanna höfðu verið teknir til gjaldþrotaskipta.

Vanskil kaupgreiðenda á opinberum gjöldum, sem þeim ber að halda eftir af launum starfsmanna sinna skv. lögum um tekju- og eignarskatt, og staðgreiðslu námu alls um 2.0 ma.kr., þar af nam höfuðstóll 1.5 ma. kr. Eftirstöðvar staðgreiðslu vegna ársins 2000 námu um 940 m.kr. og 280 m.kr. vegna ársins 1999. Reynslan sýnir að vangoldin staðgreiðsla, sem eldri er en tveggja ára, reynist nánast undantekningarlaust óinnheimtanleg og því töpuð.

Eftirstöðvar staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi námu alls 937 m.kr. í árslok 2000. Þar af var höfuðstóll 805 m.kr. Þessar eftirstöðvar eru allar vegna ársins 2000 enda breytist eðli þessara eftirstöðva við álagningu tekjuskatts á einstaklinga.

Samtals skulda rúmlega 3200 einstaklingar staðgreiðslu af reiknuðu endurgjaldi. Hæsta krafan af þessum toga nam um 2.2. m.kr. en 63 einstaklingar skulda meira en eina milljón króna en samtals nema skuldir þeirra tæplega 80 m.kr.

## Virðisaukaskattur

Heildareftirstöðvar virðisaukaskatts í innheimtukerfinu námu í árslok 2000 32,0 ma.kr. en þegar tekið hefur verið tillit til óbókfærðra tekna vegna áætlana nema eftirstöðvarnar 18,1 ma.kr. Þar af er höfuðstóll 12,2 ma.kr. Um 8,7 ma.kr. eftirstöðvanna er eldri en tveggja ára.

Skuldarar rúmlega helmings eftirstöðvanna hafa verið teknir til gjaldþrotaskipta og því eru þær í taphættu. Við athugun á stöðu 21 skuldara sem hver um sig skuldaði yfir 25 m.kr. kom í ljós að gjaldþrotaskiptum var lokið á búum 18 þeirra og því ekki annað eftir en að afskrifa þessar kröfur. Samtals námu þessar kröfur um 860 m.kr.

## Tryggingagjald

Vanskil í tryggingagjaldi námu alls 973 m.kr. þar af nam höfuðstóll 639 m.kr. Skuldara u.þ.b. helmings eftirstöðvanna hafa verið teknir til gjaldþrotaskipta og því eru kröfur þessar í verulegri taphættu.

Rúmlega 14 þúsund einstaklingar og lögaðilar skulda tryggingagjald. Um 100 gjaldendur skulda 1 m.kr. eða meira og er hæsta krafan 8,5 m.kr. Samtals skulda þessir 100 aðilar um 201 m.kr.

## Söluskattur og launaskattur

Eftirstöðvar söluskatts námu 62 m.kr. og þar af er höfuðstóll 10.7 m.kr. Eftirstöðvar launaskatts voru 40 m.kr. í árslok 2000 og þar af er höfuðstóll 5.8 m.kr. Yngstu kröfurnar vegna söluskatts eiga rætur að rekja til ársins 1989 en 1990 vegna launaskatts.

Allar þessar kröfur eru í innheimtu hjá Tollstjóranum í Reykjavík Að stærstum hluta eru um að ræða kröfur á hendur fyrirtækjum sem eru í gjaldþrotaskiptum og hafa verið það um árabil. Nauðsynlegt er að innheimtumaður knýi á um skiptalok. Þá er hér einnig um að ræða kröfur á hendur fyrirtækjum sem afmáð voru úr hlutafélagaskrá fyrir allmörgum árum.

## Þungaskattur

Eftirstöðvar þungaskatts námu 526 m.kr. og þar af nam höfuðstóll 426 m.kr. Af skuldurum þungaskatts hafa 152 verið teknir til gjaldþrotaskipta vegna vangoldins skatts að fjárhæð 91 m.kr.

Ein milljón króna eða meira hvílir á 30 bifreiðum og samtals voru skuldir vegna þessara bifreiða um 55 m.kr. Athugun leiddi í ljós að bifreiðarnar hafa flestar verið afskráðar.

Um 30 einstaklingar og lögaðilar skulda meira en eina milljón hver í þungaskatt, en samtals skulda þeir 68 m.kr. Athugun leiddi í ljós að skiptum á búi flestra lögaðilanna er lokið. Þá hefur annað hvort verið gert árangurslaust fjárnám hjá langflestum einstaklingunum eða bú þeirra tekin til gjaldþrotaskipta.

## Uppgjör markaðra tekna

53 stofnanir eða fjárlagaliðir njóta markaðra tekna. Tekjustofnarnir eru nokkru fleiri eða um 70 talsins. Tekjur af þessum gjaldstofnum námu samtals 36,1 ma.kr. eða 1,6 ma. kr. meira en fjárlög ársins gerðu ráð fyrir. Fjárheimildir voru hækkaðar sem þessu nam við uppgjör á mörkuðum tekjum.

Við uppgjör markaðra tekna er stuðst við 6 uppgjörsreglur. Í langflestum tilfellum breytist fjárheimild aðila í A-hluta ríkisreiknings miðað við innheimtu á viðkomandi gjaldi. Ef fjárlög mæla á hinn bóginn fyrir um skerðingu á viðkomandi gjaldstofni þá breytist fjárheimild ekki. Hjá aðilum utan A-hluta ríkisreiknings er miðað við breytingu á álagningu gjaldsins og eru kröfur þeirra á ríkissjóðs færðar upp í efnahag ríkissjóðs.

Þrátt fyrir að uppgjör markaðra tekna geti haft veruleg áhrif á fjárheimildir einstakrar stofnana er ekki fjallað sérstaklega um markaðar tekjur í fjárreiðulögum utan þess að birta á yfirlit í fjárlögum um stöðu þeirra og ráðstöfun. Hvergi er að finna fyrirmæli um áhrif þeirra á fjárheimildir.

## Uppgjör rekstrartekna

Skv. ríkisreikningi breyttust fjárheimildir hjá 86 ríkisstofnunum vegna innheimtu rekstrartekna. Fjárheimildir breyttust einnig vegna annarra tekna, s.s. vegna sölu á eignum og fjárframlaga, bæði frá aðilum innanlands og erlendis. Skv. fjárlögum og fjáraukalögum var gert ráð að innheimta rekstrartekna næmi 3,9 ma. kr. en hún reyndist 4,9 ma. kr. þannig að fjárheimildir jukust 1 ma.kr. á árinu 2000.

## Sértekjur

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1999 eru gerðar athugasemdir við meðferð sértekna (sjá bls. 58 og 59). Vísað er til 12. gr. laga um fjárreiður ríkisins en þar er að finna

skilgreiningu á því hvað skuli kallast sértekjur sem heimilt sé að færa til lækkunar gjalda. Í skýrslunni kemur fram það mat Ríkisendurskoðunar að fjölmargt sem fært hefur verið sem sértekjur ríkissjóðs teljist ekki sértekjur í skilningi fjárreiðulaga.

Stofnunin taldi að af þeim 12,8 ma. kr. sem færðar voru sem sértekjur í ríkisreikningi 1999 falli um helmingur fjárhæðarinnar undir skilgreiningu laganna og þriðjungur sé innbyrðis kostnaðarhlutdeild A-hluta aðila sem væri rétt að færa á tekjuhlið ríkisreiknings. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að framsetning sértekna í ríkisreikningi taki fullt mið af ákvæðum 12. greinar fjárreiðulaganna. Áréttað skal að slík framsetning hefur ekki áhrif á afkomu ríkissjóðs.

Á þessu ári sendi Ríkisendurskoðun frá sér sérstaka greinargerð um meðferð sértekna í ríkisreikningi. Þar var fjallað um þau álitamál sem stofnunin taldi að taka þyrfti afstöðu til. Má þar nefna innbyrðis framlög A-hluta stofnana, húsaleigu, kostnaðarhlutdeild og framlög til rekstrar og fjárfestinga.

Ljóst er að taka þarf vinnslu sértekna í ríkisreikningi til gagngerrar endurskoðunar ef fylgja á ákvæðum fjárreiðulaganna og tryggja að flokkun ríkissjóðstekna sé í samræmi við alþjóðlega staðla. Þetta þarf að gera án þess að hrófla við reikningsskilum einstakra stofnana. Vegna þessa er nauðsynlegt að einstakar stofnanir geri grein fyrir þeim tekjum sem þær færa í eigin reikningsskilum. Á grundvelli slíkrar greinargerðar yrði síðan tekin ákvörðun um eðli teknanna og þær færðar í samræmi við það í samstæðureikningsskilum ríkisins.

## Skuldbreytingar opinberra gjalda 1999 – 2000

Á árinu 1999 bárust Ríkisendurskoðun til umsagnar erindi átta aðila vegna skuldbreytinga. Mælt var með að fallast á erindi sjö aðila en gegn skuldbreytingu hjá einum. Í einu tilfelli var um breytingu á skilmálum að ræða. Á árinu 2000 bárust 3 erindi sem öll voru samþykkt.

Fjármálaráðherra samþykkti skuldbreytingu hjá 10 aðilum, en þremur var hafnað. Alls voru gefin út 9 skuldabréf vegna 8 einstaklinga. Heildarfjárhæð opinberra gjalda sem var skuldbreytt á árunum 1999

og 2000 nam 20,6 m.kr. Bréfin eru öll verðtryggð og bera meðaltalsvexti eins og þeir eru ákvarðaðir af Seðlabanka Íslands.

## Nauðasamningar staðfestir árin 1999 og 2000

Á árinu 1999 bárust Ríkisendurskoðun til umsagnar 6 erindi þar sem óskað var eftir samþykki fjármálaráðherra við nauðasamning skv. lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti. Ríkisendurskoðun var meðmælt 4 nauðasamningum en fjármálaráðuneytið samþykkti endanlega aðeins 3 nauðasamninga og námu skuldir vegna þeirra alls 5,1m.kr. Þar af greiddust 1,4 m.kr. eða 28,0%

Á árinu 2000 komu einnig til umsagnar Ríkisendurskoðunar 6 erindi þar sem óskað var eftir samþykki fjármálaráðherra á nauðasamningum. Ríkisendurskoðun var meðmælt 5 þessara erinda og voru þau öll samþykkt af hálfu fjármálaráðuneytisins. Eingöngu tveir aðilar gengu frá nauðasamningum á árinu og námu skuldir þeirra 7,2 m.kr. og greiddist upp í þær 1,3 m.kr. eða 18,6%. Hér eru ekki meðtaldir þeir nauðasamningar sem ríkissjóður er bundinn af, þó svo hann hafi ekki samþykkt þá, sbr. ákvæði í lögum um gjaldþrotaskipti þar að lútandi. Ekki liggur fyrir hve háar fjárhæðir er þar um að ræða.

# 5 Endurskoðun A-hluta stofnana og fjárlagaliða

Stærsta verkefni Ríkisendurskoðunar er endurskoðun á stofnunum og fjárlagaliðum í A-hluta ríkisreiknings. Rekstur stofnana í A-hluta er að mestu fjármagnaður með framlagi af skatttekjum og margar þeirra notfæra sér bókhalds- og greiðsluþjónustu Ríkisbókhalds. Endurskoðun stofnana sem teljast til A-hluta ríkisreiknings beinist einkum að gjaldaliðum, sértekjum og eignaskráningu.

Ríkisendurskoðun hefur sett sér það markmið að allir fjárlagaliðir skuli endurskoðaðir eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Í töflunni hér að neðan eru tilgreindar þær stofnanir og fjárlagaliðir í A-hluta ríkisreiknings sem endurskoðaðir voru að þessu sinni.

**Tafla 48 Endurskoðaðar stofnanir og fjárlagaliðir í A-hluta ríkisreiknings 2000**

| Fjl.nr. | Nafn | Fjl.nr. | Nafn |
|---|---|---|---|
| | | | |
| 00-101 | Embætti forseta Íslands | 02-204 | Stofnun Sigurðar Nordals |
| 00-201 | Alþingi | 02-205 | Stofnun Árna Magnússon |
| 00-211 | Lýðveldissjóður | 02-207 | Íslensk málsstöð |
| 00-401 | Hæstiréttur | 02-208 | Örnefnastofnun |
| 00-701 | Vestnorræna ráðið | 02-210 | Háskólinn á Akureyri |
| 01-101 | Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa | 02-221 | Kennaraháskóli Íslands |
| 01-101 | Þjóðhátíðarsjóður | 02-223 | Námsmatsstofnun |
| 01-190 | Grænlandssjóður 1999 + 2000 | 02-231 | Rannsóknarráð Íslands |
| 01-190 | Kjararannsóknarnefnd | 02-235 | Rannsókn og þróun IT og umhverfis |
| 01-190 | Þjóðargjöf Norðmanna | 02-236 | Vísindasjóður |
| 01-211 | Þjóðhagsstofnun | 02-237 | Tæknisjóður |
| 01-241 | Umboðsmaður barna | 02-239 | Rannsóknarnámssjóður |
| 01-251 | Þjóðmenningarhús | 02-276 | Bygginga- og tækjasjóður |
| 01-271 | Ríkislögmaður | 02-299 | Norræna Eldfjallastöðin |
| 02-101 | Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 02-365 | Borgarholtsskóli, bygging |
| 02-201 | Háskóli Íslands, endurmenntunarstofnun | 02-507 | Stýrimannask. í Reykjavík |
| 02-201 | Leonardo, landsskrifstofa | 02-725 | Námsgagnastofnun |
| 02-201 | Sókrates, landsskrifstofa | 02-902 | Þjóðminjasafn Íslands |
| 02-202 | Tilraunastöð Háskólans að Keldum | 02-903 | Þjóðskjalasafn Íslands |
| 02-203 | Raunvísindastofnun HÍ | 02-905 | Landsbókasafn - háskólabókasafn |

| Fjl.nr. | Nafn | Fjl.nr. | Nafn |
|---|---|---|---|
| | | | |
| 02-906 | Listasafn Einars Jónssonar | 06-413 | Sýslumaðurinn Borgarnesi |
| 02-907 | Listasafn Íslands | 06-414 | Sýslumaðurinn Stykkishólmi |
| 02-909 | Blindrabókasafn Íslands | 06-415 | Sýslumaðurinn Búðardal |
| 02-919 | Söfn almennt | 06-416 | Sýslumaðurinn Patreksfirði |
| 02-972 | Íslenski dansflokkurinn | 06-417 | Sýslumaðurinn Bolungarvík |
| 02-979 | Húsafriðunarsjóður | 06-418 | Sýslumaðurinn Ísafirði |
| 02-984 | Norræna húsið | 06-419 | Sýslumaðurinn Hólmavík |
| 02-985 | Menntast. Ísl. og USA | 06-420 | Sýslumaðurinn Blönduósi |
| 03-101 | Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa | 06-421 | Sýslumaðurinn Sauðárkróki |
| 03-201 | Sýslum. á Keflavíkurflug | 06-422 | Sýslumaðurinn Siglufirði |
| 03-211 | Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli | 06-423 | Sýslumaðurinn Ólafsfirði |
| 03-390 | Þróunarsamvinnust. Ísl. | 06-424 | Sýslumaðurinn Akureyri |
| 04-101 | Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa | 06-425 | Sýslumaðurinn Húsavík |
| 04-221 | Veiðimálastofnun | 06-426 | Sýslumaðurinn Seyðisfirði |
| 04-222 | Veiðimálastjóri | 06-428 | Sýslumaðurinn Eskifirði |
| 04-233 | Yfirdýralæknir | 06-429 | Sýslumaðurinn Höfn Hornafirði |
| 04-261 | Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri | 06-430 | Sýslumaðurinn Vík í Mýrdal |
| 04-271 | Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal | 06-431 | Sýslumaðurinn Hvolsvelli |
| 04-283 | Garðyrkjuskóli ríkisins | 06-432 | Sýslumaðurinn Vestmannaeyjum |
| 04-293 | Hagþjónusta landbúnaðari | 06-433 | Sýslumaðurinn Selfossi |
| 04-311 | Landgræðsla ríkisins | 06-434 | Sýslumaðurinn Keflavík |
| 04-321 | Skógrækt ríkisins | 06-436 | Sýslumaðurinn Hafnarfirði |
| 04-331 | Héraðsskógar | 06-437 | Sýslumaðurinn Kópavogi |
| 04-343 | Suðurlandsskógar (ársreikn. 1999 líka) | 06-501 | Fangelsismálast. ríkisins |
| 04-828 | Garðávaxtasjóður | 06-701 | Biskupsstofa |
| 04-891 | Áform og átaksverkefni | 06-701 | Endurskoðun kirkjustofnana |
| 05-000 | Greiðslumiðlun í sjávarútv | 06-701 | Fjölskylduþjónusta |
| 05-101 | Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa | 06-701 | Hinn almenni kirkjusjóður |
| 05-203 | Rannsóknast. Fiskiðnaðar. | 06-701 | Jöfnunarsjóður sókna |
| 05-204 | Fiskistofa | 06-701 | Kirkjubyggingasjóður |
| 05-207 | Gjaldtökusj. Ól. Sjávarafl. | 06-701 | Kirkjugarðssjóður |
| 05-209 | Byggingasj.hafran.skips | 06-701 | Prestssetrasjóður |
| 05-211 | Kvótaþing | 06-701 | Söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar |
| 05-215 | Gengismunasjóður | 06-701 | Vörslusjóður kirkjunnar |
| 05-216 | Gæða og orkufjársjóður | 06-701 | Þjóðkirkjan |
| 05-217 | Sjávarspendýrasjóður | 06-705 | Kirkjumálasjóður |
| 05-218 | Veiðafærarannsóknir | 06-707 | Kristnisjóður |
| 05-273 | Sjávarútvegshús, undirbúningur | 07-101 | Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa |
| 05-274 | Húsbyggingasjóður | 07-205 | Íbúðalánasjóður |
| 06-101 | Dóms- og kirkjum.ráðun., aðalskrifstofa | 07-302 | Ríkissáttasemjari |
| 06-201 | Hæstiréttur | 07-331 | Vinnueftirlit ríkisins |
| 06-301 | Ríkissaksóknari | 07-720 | Skálatúnsheimilið |
| 06-303 | Ríkislögreglustjóri | 07-801 | Jöfnunarsjóður sveitarfél. |
| 06-305 | Lögregluskóli ríkisins | 07-971 | Erfðafjársjóður |
| 06-311 | Lögreglustjórinn í Reykjav | 07-980 | Vinnumálastofnun |
| 06-321 | Almannavarnir ríkisins | 07-982 | Ábyrgðasjóður launa |
| 06-395 | Landhelgisgæsla Íslands | 07-984 | Atvinnuleysistrygg.sjóður |
| 06-411 | Sýslumaðurinn Reykjavík | 07-987 | Tryggingasj. sjálfst.starfandi |
| 06-412 | Sýslumaðurinn Akranesi | 08-101 | Heilbrigðis- og trygg.m.rn., aðalskr. |

| Fjl.nr. | Nafn | Fjl.nr. | Nafn |
|---|---|---|---|
| | | | |
| 08-201 | Tryggingastofnun ríkisins | 08-711 | Heilbrigðisstofnunin Akranesi |
| 08-203 | Bætur skv. l. um félagsl. aðst. | 08-715 | St. Fransiskuspítalinn, Stykkishólmi |
| 08-204 | Fæðingarorlofssjóður | 08-721 | Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði |
| 08-204 | Lífeyristryggingar | 08-731 | Heilbrigðisst. Bolungarvík |
| 08-206 | MDS mælingasjóður | 08-735 | Heilbrigðisst. Hólmavík |
| 08-206 | Sjúkratryggingar | 08-745 | Heilbrigðisstofnunin Blönduós |
| 08-208 | Frjálsar slysatryggingar | 08-761 | Heilsbrigðisst. Húsavík |
| 08-208 | Slysatryggingar | 08-777 | Heilbr.st. Austurlands |
| 08-214 | Eftirlaunasj. aldraðra | 08-785 | Heilbrigðisst. Selfossi |
| 08-301 | Landlæknir | 08-791 | Heilbrigðisstofnun Suðurnesja |
| 08-324 | Heyrnar-og talm.st. Ísl. | 08-999 | Árnessjóður |
| 08-326 | Sjónstöð Íslands | 09-100 | Efnahagur |
| 08-327 | Geislavarnir ríkisins | 09-100 | Flugkerfi hf. |
| 08-358 | Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri | 09-100 | Íslandspóstur hf. |
| 08-368 | Sólvangur, Hafnarfirði | 09-100 | Landssími Íslands hf. |
| 08-373 | Landspítali - háskólasjúkrahús | 09-100 | Landssími Íslands hf./ársfj. |
| 08-385 | Framkvæmdasj. aldraðra | 09-100 | Skráningarstofan hf. |
| 08-399 | Tannverndarsjóður | 09-100 | Þróunar- og símenntunarsj. |
| 08-400 | St. Jósefsspítali, Hafnarfirði | 09-100 | Landsbanki Íslands |
| 08-408 | Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð | 09-101 | Fjármálaráðuneyti Aðalskrifstofa |
| 08-409 | Hjúkrunarheimilið Skjól | 09-103 | Ríkisbókhald |
| 08-410 | Hjúkrunarheimilið Eir | 09-103 | Ríkiskaup |
| 08-412 | Hjúkrunarheimilið Skógarbær | 09-104 | Ríkisféhirði |
| 08-414 | Hjúkrunarheimilið Lundur | 09-104 | Ríkisféhirðir, talning |
| 08-415 | Hulduhlíð | 09-201 | Ríkisskattstjóri |
| 08-416 | Hornbrekka | 09-202 | Skattstofan í Reykjavík |
| 08-420 | S. Á. Á. | 09-203 | Skattstofa Vesturlands |
| 08-421 | Hjúkrunarheimilið Víðines | 09-204 | Skattstofa Vestfjarða |
| 08-422 | Visth. Hlaðgerðarkoti | 09-205 | Skattstofa Norðurlands vestra |
| 08-430 | Sjálfsbjörg, | 09-206 | Skattstofa Norðurlands eystra |
| 08-431 | Heilsustofnun Náttúrulækningafél. Ísl. | 09-207 | Skattstofa Austurlands |
| 08-435 | Hlein | 09-208 | Skattstofa Suðurlands |
| 08-485 | Hlíðabær | 09-209 | Skattstofa Vestmannaeyja |
| 08-490 | Vistun ósakhæfra afbrotamanna (SOGN) | 09-210 | Skattstofa Reykjaness |
| 08-495 | Daggjaldastofnanir | 09-212 | Skattar- og tollamál, ýmis útgj. |
| 08-495 | Dalbær, Dalvík | 09-214 | Yfirskattanefnd |
| 08-495 | Dvalarh. Barmahlíð | 09-215 | Skattrannsóknarstjóri |
| 08-495 | Dvalarheimili aldraðra, Borgarnesi | 09-261 | Ríkistollstjóri |
| 08-495 | Dvalarh. Fellaskjól | 09-262 | Tollstjórinn í Reykjavík |
| 08-495 | Dvalarheimilið Höfði, Akranesi | 09-381 | Lífeyrissjóður hjúkrunarkvenna |
| 08-495 | Elliheimilið Grund | 09-381 | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins |
| 08-495 | Hjallatún, Vík | 09-402 | Fasteignamat ríkisins |
| 08-495 | Hrafnista, Hafnarfirði | 09-711 | Afskriftir skatttekna |
| 08-495 | Hrafnista, Reykjavík | 09-901 | Framkvæmdasýslan |
| 08-495 | Hvammur, Húsavík | 09-980 | Rekstrarfélag stjórnarr.bygg. |
| 08-495 | Klausturhólar | 09-984 | Fasteignir ríkissjóðs |
| 08-495 | Múlabær | 09-995 | Skýrsluvélakostnaður |
| 08-495 | Reykjalundur | 09-999 | Markaðar tekjur/rekstrartekjur |
| 08-505 | Heilsugæsla í Reykjavík | 09-999 | Ríkissjóðstekjur |
| 08-510 | Heilsuverndarst. í RVK | 09-999 | Tryggingagjald |

| Fjl.nr. | Nafn | Fjl.nr. | Nafn |
|---|---|---|---|
| | | | |
| 09-999 | Virðisaukaskattur | 11-411 | Byggðastofnun |
| 09-999 | Ýmislegt | 12-101 | Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa |
| 10-100 | Breiðafjarðarferjan Baldur hf. | 12-302 | Útvegsbanki Íslands - biðreikningur |
| 10-101 | Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa | 12-402 | Fjármálaeftirlitið |
| 10-211 | Vegagerð ríkisins | 12-902 | Samkeppnisstofnun |
| 10-335 | Siglingastofnun Íslands | 13-101 | Hagstofa Íslands, aðalskrifstofa |
| 10-471 | Flugmálastjórn | 14-101 | Umhverfisráðuneyti , aðalskrifstofa |
| 10-472 | Flugmálastofnun / Flugvellir | 14-210 | Veiðistjóri |
| 10-512 | Póst- og fjarskiptastofnun | 14-221 | Hollustuvernd ríkisins |
| 10-651 | Ferðamálaráð | 14-285 | Spilliefnanefnd |
| 11-101 | Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa | 14-301 | Skipulagsstofnun |
| 11-201 | Iðntæknistofnun | 14-310 | Landmælingar Íslands |
| 11-203 | Rannsóknast. Bygg.iðn | 14-321 | Brunamálastofnun ríkisins |
| 11-299 | Kísilgúrsjóður | 14-381 | Ofanflóðasjóður |
| 11-301 | Orkustofnun | 14-407 | Stofnun Vilhj. Stefánss. |
| 11-371 | Jarðhitaleitarátak | 14-410 | Veðurstofa Íslands |
| 11-371 | Orkusjóður | | |
| 11-399 | Landsvirkjun | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

# Aðalskrifstofur ráðuneytanna

Fjárhagsendurskoðun á ráðuneytum vegna ársins 2000 beindist einkum að rekstri aðalskrifstofa. Endurskoðunin var gerð á samræmdan hátt. Atriði sem komu til skoðunar voru m.a. innra eftirlit vegna tekna og gjalda, bókhald og fjárreiður, áætlanagerð, launamál, efnahagsliðir (þ.m.t. viðskiptastaða við ríkissjóð), önnur rekstrargjöld, ferðakostnaður, risnu- og gjafakostnaður, eignakaup og tilfærslur. Einnig voru fjárheimildir bornar saman við rekstur og gerð grein fyrir helstu frávikum.

## Fjárheimildir

Taflan hér að neðan sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstrarniðurstöðu hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna á árinu 2000.

## Tafla 49 Samanburður á fjárheimildum og rekstrarniðurstöðu aðalskrifstofa ráðuneytanna

| Aðalskrifst. ráðun. Í þús. kr. | Fjárlög | Fjár-aukalög | Millif. á árinu | Launa- og verð-br.heim | Fjár-heimild ársins | Útkoma ársins | Frávik | Fjár-heimild frá f.ári | Staða fjárheim. í árslok |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðun. | 129.800 | 12.000 | 17.500 | 300 | 159.600 | 155.273 | 4.327 | -15.965 | -11.638 |
| Menntamálaráðun. | 331.700 | | 9.970 | 4.100 | 345.770 | 346.366 | -596 | -1.011 | -1.607 |
| Utanríkisráðun. | 565.900 | 50.000 | 40.195 | 7.500 | 663.595 | 677.613 | -14.018 | -16.520 | -30.538 |
| Landbúnaðarráðun. | 118.800 | | 6.000 | 2.100 | 126.900 | 127.223 | -323 | -875 | -1.198 |
| Sjávarútvegsráðun. | 127.100 | | | 1.300 | 128.400 | 128.167 | 233 | 5.690 | 5.923 |
| Dóms- og kirkjum.r.n. | 173.700 | 2.600 | 9.100 | 3.800 | 189.200 | 184.266 | 4.934 | -3.947 | 987 |
| Félagsmálaráðun. | 145.600 | 4.000 | 7.300 | 800 | 157.700 | 158.965 | -1.265 | 4.027 | 2.762 |
| Heilbr.- og tr.málar.n. | 227.900 | 11.800 | 6.000 | 3.400 | 249.100 | 251.983 | -2.883 | -926 | -3.809 |
| Fjármálaráðun. | 354.000 | 2.500 | 8.000 | 3.800 | 368.300 | 356.650 | 11.650 | -2.579 | 9.071 |
| Samgönguráðun. | 151.700 | 1.800 | 3.000 | 2.100 | 158.600 | 165.091 | -6.491 | -10.249 | -16.740 |
| Iðnaðarráðun. | 75.000 | 10.000 | 6.000 | 1.900 | 92.900 | 83.805 | 9.095 | -12.243 | -3.148 |
| Viðskiptaráðun. | 98.600 | 10.000 | 7.700 | 2.200 | 118.500 | 112.286 | 6.214 | -10.261 | -4.047 |
| Umhverfisráðun. | 150.100 | 8.000 | 45.105 | 1.500 | 204.705 | 195.841 | 8.864 | -5.873 | 2.991 |
| | 2.649.900 | 112.700 | 165.870 | 34.800 | 2.963.270 | 2.943.529 | 19.741 | -70.732 | -50.991 |

Fjárheimildir aðalskrifstofa ráðuneytanna námu rúmum 2,6 ma.kr. á fjárlögum 2000. Við þetta bættust samtals tæplega 313,4 m.kr. árinu sem skiptast þannig að heimildir fjáraukalaga námu 112,7 m.kr., millifærslur af öðrum fjárlagaliðum námu 165,9 m.kr., og launa- og verðlagsbætur 34,8 m.kr.

Í upphafi ársins 2000 höfðu aðalskrifstofur ráðuneytanna ráðstafað 70,7 m.kr. til útgjalda umfram heimildir. Að teknu tilliti til afkomu ársins höfðu aðalskrifstofurnar ráðstafað tæpri 51 m.kr. umfram heimildir. Halli varð af rekstri 5 aðalskrifstofa á árinu 2000 og nam hann samtals 25,6 m.kr. en 7 aðalskrifstofur voru með rekstrarafgang á árinu sem nam samtals 45,3 m.kr.

Stærsta einstaka framlag á fjáraukalögum var til utanríkisráðuneytis eða 50 m.kr. m.a. til að mæta ófyrirséðum kostnaði vegna aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, ráðgjafar og annarra útgjalda á árunum 1998-2000 í tengslum við varnarsamstarf Íslands og Bandaríkjanna. Þá var framlaginu einnig ætlað að renna til Þýðingarmiðstöðvar vegna EES-gerða og til kynningar á íslensku Kyoto-tillögunni.

Fleiri ráðuneyti en utanríkisráðuneytið fengu framlag á fjáraukalögum. Í því sambandi má nefna eftirtalin ráðuneyti. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið fékk 11,8 m.kr. framlag til að mæta áföllnum kostnaði vegna undirbúnings að rekstri nýs hjúkrunarheimils. Forsætisráðuneytið fékk 12 m.kr. framlag vegna opinberra heimsókna og hækkunar á launakostnaði vaktmanna. Iðnaðarráðuneytið fékk 10

m.kr. framlag vegna undirbúnings stóriðju og virkjanamála og kostnaðar sem tengist því að ráðuneytið hefur tekið við stjórn byggðamála. Viðskiptaráðuneytið fékk 10 m.kr. framlag vegna endurskipulagningar fjármagnsmarkaðar og einkavæðingar ríkisfyrirtækja. Loks má nefna að umhverfisráðuneytið fékk 8 m.kr. framlag vegna aukinna verkefna fulltrúa í Brussel og til að mæta ófyrirséðum kostnaði.

Millifærslur námu samtals 165,8 m.kr. og skiptust þannig að færslur milli fjárlagaliða innan sama ráðuneytis námu alls 142,2 m.kr. en frá öðrum ráðuneytum 23,6 m.kr. Dæmi eru um að kostnaður falli á aðalskrifstofur ráðuneyta vegna ýmissa verkefna sem í raun tilheyra öðrum fjárlagaliðum. Ráðuneytin hafa haft þann hátt á varðandi þessi verkefni að fjárheimild sem samsvarar þeim kostnaði sem um er að ræða er millifærð af viðkomandi fjárlagalið á aðalskrifstofu. Ríkisendurskoðun telur almennt eðlilegt í slíkum tilfellum að kostnaður sé bókfærður á þann fjárlagalið sem hann tilheyrir.

Eftirfarandi tafla sýnir greiðslustöðu aðalskrifstofa ráðuneytanna gagnvart ríkissjóði.

**Tafla 50 Greiðslustaða við ríkissjóð**

| Í þús. kr. | Inneign | Skuld |
|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | | 9.210 |
| Menntamálaráðuneytið | 1.864 | |
| Utanríkisráðuneytið | | 11.212 |
| Landbúnaðarráðuneytið | 713 | |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 7.172 | |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 6.480 | |
| Félagsmálaráðuneytið | 2.433 | |
| Heilbr.- og tr.málaráðuneytið | 3.059 | |
| Fjármálaráðuneytið | 18.160 | |
| Samgönguráðuneytið | | 10.303 |
| Iðnaðarráðuneytið | | 2.244 |
| Viðskiptaráðuneytið | | 1.070 |
| Umhverfisráðuneytið | 5.971 | |
| | 45.852 | 34.039 |

Í efnahagsreikningi er birt viðskiptastaða ráðuneytanna gagnvart ríkissjóði. Þessi staða sýnir mismun milli framlags sem ráðuneytum er

ákvarðað og raunverulegra greiðslna úr ríkissjóði. Í árslok 2000 var staða aðalskrifstofa ráðuneytanna þannig að inneign hjá ríkissjóði nam samtals 45,8 m.kr. og skuld nam á sama tíma 34 m.kr. Átta ráðuneyti áttu inni hjá ríkissjóði en 5 ráðuneyti skulduðu sjóðnum. Til samanburðar má geta þess að í árslok 1999 nam heildarinneign ráðuneytanna hjá ríkissjóði 37,8 m.kr. og skuld 36,1 m.kr. Inneign hækkaði því um 8 m.kr. og skuldir lækkuðu um 2,1 m.kr.

**Bókhald og fjárreiður**

Almennt má segja að gott skipulag hafi verið á bókhaldi og fjárreiðum flestra aðalskrifstofa ráðuneytanna. Ríkisbókhald og ríkisféhirðir annast bókhald þeirra og greiðslur reikninga, sem veitir öryggi og tryggir innra eftirlit. Dæmi var um að ráðuneyti hefði nýlega styrkt til muna umsjón bókhalds og fjárreiðna.

Flestar athugasemdir voru gerðar við umhirðu bókhalds og fjárreiðna hjá landbúnaðarráðuneyti. Ráðuneytinu var bent á að yfirfara bókhaldið með reglubundnum hætti til að tryggja að gjöld og tekjur væru bókfærðar á réttar tegundir og viðfangsefni. Einnig að gæta þess að fylgiskjöl væru greinilega sundurliðuð þannig að ljóst sé hvað keypt er hverju sinni.

Þar sem iðnaðarráðuneytið og viðskiptaráðuneytið eru í reynd rekin sem eitt ráðuneyti og sami aðili gegnir stöðu ráðuneytisstjóra fyrir bæði ráðuneytin, telur Ríkisendurskoðun æskilegt að ráðuneytin verði sameinuð í fjárlögum og ríkisreikningi. Á árinu 2000 var hluta af kostnaði ekki skipt milli þessara tveggja ráðuneyta í bókhaldi þeirra í samræmi við hlut hvors fyrir sig þannig að samanburður á rekstrarniðurstöðu milli ára varð ómarktækur. Í þessu tilfelli var kostnaðurinn bókaður óskiptur hjá öðru ráðuneytinu.

Við endurskoðun hjá dóms- og kirkjumálaráðuneyti var bent á að taka þyrfti upp við fjármálaráðuneytið hvernig fara eigi með innheimtu ógreiddra reikninga fyrir ríkistekjum en ekki virðist alveg ljóst hver eigi að bera ábyrgð á innheimtunni.

Við endurskoðun hjá utanríkisráðuneyti var bent á að innheimta lóðaleigu og tekna vegna útseldrar sérfræðiþjónustu hefði ekki verið í

nógu góðu horfi. Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að settar verði reglur um hvaða þjónusta er seld út hjá ráðuneytinu og hvaða þjónusta ekki.

Árið 1997 var gerð athugasemd í endurskoðunarskýrslu utanríkisráðuneytis vegna færslu gjalda í bókhaldi ráðuneytisins sem tilheyrðu sendiskrifstofum erlendis. Enn er talsverður hluti kostnaðar sendiskrifstofa færður undir aðalskrifstofu ráðuneytisins. Ríkisendurskoðun bendir á að samkvæmt 1. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins skulu reikningsskil ríkisaðila gefa glögga mynd af rekstri og efnahag þeirra en með því að færa kostnaðarliði sendiskrifstofa í bókhald aðalskrifstofunnar gefur það hvorki rétta mynd af afkomu og efnahag hennar né sendiskrifstofanna.

Hjá nokkrum ráðuneytum voru dæmi um að reikningar væru tekjufærðir við greiðslu þótt það gerðist á næsta ári eftir útgáfu þeirra eða síðar. Ríkisendurskoðun bendir á að allar tekjur skulu færðar á því ári sem til þeirra er aflað án tillits til þess hvort þær eru greiddar fyrir lok reikningsárs eða ekki. Dæmi var um ábendingu þess efnis að umsjón reikningagerðar vegna tekna og innheimta þeirra ætti að fara fram á einum stað innan ráðuneytis í stað þess að dreifast á fleiri staði eftir verkefnasviðum.

## Áætlanagerð og fjármálastjórn

Í flestum ráðuneytum er gerð áætlun um útgjöld og tekjur í rekstrinum. Áætlunin er þá oft jafnframt sett í Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins en þar kemur fram samanburður fjárhæða í rekstrinum og rekstraráætluninni. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að rekstraráætlun sé notuð sem virkt tæki til stjórnunar og eftirlits með fjármálum stofnana. Athugasemdir komu fram hjá nokkrum ráðuneytanna sem lutu m.a. að því að ekki væri nógu gott samræmi milli áætlunar og rauntalna í rekstri en gert er ráð fyrir að fjárlögin séu til lögð til grundvallar við gerð rekstraráætlunar. Bent var á að við breytingu fjárheimilda ætti að uppfæra rekstraráætlun í samræmi við breytingarnar. Ekki var í öllum tilfellum við ráðuneytið að sakast í þessu efni. Stundum höfðu millifærslur ekki skilað sér nógu greiðlega í bókhaldinu til að hægt væri að styðjast við raunupplýsingar á hverjum tíma. Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að í upphafi árs sé gerð rekstraráætlun hjá öllum ráðuneytum sem jafnan sé uppfærð eftir nýjustu fjárheimildum. Einnig

þarf að leggja áherslu á að áætlunin sé færð í Bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins. Jafnframt er rétt að gera áætlun um risnukostnað og ferðakostnað eftir þeim forsendum sem liggja fyrir á hverjum tíma.

## Launamál

Launavinnsla ráðuneytanna fer almennt skipulega fram og er með svipuðu sniði allsstaðar. Gerðir eru ráðningarsamningar við starfsmenn. Tilteknir starfsmenn, yfirmenn fjármáladeilda eða aðstoðarmenn þeirra, annast yfirleitt skráningu í launakerfið. Ákvörðun um launabreytingar er í höndum ráðuneytisstjóra eða skv. samkomulagi milli hans og ákveðinna starfsmanna og skrifleg gögn liggja almennt að baki launaákvörðunum. Aðgangur að launakerfinu er jafnan takmarkaður við þá sem annast skráningu í launakerfið og yfirmenn þeirra þar sem við á. Til að fylgjast með viðveru og fjarvistum starfsmanna er yfirleitt notast við stimpilklukku þótt ein undantekning sé þar á. Starfslýsingar fyrir starfsmenn aðalskrifstofanna voru yfirleitt til staðar.

Við endurskoðun hjá fjármálaráðuneyti var gerð athugasemd við það að launabreytingar væru gerðar án þess að fyrir lægi skriflegt samþykki frá þeim sem heimild hafa til launaákvarðana. Við endurskoðun hjá landbúnaðarráðuneyti kom fram að aukagreiðslur til eins starfsmanns í ráðuneytinu, sem hafa verið greiddar honum beint, ættu að greiðast fyrir milligöngu launaafgreiðslu Ríkisbókhalds eins og aðrar launagreiðslur í ráðuneytinu. Ábendingar komu fram í nokkrum ráðuneytum um að yfirmenn ættu ávallt að samþykkja viðveruskráningu starfsmanna með undirritun sinni og einnig var dæmi um að samþykki yfirmanns vantaði á launaskráningu vegna starfsmanna.

## Samþykktar- og áritunarkerfi

Hluti af endurskoðunarvinnu vegna ráðuneytanna fólst í því að kanna ferli reikninga allt frá því að þeir berast ráðuneytunum og þar til þeir eru greiddir. Að jafnaði gilda ákveðnar verklagsreglur um ferli reikninga sem miða að því að sannreyna allan kostnað og samþykkja með áritun áður en til greiðslu kemur. Mismunandi er hvernig ferlinu er háttað og fer það eftir stjórnskipulagi hvers ráðuneytis fyrir sig. Almenn má þó segja að gert er ráð fyrir að yfirmenn deilda eða þeir sem panta

vörur eða þjónustu og bera þannig ábyrgð á innkaupunum samþykki reikninga sem að þeim snúa en síðan eru þeir oft áritaðir af yfirmönnum fjármáladeilda eða ráðuneytisstjóra í vissum tilfellum. Yfirleitt er hér um verklag að ræða sem starfsmenn kunna skil á án þess að fyrir liggi skrifleg lýsing á því. Undantekningar frá þessu var að finna í menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti en þar eru til skriflegar lýsingar á samþykktar- og áritunarkerfi reikninga sem ráðuneytin vinna eftir. Ríkisendurskoðun hefur mælst til þess við hin ráðuneytin að þau taki upp sams konar verklag hjá sér og láti gera skriflega lýsingu á því hverjir eigi að samþykkja og árita reikninga fyrir greiðslu.

## Efnahagsliðir

Efnahagsliðir í bókhaldi aðalskrifstofanna felast aðallega í viðskiptastöðu við ríkissjóð, ferðakostnaði starfsmanna sem eftir er að gera upp og almennum viðskiptareikningum. Yfirleitt eru aðalskrifstofurnar ekki með sjóði eða bankareikninga í rekstri sínum en þó eru dæmi um það í utanríkisráðuneyti, viðskiptaráðuneyti og heilbrigðis og tryggingamálaráðuneyti. Athugasemdir sem fram komu við efnahagsliði lutu aðallega að uppgjöri ferðakostnaðar. Dæmi voru um eftirstöðvar eldri reikninga sem eftir var að ganga frá. Núorðið er yfirleitt höfð sú regla að gengið er frá ferðareikningum jafnóðum en eftir sitja í bókhaldi sumra ráðuneyta gamlar eftirstöðvar sem jafnvel reynist erfitt að skýra að fullu. Ríkisendurskoðun hefur lagt áherslu á það við ráðuneytin að gengið verði frá eldri mismunum í viðskiptamannabókhaldi þeirra.

Ábending var gerð vegna viðskiptafærslu tekna en virða verður þá reglu að viðskiptafæra tekjureikninga sem ekki eru staðgreiddir í stað þess að tekjufæra þá við greiðslu sem getur í sumum tilfellum dregist nokkuð frá útgáfu reiknings. Jafnframt var hvatt til þess þar sem með þurfti að settar væru fastar reglur um innheimtuferli ógreiddra reikninga.

Í sumum ráðuneytum eru innheimtar aukatekjur ríkissjóðs en þær koma ekki fram í bókhaldi ráðuneytanna þar sem ekki er um sértekjur að ræða heldur ríkissjóðstekjur sem skilað er reglulega til ríkisféhirðis. Oft eru þessar tekjur færðar í sjóðbók í ráðuneytunum en mælst var til þess að sá háttur væri tekinn upp þar sem hann var ekki viðhafður.

## Ferðakostnaður erlendis

Eftirfarandi er greining á ferðakostnaði erlendis sem gjaldfærður var hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna á árunum 1999 og 2000.

### Tafla 51 Ferðakostnaður erlendis

| Þús. kr. | 2000 | 1999 | Breyting | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 18.267 | 13.345 | 4.922 | 36,9% |
| Menntamálaráðuneytið | 15.363 | 12.361 | 3.002 | 24,3% |
| Utanríkisráðuneytið – sendiráð - fastanefndir[5] | 119.392 | 105.016 | 14.376 | 13,7% |
| Landbúnaðarráðuneytið | 8.929 | 7.749 | 1.180 | 15,2% |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 13.695 | 12.436 | 1.259 | 10,1% |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 17.920 | 14.265 | 3.655 | 25,6% |
| Félagsmálaráðuneytið | 10.552 | 7.228 | 3.324 | 46,0% |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 16.156 | 19.008 | (2.852) | 15,0% |
| Fjármálaráðuneytið | 24.721 | 26.692 | (1.971) | -7,4% |
| Samgönguráðuneytið | 14.832 | 11.823 | 3.009 | 25,5% |
| Iðnaðarráðuneytið | 2.744 | 3.001 | (257) | -8,6% |
| Viðskiptaráðuneytið | 13.959 | 11.100 | 2.859 | 25,8% |
| Umhverfisráðuneytið | 19.393 | 13.021 | 6.372 | 48,9% |
| Samtals | 295.923 | 257.045 | 38.878 | 15,1% |

Erlendur ferðakostnaður aðalskrifstofa ráðuneytanna jókst um 38,9 m.kr. eða rúm 15%. Mesta aukningin var hjá umhverfisráðuneytinu sem skýrist af auknu alþjóðlegu samstarfi og alþjóðasamningum á sviði umhverfismála. Ferðakostnaður félagsmálaráðuneytisins eykst um 46% milli ára sem er vegna fleiri ferða í tengslum við alþjóðlegt samstarf, einkum vegna kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking. Einnig hefur hér áhrif að ferðakostnaður vegna alþjóðlegs samstarfs um málefni fatlaðra er nú gjaldfærður á fjárlagalið aðalskrifstofu ráðuneytisins. Hækkun á kostnaði forsætisráðuneytisins skýrist einkum af ferðum í tengslum við Landafundahátíð og árþúsundamót. Þá varð nokkur aukning í opinberum heimsóknum milli ára. Hækkun á ferðakostnaði samgönguráðuneytisins milli ára skýrist af ferðum í tengslum við gerð samræmdrar samgönguáætlunar, ferðamál, sölu Landssímans og þriðju kynslóðar farsíma. Aukning vegna ferðakostnaðar hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu skýrist af alþjóðlegu samstarfi og auknum kostnaði vegna Schengen-

[5] Auk ferðakostnaðar starfsmanna aðalskrifstofu er hér gjaldfærður ferðakostnaður sendiráða og fastanefnda.

samstarfsins. Breytingar á ferðakostnaði menntamálaráðuneytisins skýrast af ferðum í tengslum við landafundaár, Ólympíuleika og árþúsundamót. Ferðakostnaður heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins lækkaði hins vegar vegna sparnaðaraðgerða á árinu 2000.

Í meginatriðum fylgdu aðalskrifstofur ráðuneytanna settum reglum um greiðslur á ferðakostnaði vegna ferða erlendis á vegum ríkisstofnana. Ferðareikningarnir voru almennt greinilega sundurliðaðir, útfylltir og áritaðir í öllum ráðuneytum. Þó var gerð athugasemd við að skil á ferðareikningum væru ekki innan tilskilinna tímamarka hjá menntamálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu, viðskiptaráðuneytinu og umhverfisráðuneytinu. Einnig voru ýmsar athugasemdir gerðar við skoðun ferðareikninga vegna ferða erlendis hjá landbúnaðarráðuneytinu.

Hluti ferðakostnaðar ráðuneytanna fæst endurgreiddur og eru endurgreiðslurnar færðar meðal tekna hjá ráðuneytunum. Á árinu 2000 var endurgreiddur ferðakostnaður ráðuneytanna 22,5 m.kr. en var 17,2 m.kr. á árinu 1999.

Hjá nokkrum ráðuneytum hafa verið í gildi reglur sem kveða á um að starfsmenn þeirra sem eru í fylgd með ráðherra fái sömu kjör og ráðuneytisstjóri, þ.e. fái greidda gistingu og 80% dagpeninga. Ríkisendurskoðun telur að þetta sé ekki í samræmi við reglur um ferðakostnað. Í þeim tilvikum þar sem starfsmenn þurfa að vera í gistingu sem er verulega dýrari en gistihluti dagpeninga þá á að greiða fyrir gistingu auk almenns hluta dagpeninga.

Ríkisendurskoðun bendir á að greiðsla dagpeninga er hugsuð sem endurgreiðsla á útlögðum kostnaði en ljóst er að í mörgum tilvikum eru dagpeningar hærri en honum nemur. Ríkisendurskoðun telur að endurskoða þurfi reglur um ferðakostnað þar sem meginreglan verði að útlagður kostnaður sé endurgreiddur.

## Ferðakostnaður innanlands

Eftirfarandi er greining á ferðakostnaði innanlands sem gjaldfærður var hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna á árunum 1999 og 2000.

### Tafla 52 Ferðakostnaður innanlands

| Þús. kr. | 2000 | 1999 | Breyting | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 429 | 664 | (235) | -35,4% |
| Menntamálaráðuneytið | 1.207 | 1.258 | (51) | -4,1% |
| Utanríkisráðuneytið | 9.001 | 5.771 | 3.230 | 56,0% |
| Landbúnaðarráðuneytið | 1.501 | 1.524 | (23) | -1,5% |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 622 | 697 | (75) | -10,8% |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 254 | 398 | (144) | -36,2% |
| Félagsmálaráðuneytið | 2.061 | 1.971 | 90 | 4,6% |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 995 | 1.050 | (55) | -5,2% |
| Fjármálaráðuneytið | 1.133 | 465 | 668 | 143,7% |
| Samgönguráðuneytið | 2.455 | 2.307 | 148 | 6,4% |
| Iðnaðarráðuneytið | 108 | 324 | (216) | -66,7% |
| Viðskiptaráðuneytið | 1.551 | 441 | 1.110 | 251,7% |
| Umhverfisráðuneytið | 2.155 | 1.177 | 978 | 83,1% |
| Samtals | 23.472 | 18.047 | 5.425 | 30,1% |

Ferðakostnaður vegna ferða innanlands hjá aðalskrifstofum ráðuneyta jókst um 5,4 m.kr. milli ára eða rúm 30%. Mesta hækkunin var hjá viðskiptaráðuneytinu sem skýrist af yfirtöku á stjórn byggðamála. Hækkun á kostnaði umhverfisráðuneytisins á rætur að rekja til nýrra nefnda í ráðuneytinu. Ekki var um að ræða raunhækkun kostnaðar hjá utanríkisráðuneytinu en breytingar milli ára skýrast af fundi hér á landi í tengslum við Kyoto-ferlið. Á móti kom greiðsla sem færð var á tekjur. Fjárhæðir milli ára í töflunni eru ekki samanburðarhæfar hvað varðar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið vegna þess að hlutdeild iðnaðarráðuneytisins í sameiginlegum kostnaði með viðskiptaráðuneytinu var ekki gjaldfærð á árinu.

Í meginatriðum fylgdu aðalskrifstofur ráðuneytanna reglum um greiðslu á ferðakostnaði vegna ferða innanlands. Mismunandi er hvort starfsmenn fá dagpeninga vegna ferðakostnaðar eða eru látnir skila reikningum fyrir útlögðum kostnaði. Einnig er breytilegt hvort framvísað er ferðareikningum vegna ferðakostnaðar innanlands. Í þeim tilfellum þar sem ferðareikningum er ekki framvísað var í nokkrum ráðuneytum gerð athugasemd við að tilefni og tilgangur farar kæmi ekki nægilega skýrt fram.

Ríkisendurskoðun ítrekar þá afstöðu sína að meginreglan skuli vera sú að ferðakostnaður innanlands sé greiddur samkvæmt framvísun kostnaðarreikninga.

## Risna

Eftirfarandi er greining á risnukostnaði sem var gjaldfærður hjá aðalskrifstofum ráðuneyta á árunum 1999 og 2000.

**Tafla 53 Risnukostnaður**

| Þús.kr. | 2000 | 1999 | Breyting | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 11.060 | 18.052 | (6.992) | -38,7% |
| Menntamálaráðuneytið | 8.957 | 7.458 | 1.499 | 20,1% |
| Utanríkisráðuneytið | 33.907 | 24.024 | 9.883 | 41,1% |
| Landbúnaðarráðuneytið | 4.460 | 5.014 | (554) | -11,0% |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 4.650 | 6.596 | (1.946) | -29,5% |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 5.785 | 8.829 | (3.044) | -34,5% |
| Félagsmálaráðuneytið | 2.351 | 5.020 | (2.669) | -53,2% |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 6.383 | 6.847 | (464) | -6,8% |
| Fjármálaráðuneytið | 6.655 | 6.603 | 52 | 0,8% |
| Samgönguráðuneytið | 4.795 | 6.461 | (1.666) | -25,8% |
| Iðnaðarráðuneytið | 403 | 2.313 | (1.910) | -82,6% |
| Viðskiptaráðuneytið | 4.578 | 3.141 | 1.437 | 45,7% |
| Umhverfisráðuneytið | 4.635 | 4.170 | 465 | 11,2% |
| Samtals | 98.619 | 104.528 | (5.909) | -5,7% |

Heildarrisnukostnaður ráðuneyta lækkaði um 5,9 m.kr. á milli ára eða um tæp 6%. Hækkun risnukostnaðar utanríkisráðuneytisins skýrist einkum af 60 ára afmæli utanríkisþjónustunnar. Fjölmargir listviðburður voru á árinu 2000 sem skýra hækkun risnukostnaðar menntamálaráðuneytisins.

Lækkun risnukostnaðar félagsmálaráðuneytisins má einkum rekja til almenns aðhalds auk þess sem Ísland gegndi formennsku í nefndum á vegum Norðurlandaráðs á árinu 1999 sem leiddi til aukins risnukostnaðar á því ári. Lækkun risnukostnaðar forsætisráðuneytisins skýrist af færri heimsóknum erlendra gesta á árinu 2000 en árið á undan. Fjárhæðir í töflunni eru ekki samanburðarhæfar hvað varðar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið vegna þess að hlutdeild iðnaðarráðuneytisins í sameiginlegum kostnaði með viðskiptaráðuneytinu var ekki gjaldfærð á árinu.

Í nokkrum ráðuneytum var gerð athugasemd við að eyðublað um risnuheimild væri ekki notað. Þá voru gerðar einstakar athugasemdir við frágang risnureikninga og að tilefni væri ekki greinilega skráð.

## Gjafir

Eftirfarandi er greining á kostnaði vegna gjafa sem var gjaldfærður hjá aðalskrifstofum ráðuneyta á árunum 1999 og 2000.

### Tafla 54 Kostnaður vegna gjafa

| Þús.kr. | 2000 | 1999 | Breyting | Breyting |
|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 2.087 | 1.003 | 1.084 | 108,1% |
| Menntamálaráðuneytið | 128 | 220 | (92) | -41,8% |
| Utanríkisráðuneytið | 2.369 | 1.116 | 1.253 | 112,3% |
| Landbúnaðarráðuneytið | 718 | 429 | 289 | 67,4% |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 328 | 529 | (201) | -38,0% |
| Dóms- og kirkjumálaráðuneytið | 796 | 235 | 561 | 238,7% |
| Félagsmálaráðuneytið | 334 | 149 | 185 | 124,2% |
| Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið | 861 | 838 | 23 | 2,7% |
| Fjármálaráðuneytið | 126 | 237 | (111) | -46,8% |
| Samgönguráðuneytið | 464 | 308 | 156 | 50,6% |
| Iðnaðarráðuneytið | 0 | 273 | (273) | -100,0% |
| Viðskiptaráðuneytið | 414 | 386 | 28 | 7,3% |
| Umhverfisráðuneytið | 66 | 114 | (48) | -42,1% |
| Samtals | 8.691 | 5.837 | 2.854 | 48,9% |

Kostnaður aðalskrifstofa ráðuneytanna vegna gjafa jókst um 2,9 m.kr. frá fyrra ári eða tæp 50%. Mesta aukning er hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu sem skýrist af því að ráðuneytið veitti verðlaun í hugmyndasamkeppni um rafrænar kosningar. Aukinn kostnaðar vegna gjafa hjá forsætisráðuneytinu var einkum vegna gjafa í tengslum við kristnitökuhátíð. Hjá utanríkisráðuneytinu var aukningin aðallega vegna þess að erlendum gestum á vegum ráðuneytisins fjölgaði milli ára.

Á reikningum fyrir gjafir skal koma fram hvert sé tilefni gjafar og hver sé viðtakandi. Almennt fylgdu öll ráðuneytin þessum reglum. Einstaka athugasemdir voru þó gerðar þar sem tilefni kom ekki greinilega fram. Í þeim tilvikum var um að ræða lágar fjárhæðir.

## Önnur rekstrargjöld

Athugun á öðrum rekstrargjöldum aðalskrifstofa ráðuneytanna byggðist á úrtaki fylgiskjala. Form fylgiskjala var skoðað og réttmæti kostnaðar auk áritunar til samþykkis á reikninga og ritunar tilefnis á þá þar sem við átti. Athugað var hvort farið væri eftir samningum um innkaup, s.s.

að rammasamningar Ríkiskaupa væru notaðir og viðskipti við leigubíla færu eftir ríkissamningi.

Í meginatriðum uppfylltu fylgiskjöl formkröfur hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna. Reikningar voru á löglegu formi, stimplaðir og áritaðir til bókunar og samþykktir til greiðslu í samræmi við reglur þar um. Hjá nokkrum ráðuneytum eru í gildi skýrar skriflegar reglur um hverjir hafa heimild til innkaupa og þar til gerðar beiðnir notaðar. Ráðuneytin nýta almennt rammasamninga Ríkiskaupa til innkaupa auk þess sem leitað er eftir hagstæðasta verði hverju sinni. Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til þeirra ráðuneyta, þar sem reglur um innkaup eru ekki fyrir hendi og ekki er notast við beiðnir, að settar verði skýrar skriflegar reglur um innkaup og beiðnir.

## Eignakaup

Eftirfarandi er greining á gjaldfærðum eignakaupum ársins 2000 hjá aðalskrifstofum ráðuneytanna.

**Tafla 55 Eignakaup**

| Þús.kr. | Húsbún. áhöld og tæki | Tölvu-búnaður skrifst.v. | Síma-fjarsk. öryggisb. | Bifreiðar | Lista-verk | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Forsætisráðuneytið | 3 | 2.133 | 1.561 | | | 3.697 |
| Menntamálaráðuneytið | 1.423 | 5.007 | 580 | 3.766 | | 10.776 |
| Utanríkisráðuneytið | 5.266 | 8.184 | 919 | | | 14.369 |
| Landbúnaðarráðuneytið | 267 | 1.796 | 320 | | | 2.383 |
| Sjávarútvegsráðuneytið | 868 | 296 | 5 | | | 1.169 |
| Dóms- og kirkjumálaráðun. | 226 | 1.406 | 291 | | | 1.923 |
| Félagsmálaráðuneytið | 1.428 | 619 | 282 | 4.868 | | 7.197 |
| Heilbrigðis- og trygg.málaráðun. | 1.769 | 930 | 516 | | 331 | 3.546 |
| Fjármálaráðuneytið | 674 | 4.419 | 397 | 3.701 | 40 | 9.231 |
| Samgönguráðuneytið | 877 | 741 | 329 | | | 1.947 |
| Iðnaðarráðuneytið | 84 | | 124 | 4.203 | | 4.411 |
| Viðskiptaráðuneytið | 2.363 | 1.827 | 306 | | | 4.496 |
| Umhverfisráðuneytið | 1.975 | 2.562 | 104 | | | 4.641 |
| Samtals | 17.223 | 29.920 | 5.734 | 16.538 | 371 | 69.786 |

Heildarkostnaður aðalskrifstofa ráðuneytanna vegna eignakaupa ársins nam tæpum 70 m.kr. og lækkaði frá fyrra ári um rúmar 25 milljónir. Lækkun milli ára skýrist einkum af bifreiðakaupum á árinu 1999, en þá voru keyptar bifreiðar hjá landbúnaðarráðuneyti, sjávarútvegs-

ráðuneyti, dóms- og kirkjumálaráðuneyti, samgönguráðuneyti og umhverfisráðuneyti.

Í öllum ráðuneytunum er haldin eignaskrá í samræmi við reglur.

**Tilfærslur**

Tilfærslur eru styrkir til ákveðinna verkefna samkvæmt ákvörðun ráðherra eða ráðuneytis. Hluti ráðuneytanna millifærir fjárheimild af ráðstöfunarfé ráðherra til aðalskrifstofu og er ráðstöfun þeirra gjaldfærð sem tilfærslur hjá viðkomandi aðalskrifstofu. Í þeim tilvikum þar sem ráðstöfunarfé er ekki fært yfir til aðalskrifstofu nema tilfærslur óverulegum fjárhæðum. Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að gjaldfærsla á ráðstöfunarfé ráðherra sé samræmd hjá ráðuneytunum.

## Embætti sýslumanna

Við endurskoðun á embættum sýslumanna fyrir árið 2000 var einkum lögð áhersla á gerð ársreikninga. Alls voru gerðir 25 ársreikningar og miðaðist endurskoðunarvinnan einkum við að staðfesta þá.

Almennt er góð regla á bókhaldi embættanna. Stór hluti af eignum og skuldum sýslumanna er vegna bankainnistæðna og fjár sem embættin eiga ekki en varðveita fyrir aðra aðila. Nokkuð bar á því að vextir vörslufjárreikninga hefðu ekki verið færðir í bókhaldi. Einnig var nokkuð um að viðskiptakröfur væru eldri en eins árs og dæmi voru um tapaðar kröfur sem þarf að afskrifa. Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til viðkomandi stofnana að þær beiti sér fyrir úrbótum hvað þessi atriði varðar.

Árið 2000 var síðasta árið þar sem embættin greiða innheimt útsvar til sveitarfélaga en nokkuð var um skuldir í efnahagi þeirra í árslok 2000 vegna þessa. Ríkisbókhaldið mun framvegis sjá um greiðslu útsvars til sveitarfélaga.

Útgjöld embætta sýslumanna að frádregnum sértekjum hækkuðu talsvert milli áranna 1999 og 2000. Almennt voru hækkanir á launum minni en almennar launabreytingar á milli ára en önnur gjöld

hækkuðu talsvert umfram hækkun vísitölu neysluverðs. Ástæður hækkunar á öðrum rekstrargjöldum eru einkum eftirfarandi:

Sýslumenn hafa lögreglubifreiðar á leigu og greiða þeir endurgjald fyrir afnotin til embættis Ríkislögreglustjóra. Veruleg hækkun varð á rekstrarleigu og stafar það af því að á árinu 2000 var innheimt sérstakt gjald sem standa á undir endurnýjun á bifreiðum. Þá varð veruleg hækkun á gjaldi sem standa á undir beinum rekstrarkostnaði bifreiða.

Húsnæðiskostnaður hefur hækkað verulega hjá mörgum embættum sýslumanna og stafar það af því að á árinu 2000 yfirtóku Fasteignir ríkissjóðs rekstur og viðhald margra eigna embættanna. Engin húsaleiga var áður greidd fyrir afnotin en embættin greiddu fasteignagjöld, tryggingar og viðhald. Þá eru nokkur dæmi um að húsnæði embættanna hafi stækkað á árinu 2000 sem leiddi til hækkunar á húsaleigu.

Gjöld umfram tekjur hjá sýslumannsembættunum á árinu 2000 námu tæpum 2.881 m.kr. en framlag ríkisins án millifærslu frá fyrra ári nam nánast 2.897 m.kr. Þannig sýnir afkoman ónotaðar fjárheimildir að fjárhæð 16 m.kr.

Á árinu 2000 voru útgjöld 12 sýslumannsembætta hærri en heildarfjárheimildir leyfðu og námu umframútgjöld 110 m.kr. Þar af fór eitt embætti liðlega 40 m.kr. umfram heimildir. Hins vegar voru útgjöld 13 embætta alls 85 m.kr. undir fjárheimildum.

Í ársbyrjun 2000 var staða fjárheimilda hjá sýslumannsembættunum sú að útgjöld umfram heimildir námu 41 m.kr. en í árslok 2000 var sambærileg staða 25 m.kr. umfram heimildir. Skýrist það af afkomu ársins en hún batnaði um 16 m.kr.

## Umfjöllun um einstakar stofnanir og liði

### 02-365 Borgarholtsskóli, bygging

Lokareikningur vegna byggingar Borgarholtsskóla miðaðist við 15. mars árið 2001. Heildarkostnaður vegna byggingarinnar nam 1,2

ma.kr. sem skiptist þannig að 875 m.kr. er vegna sjálfrar byggingarinnar, 258 m.kr. vegna búnaðar og 73 m.kr. vegna lóðaframkvæmda. Framlög til byggingar Borgarholtsskóla voru 18 m.kr. meiri en kostnaður og var afgangi ráðstafað til skólans. Áætlað er að þeir fjármunir gangi til frágangs þakglugga og listaverks hjá skólanum að tillögu arkitekta hans.

Kostnaðurinn skiptist þannig milli aðila að ríkissjóður greiddi 60% byggingakostnaðarins, Reykjavíkurborg 28% og Mosfellsbær 12%.

## 02-972 Íslenski dansflokkurinn

Rekstrargjöld að frádregnum sértekjum á árinu 2000 námu samtals 54,7 m.kr. og voru 2,4 m.kr. lægri en fjárheimild ársins eða 4,2%. Í upphafi ársins 2000 hafði Íslenski dansflokkurinn ráðstafað rúmlega 16,6 m.kr. umfram fjárheimildir en í árslok nam samsvarandi fjárhæð rúmlega 14,2 m.kr. og hafði staðan því batnað um 2,4 m.kr.

Við athugun á bókhaldi og fjárreiðum dansflokksins vöknuðu grunsemdir um að þáverandi framkvæmdastjóri flokksins hefði misnotað aðstöðu sína og dregið sér fé. Ríkisendurskoðun skilaði menntamálaráðuneytinu sérstakri skýrslu um málið og er það nú í rannsókn hjá þar til bærum yfirvöldum.

## 03-201 Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli

Samtals nam framlag ríkissjóðs til sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli 338,8 m.kr. á árinu 2000. Samanlögð gjöld umfram tekjur námu hins vegar alls 363,7 m.kr. Rekstrarhalli ársins að teknu tilliti til álagðra rekstrartekna nam því tæplega 24,9 m.kr. eða 7,3% af fjárheimildum, í samanburði við 8 m.kr halla á árinu 1999.

Launagjöld og launatengd gjöld hækkuðu um 93,7 m.kr. eða 27,5%. Hækkanirnar launa voru af ýmsum orsökum, s.s. vegna kjarasamninga tollvarða og lögreglumanna og afturvirkra launabóta tollvarða fyrir tímabilið 1. jan. 1997 til 1. mars 2000. Þá fóru fram umfangsmikil námskeið vegna undirbúnings fyrir Schengen-samstarfið sem leiddi til meiri yfirvinnugreiðslna. Aukin umsvif í farþega- og vöruflutningum á Keflavíkurflugvelli höfðu í för með sér aukinn launakostnað vegna

almennrar tollgæslu og fraktdeildar. Þá var starfsmönnum við fíkniefnaeftirlit fjölgað.

Við endurskoðun var bent á að alltaf ætti að gera ferðareikninga vegna utanferða og að þeir ættu að vera útfylltir og færðir í bókhaldi í samræmi við reglur sem um þá gilda. Þá var einnig bent á að tilefni ætti ávallt að koma fram á risnu- og gjafareikningum og einnig vegna dvalarkostnaðar innanlands og leigubifreiða.

## 03-390 Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Alls nam framlag ríkissjóðs til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands 291 m.kr. á árinu 2000. Heildargjöld umfram sértekjur námu hins vegar 298,6 m.kr. og var halli ársins því tæplega 7,6 m.kr., í samanburði við tæplega 2,6 m.kr. tekjuafgang á árinu 1999.

Í árslok 2000 námu skuldbindingar stofnunarinnar gagnvart samstarfslöndunum vegna áranna 2001 og 2002 a.m.k. 8,2 milljónum bandaríkjadollara. Á árinu 2001 gætu því gjaldfallið liðlega 389,6 m.kr. Miðað við fjárheimildir ársins 2001, að frádregnum áætluðum kostnaði við aðalskrifstofu, vantaði um s.l. áramót 65,6 m.kr. til að standa undir þeim skuldbindingum sem stofnunin hefur gengist undir. Frá áramótum til miðs ágústs 2001 lækkaði gengi íslensku krónunnar um rúm 16%. Í ljósi þess er sýnilegt að fjárveitingar stofnunarinnar duga hvergi til að standa straum af núverandi samningum.

Endurskoðun fylgiskjala leiddi í ljós að nokkuð skortir á að reikningar stofnunarinnar séu áritaðir og að mánaðarleg uppgjör berist Ríkisbókhaldi reglulega. Eftirlit með hverri starfstöð þarf að bæta og tryggja að allir reikningar séu áritaðir og að fylgt sé fyrirmælum um regluleg skil bókhaldsgagna.

## 04-321 Skógrækt ríkisins

Rekstrargjöld Skógræktar ríkisins að frádregnum tekjum á árinu 2000 námu samtals um 179,9 m.kr., sem er 3,3 m.kr. lægra fjárheimildir ársins. Að teknu tilliti til 41,9 m.kr. halla sem fluttist frá fyrri árum varð niðurstaðan á árinu 2000 hins vegar halli upp á 38,6 m.kr. Ríkisendurskoðun telur af þessu tilefni ástæðu til að minna stjórnendur

á meginreglur fjárreiðulaga nr. 88/1997 og minnir á ábyrgð stjórnenda í því sambandi, sbr. ákvæði 49. gr. fjárreiðulaganna og 2. mgr. málsgrein 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Stjórnendur Skógræktar ríkisins telja að meginástæðan fyrir útgjöldum umfram heimildir hjá Skógrækt ríkisins sé að á árunum 1994 til 1998 fylgdi fjárheimild stofnunarinnar ekki verðlagsþróun á sama tíma og henni voru falin kostnaðarsöm verkefni eins og undirbúningur að stofnun landshlutabundinna skógræktarverkefna og Landgræðsluskógar.

## 04-261 Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri

Samtals nam framlag ríkissjóðs til rekstrar Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri tæplega 154 m.kr. á árinu 2000. Heildargjöld umfram sértekjur námu tæpum 136 m.kr. og nam tekjuafgangur því um 18,2 m.kr., sem er viðsnúningur til hins betra frá árinu 1999 þegar halli á rekstrinum nam 15,3 m.kr. Auknar tekjur áttu m.a. stóran þátt í þessari bættu útkomu en þær hækkuðu um tæpar 11,6 m.kr. milli ára.

Yfirdráttarheimild á aðaltékkareikningi nam 8 millj. kr. í árslok 2000. Samkvæmt reglum um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs þá er ríkisstofnunum ekki heimilt að fjármagna rekstur sinn með yfirdrætti á bankareikningi.

Varðandi fylgiskjöl er lagt til að komið verði á skjalfestu samþykktar- og áritunarkerfi þar sem fram kæmi hverjir eigi að samþykkja og hverjir að árita hinar ýmsu tegundir reikninga á skólann. Unnið hefur verið að því í skólanum að bæta áritun reikninga. Þá er lagt til að innra og ytra bókhaldi verði ekki blandað saman og að fjárhagsbókhaldið sýni eingöngu færslur vegna viðskipta við aðila utan stofnunarinnar en ekki innri viðskipti milli deilda.

## 04-271 Hólaskóli, Hólum í Hjaltadal

Alls nam framlag ríkissjóðs til Hólaskóla á Hólum 126,8 m.kr. á árinu 2000. Heildargjöld námu hins vegar rúmlega 149,4 m.kr. og var halli ársins því rúmar 22,6 m.kr., samanborið við tæplega 3,8 m.kr.

tekjuafgang á árinu 1999. Gjöld skólans umfram tekjur jukust um tæpar 27,9 m.kr., og áttu launagjöld og önnur rekstrargjöld nokkuð jafnan þátt í því.

Í árslok 2000 hafði stofnunin ráðstafað 23,7 m.kr umfram fjárheimildir. Eiginfjárstaðan versnaði um 22,6 m.kr. frá fyrra ári eða sem svaraði til rekstrarhalla ársins 2000.

Ríkisskattstjóri hefur endurkrafið skólann um offærðan innskatt sem skólinn taldi fram og fékk endurgreiddan á árunum 1998 og 1999, samtals um 13,7 m.kr. með álagi. Einnig hafa skil á virðisaukaskatti ársins 2000 verið tekin til athugunar hjá Ríkisskattstjóra og ber skólanum samkvæmt því að greiða 6,4 m.kr. vegna innskatts og ógreidds útskatts á því ári. Forsenda kröfunnar um endurgreiðslu byggist á því að um blandaða starfsemi sé að ræða þar sem ekki sé heimilt að telja fram innskatt.

Ríkisendurskoðun telur að sama umfang í rekstri skólans leiði til áframhaldandi taprekstrar og skuldasöfnunar. Þegar endurskoðun fór fram sýndi rekstraráætlun í bókhalds- og áætlanakerfi ríkisins talsverð umframgjöld miðað við áætlun ársins 2001. Gera þarf ráðstafanir til þess að reksturinn verði í samræmi við fjárheimildir. Í þessu sambandi minnir Ríkisendurskoðun á ákvæði 49. gr. laga um fjárreiður ríkisins og 2. mgr. 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Athugun Ríkisendurskoðunar á bókhaldi og fjárreiðum skólans leiddi í ljós að afstemmingar bankareikninga höfðu ekki verið gerðar fyrir seinni hluta ársins 2000. Athugasemdir voru gerðar við fylgiskjöl og færslu bókhaldsins og einnig kom í ljós að frágangur og afstemmingar viðskiptamanna reyndust ekki vera fullnægjandi. Er nú verið að þróa nýtt verklag við bókhald hjá skólanum til að bæta úr þessu.

### 04-283 Garðyrkjuskóli ríkisins

Alls nam framlag ríkisins til Garðyrkjuskóla ríkisins 88,1 m.kr. á árinu 2000. Heildargjöld námu hins vegar rúmlega 106 m.kr. og nam rekstrarhalli ársins því tæpum 18 m.kr., sem er um 20,4% af fjárheimildum. Á árinu 1999 skilaði reksturinn 25,4 m.kr. tekjuafgangi.

Fyrir utan rekstrarhalla þar sem gjöld í rekstri hafa í heild verið hærri en framlög úr ríkissjóði þá hefur einnig orðið nokkurt misvægi milli ráðstöfunar fjár og úthlutunar á fjárlögum til einstakra þátta í rekstrinum. Þannig hafði í árslok 2000 verið ráðstafað rúmum 31,2 m.kr. of mikið í almennan rekstur miðað við það sem fjárlög mæltu fyrir um en um 13,4 m.kr. of lítið í samanlagðan stofnkostnað og viðhald. Áréttað skal að samkvæmt lögum um fjárreiður ríkisins er ekki gert ráð fyrir að fjármunir séu fluttir milli rekstrarverkefna og stofnframkvæmda heldur er litið svo á að eingöngu sé heimilt sé að flytja fjármuni milli rekstrarverkefna.

Yfirdráttur á tékkareikningum í árslok 2000 nam tæplega 3,7 m.kr. en yfirdráttarheimild á sama tíma nam 4 m.kr. Ríkisendurskoðun minnir á að samkvæmt reglum um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs er ríkisstofnunum ekki heimilt að fjármagna rekstur sinn með yfirdrætti á bankareikningi.

## 10-512 Póst- og fjarskiptastofnun

Alls nam framlag ríkissjóðs til Póst- og fjarskiptastofnunar 225 m.kr. á árinu 2000. Samanlögð gjöld umfram sértekjur námu hins vegar aðeins 142,9 m.kr. og var því tekjuafgangur á árinu upp á 82,1 m.kr., samanborið við 13,1 m.kr. tekjuafgang á árinu 1999.

Gjöld stofnunarinnar umfram sértekjur jukust um 156,7 m.kr. Ástæðu þessarar aukningar má rekja til þjónustusamnings sem gerður var við Landssíma Íslands hf. um rekstur strandastöðva, en Póst- og fjarskiptastofnun var falið að hafa umsjón með samningnum og að sjá um fjárhagslegt uppgjör við verksala. Á árinu 2000 nam kostnaður vegna þessa 178,4 m.kr. en framlag frá ríkinu nam 215,0 m.kr. Í framlagi ríkisins var gert ráð fyrir að greiða þyrfti virðisaukaskatt af reikningum Landssíma Íslands hf., en ekki verður séð að tekið hafi verið tillit þess að hann fengist endurgreiddur í samræmi við reglur þar um. Afleiðing þessa er að afkoma stofnunarinnar af þessum samningi er betri sem nemur mismuninum á virðisaukaskattinum eða sem nemur um 40 m.kr.

Í árslok 2000 átti stofnunin ónotaða fjárheimild að fjárhæð 195,4 m.kr. og hafði staðan batnað um 82,1 m.kr. frá fyrra ári, sem skýrist af hagnaði ársins. Staða höfuðstólsins sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur

stofnunarinnar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum, að teknu tilliti til álagningar markaðra tekna og rekstrartekna.

## 14-410 Veðurstofa Íslands

Samkvæmt ársreikningi Veðurstofunnar nam halli ársins 2000 um 38,8 m.kr. í samanburði við 4,6 m.kr. tekjuafgang á árinu 1999. Skýringar á hallarekstri stofnunarinnar má að hluta rekja til ársins 1999, en þá fékk stofnunin 20 m.kr. fjárveitingu til kaupa á viðbótarhúsnæði, svokölluðum Útskálum sem reistir voru til bráðabirgða á lóð stofnunarinnar. Allur kostnaður vegna húsakaupanna færðist hins vegar á árið 2000, en fjárheimildinni hafði þá þegar verið ráðstafað í önnur verkefni á árinu 1999.

Ríkisendurskoðun minnir af þessu tilefni á meginreglur fjárreiðulaga nr. 88/1997, sbr. ákvæði 49. gr., og 2. mgr. málsgrein 38. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

## 10-211 Vegagerðin

Í samvinnu við Vegagerð ríkisins var staða markaðra tekjustofna sem ganga eiga til vegamála í fyrsta sinn sýnd í reikningsskilum stofnunarinnar. Í árslok 2000 var krafa Vegagerðarinnar á ríkissjóð tæpir 1,9 ma.kr. vegna markaðra tekna. Þar af er 1,6 ma.kr. sem var innheimtur en hefur ekki verið ráðstafað til Vegagerðarinnar. Fært var til skuldar á móti 2,7 ma.kr. í reikningsskilum Vegagerðarinnar. Hér er um að ræða lántökur vegna ferjanna Herjólfs og Baldurs að fjárhæð 1,9 ma.kr. og 820 m.kr. vegna lántöku í tengslum við Hvalfjarðargöngin og sérstaks átaks í nýframkvæmdum á árinu 1999. Skuldir þessar eiga að greiðast af framtíðartekjum Vegagerðarinnar allt til ársins 2010.

Eigið fé Vegagerðarinnar er 520 m.kr. þegar tillit hefur verið tekið til álagningar markaðra tekna og rekstrartekna. Af því eiga 219 m.kr. rætur að rekja til birgða en afgangurinn, 301 m.kr., eru óráðstafaðar fjárheimildir. Á árinu nam tekjuafgangur 1 ma.kr. en hefði orðið 30 m.kr. ef fyrri uppgjörsaðferðir hefðu verið notaðar.

## 10-471 Flugmálastjórn, 10-472 Flugvellir og 10-473 Alþjóðaflugþjónustan

Flugmálastjórn hefur að mati Ríkisendurskoðunar ekki aðgreint rekstur flugmálastjórnar, flugvalla og Alþjóðaflugþjónustunnar eins og lög um fjárreiður ríkisins gera ráð fyrir. Birting ofangreindra viðfangsefna í fjárlögum og ríkisreikningi er ekki heldur með samræmdum hætti. Ríkisendurskoðun gerði ársreikninga fyrir Flugmálastjórn vegna áranna 1998 til 2000 og sérstaka ársreikninga fyrir flugvelli. Jafnframt var gert sérstakt yfirlit fyrir Alþjóðaflugþjónustuna (ICAO), sem ætlað er að sýna viðskipti ríkissjóðs sjálfs við hana, og er það sýnt í ríkisreikningi. Önnur viðskipti Flugmálastjórnar við Alþjóðaflugþjónustuna eru nú færð í ársreikning hennar. Þar sem um er að ræða ósamræmi er brýnt að leitað verði álits ríkisreikningsnefndar, sbr. lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, á því hvernig framsetning á rekstri Flugmálastjórnar í fjárlögum og ríkisreikningi á að vera.

Við endurskoðun benti Ríkisendurskoðun á að hvorki má ganga á rekstrarfé Flugmálastjórnar til að standa undir um óákveðinn tíma neikvæðri fjárhagsstöðu, né mynda skuld á viðskiptareikningi við ríkissjóð nema heimildir til þess liggi fyrir. Þegar ljóst var að framkvæmdakostnaður við flugbrautir og hlöð á Reykjavíkurflugvelli yrði umfram heimildir hefði Flugmálastjórn átt að leita heimilda hjá stjórnvöldum til að bregðast við.

Í ársreikningi fyrir árið 2000 kemur fram að rekstrargjöld Flugmálastjórnar umfram tekjur námu 425,6 m.kr. og voru 50,9 m.kr. lægri en ríkisframlagið, sem nam 476,5 m.kr. Tekjuafgangur var því 10,7%. Eigið fé Flugmálastjórnar í árslok 2000 sýnir ónotaðar fjárheimildir að fjárhæð 379,3 m.kr. en þær námu 315,3 m.kr. í árslok 1999, þ.e. hækkuðu um 20,3%.

Rekstrargjöld flugvalla umfram tekjur námu 540,4 m.kr. og voru 345,1 m.kr. hærri en ríkisframlagið, sem nam 195,3 m.kr. Halli nam því um 176,7%. Hallinn er fyrst og fremst til kominn vegna framkvæmda við Reykjavíkurflugvöll. Eigið fé flugvalla í árslok 2000 sýnir gjöld umfram fjárheimildir að fjárhæð 218,1 m.kr. en í árslok 1999 sýndi það ónotaðar fjárheimildir að fjárhæð 127 m.kr. Eigið fé rýrnaði því tæplega þrefalt.

Stofnkostnaður Reykjavíkurflugvallar nam 624 m.kr. á árinu 2000, en öll fjárhæðin var vegna framkvæmda við flugbrautir og hlöð. Stofnkostnaðurinn fór 300 m.kr. fram úr heimildum ársins. Að teknu tilliti til uppsafnaðra heimilda frá árunum 1998 og 1999 er staðan neikvæð um 168 m.kr. vegna þessara framkvæmda. Þessi staða hefur verið fjármögnuð af rekstri Flugmálastjórnar og með skuldastöðu á viðskiptareikningi við ríkissjóð. Í áætlunum Flugmálastjórnar fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að staðan á framkvæmdunum í árslok 2001 verði einnig neikvæð. Hins vegar telur Flugmálastjórn að um sé að ræða tilfærslur verkefna á milli ára en hafi ekki áhrif á heildarkostnað verksins. Gert er ráð fyrir að framkvæmdirnar nemi alls um 1.523 m.kr. og þeim ljúki á árinu 2002.

Ríkisendurskoðun gerði ársreikning fyrir Alþjóðaflugþjónustuna til birtingar í ríkisreikningi, án kröfu á hana og án stofnkostnaðar sem ríkissjóður fjármagnar tímabundið. Við gerð hans voru notaðar bráðabirgðatölur. Í ljós kom við endanlegt uppgjör að skuld Alþjóðaflugþjónustunnar við Flugmálastjórn er 182,5 m.kr. en ekki 99,6 m.kr. í árslok 2000 og í árslok 1999 var skuldin 126,9 m.kr. en ekki 103,8 m.kr. Samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn er peningaleg krafa á Alþjóðaflugþjónustuna alls 1.716,5 m.kr. á móti lántökum að fjárhæð 1.021,2 m.kr. þann 31. desember 2000. Að teknu tilliti til annarra efnahagsliða er eigið fé jákvætt á bilinu 5-6 hundruð m.kr. hjá Alþjóðaflugþjónustunni. Liggja þarf fyrir hver hefur ráðstöfunarrétt á þessari eign.

## 08-204 Lífeyristryggingar, fæðingarorlof

Lög um fæðingar- og foreldraorlof tóku gildi þann 22. mars árið 2000. Á árinu 2000 voru álögð útgjöld vegna fæðingarorlofs 1,8 ma.kr. Af því voru innheimtir 1,6 ma.kr. Á árinu 2000 voru engin útgjöld hjá sjóðnum þar sem lögin gera ráð fyrir að orlofsgreiðslur komi ekki til framkvæmda fyrr en í ársbyrjun 2001.

Hlutur Fæðingarorlofssjóðs í tryggingagjaldi sem sýndur er í ríkisreikningi fyrir árið 2000 er ekki aðgreindur sérstaklega. Í 4. gr. nefndra laga er kveðið á um að reikna skuli vexti af innstæðum sjóðsins á hverjum tíma. Á árinu 2000 var hvorki fært til gjalda kostnaður vegna undirbúnings að stofnun sjóðsins né vaxtatekjur af innstæðu hans.

Afkoma Fæðingarorlofssjóðs kemur fram í betri stöðu A-hluta ríkissjóðs á árinu 2000.

# 6 Endurskoðun fyrirtækja og sjóða í B-, C-, D- og E-hluta

## Endurskoðun B-hluta ríkisreiknings

Til B-hluta ríkisreiknings teljast 9 fyrirtæki í eigu ríkissjóðs og hefur þeim fækkað um 3 á síðustu árum. Í fyrsta lagi hætti Lyfjabúð Háskólans starfsemi árið 1999. Í öðru lagi voru Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli og Flugstöð Leifs Eiríkssonar sameinuð í nýju hlutafélagi á síðasta ári. Ríkisendurskoðun endurskoðar sjálf 3 fyrirtæki en endurskoðunarstofur annast endurskoðun hinna fyrirtækjanna í umboði Ríkisendurskoðunar samkvæmt samningum þar um. Til viðbótar munu tvö fyrirtæki í B-hluta verða flutt yfir í A-hluta ríkisreiknings, þar sem þau hafa bæði verulegan hluta af tekjum sínum í formi rekstrarframlaga úr ríkissjóði, þ.e. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðleikhúsið. Þjóðleikhúsið var flutt í A-hluta með fjárlögum fyrir árið 2001.

Endurskoðun á ársreikningi ríkisfyrirtækis hefur það að meginmarkmiði að ganga úr skugga um hvort hann gefi glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á árinu, efnahag í árslok og fjárstreymi á árinu í samræmi við lög og reglur og góða reikningsskilavenju og setja fram álit í samræmi við það. Við endurskoðunina er lögð áhersla á að kanna og meta innra eftirlit hjá fyrirtækjunum. Þá er einnig litið til þess hvort forsendum fjárlaga hafi verið fylgt við rekstur þeirra á árinu og hvort gætt er þeirra sértæku rekstrarfyrirmæla og starfsreglna sem ríkisfyrirtækjum er skylt að fara eftir.

Afkoma ríkisfyrirtækja á árinu 2000, arðgreiðslur í ríkissjóð, framlög úr ríkissjóði og eigið fé í árslok voru sem hér greinir:

**Tafla 56 Ríkisfyrirtæki í B-hluta ríkisreiknings**

| Í m.kr. | Afkoma (Tap) | Arðgreiðsla í ríkissjóð 2000 | Framlag úr ríkissjóði | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| Happdrætti Háskóla Íslands | 452 | 0 | 0[1)] | 283 |
| Ríkisútvarpið | (92) | 0 | 1.827[2)] | 894 |
| Þjóðleikhúsið | (52) | 0 | 484 | 434 |
| Sinfóníuhljómsveit Íslands | (147) | 0 | 182 | (17) |
| Fríhöfn á Keflavíkurflugvelli | 254[3)] | - | - | - |
| Flugstöð Leifs Eiríkssonar | (146)[4)] | - | - | - |
| Ratsjárstofnun | 135 | 0 | 0 | 210 |
| Umsýslustofnun varnarmála | (10) | 1 | 0 | 67 |
| Tryggingastofnun ríkisins, frjálsar slysatryggingar | 0,2 | 0 | 0 | 16 |
| Áfengis og tóbaksverslun ríkisins | 3.040 | 3.120 | 0 | 1.839 |
| Rafmagnsveitur ríkisins | (210) | 152 | 111 | 10.667 |

1) Til Háskóla Íslands var ráðstafað sem arði 348 m.kr.
2) Eiginlegt framlag nam 50 m.kr. til endurbyggingar langbylgjumasturs en afnotagjöld, 1.776 m.kr., eru taldar ríkistekjur og sama fjárhæð færð sem framlag úr ríkissjóði.
3) Rekstrarreikningur 2000 er fyrir mánuðina janúar – september en 1. október 2000 tók nýtt hlutafélag yfir rekstur og efnahag Fríhafnar.
4) Rekstrarreikningur 2000 er fyrir mánuðina janúar - september en 1. október 2000 tók nýtt hlutafélag yfir rekstur og efnahag Flugstöðvarinnar

## Sinfóníuhljómsveit Íslands

Halli á rekstri Sinfóníuhljómsveitar Íslands varð 146,8 millj. kr. á árinu 2000 en var 29,1 millj. kr. árið áður. Í þessu sambandi er rétt að benda á að gjaldfærslur vegna eftirlaunaskuldbindinga námu 121,2 millj kr. árið 1999 og 28,4 millj. kr. árið áður. Að frádregnum þessum reiknuðu liðum má segja að afkoma hljómsveitarinnar hafi sýnt tap að fjárhæð 25,5 millj. kr.

Sinfóníuhljómsveitin á kröfu á Menningarsjóð útvarpsstöðva að fjárhæð rúmlega 80 m.kr. Þessi krafa er sú fjárhæð sem sjóðnum var ætlað að greiða hljómsveitinni á árinu 2000. Hin síðari ár hefur sjóðurinn greitt framlag sitt árið eftir og hefur það verið látið átölulaust. Menningarsjóður útvarpsstöðva var lagður niður á árinu 2000 en stjórn sjóðsins falið að sitja allt til ársloka 2001 vegna fjárhagsmála hans fram til þess tíma er hann var lagður niður. Þar sem sjóðurinn hefur verið lagður niður færist greiðsluskyldan á ný á Ríkisútvarpið.

Hljómsveitin á kröfu á Bæjarsjóð Seltjarnarness að fjárhæð rúmlega 11 m.kr. vegna vangoldinna framlaga liðinna ára. Áréttað skal að í lögum um hljómsveitina er mælt fyrir um hlutdeild bæjarsjóðs í

kostnaði við rekstur hennar. Þar er því lagaleg skylda bæjarsjóðsins að inna þessa greiðslu af hendi. Lagt er til að hljómsveitin leiti aðstoðar menntamálaráðuneytis og fjármálaráðuneytis við innheimtu þessarar kröfu.

### Frjálsar slysatryggingar

Ríkisendurskoðun hefur ítrekað bent á að engin starfsemi sé fyrir hendi hjá frjálsum slysatryggingum heldur sýni reikningsskil þeirra aðeins viðskiptastöðu gagnvart ríkissjóði. Eðlilegt er að frjálsar slysatryggingar verði lagðar niður og að eignir þeirra renni til slysatryggingadeildar Tryggingastofnunar.

## Endurskoðun C-hluta ríkisreiknings

Til þessa hluta ríkisreiknings heyra 10 lánastofnanir sem eru í eigu ríkissjóðs og stofnaðar hafa verið með sérlögum. Ríkisendurskoðun endurskoðar fimm lánasjóði en endurskoðunarfyrirtæki annast endurskoðun hinna í umboði stofnunarinnar.

Afkoma lánastofnananna á árinu 2000, framlög úr ríkissjóði og eigið fé í árslok eru sýnd hér á eftir en þær greiddu engan arð í ríkissjóð á árinu.

**Tafla 57 Lánastofnanir í C-hluta ríkisreiknings**

| Í m.kr. | Afkoma (Tap) | Framlag úr ríkissjóði | Eigið fé |
|---|---|---|---|
| Byggðastofnun | 177 | 602 | 1.743 |
| Lánasjóður íslenskra námsmanna | 380 | 1.910 | 22.077 |
| Framleiðnisjóður landbúnaðarins | 3 | 215 | 285 |
| Lánasjóður landbúnaðarins | 24 | 183 | 2.796 |
| Þróunarsjóður sjávarútvegsins | (196) | 630 | (1.598) |
| Íbúðalánasjóður | 468 | 100 | 8.354 |
| Hafnabótasjóður | (24) | 195 | 602 |
| Ferðamálasjóður | (40) | 0 | 80 |
| Orkusjóður | (57) | 83 | 157 |
| Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins | (173) | 0 | 6.599 |

Auk hefðbundinnar endurskoðunar sem fólst í því að kanna og leggja mat á það hvort ársreikningur viðkomandi lánastofnunar gefi glögga mynd af afkomu, fjárhagsstöðu í árslok og fjárstreymi á árinu í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju, var lögð sérstök áhersla á að kanna útlán og stöðu lána og fylgjast með hvernig innheimta gengur og hvort eðlilegum innheimtuaðgerðum er haldið uppi. Þá eru afskriftir vegna útlánaáhættu skoðaðar og metnar.

## Lánasjóður Íslenskra námsmanna

Í endurskoðunarskýrslu um Lánasjóð íslenskra námsmanna er m.a bent á að lánþegar sem skulda í lok árs reyndust vera um 33.700 talsins og fjölgaði um rúm 500 frá fyrra ári. Útlán í heild námu í lok árs um 53,6 ma.kr. og hækkuðu um 5% á milli ára. Meðallán lánþega var um 1,6 m.kr. og hækkaði um tæp 4% á milli ára. Hæsta skuldastaða hjá einum lántaka er 16,9 m.kr.

Lánþegum sem skulduðu 10 m.kr. eða meira fjölgaði úr 72 í 96 frá síðasta ári eða um 24. Skuldir þeirra hækkuðu á sama tímabili um tæpar 284 m.kr. Lagðar voru 354 m.kr. í afskriftasjóð á árinu. Nemur upphæðin 11% af veittum námslánum ársins. Raunafskriftir námslána voru rúmar 125 m.kr. á árinu og skýrast bæði af því að gömul lán fyrnast á 20 árum og að greiðendur hafa látist.

Annar rekstrarkostnaður hækkaði um 56% á milli ára og nam í lok ársins um 66 m.kr. Að stórum hluta skýrist sú hækkun af kostnaði sem til hefur fallið við flutninga lánasjóðsins í nýtt húsnæði að Borgartúni

21. Gjaldfærðir voru 5.994 vaxtastyrkir alls að upphæð 43,6 m. króna.

### Ferðamálasjóður

Hjá Ferðamálasjóði er eiginfjárhlutfall komið niður fyrir það lágmark sem reglur kveða á um og er brýnt að úr því verði bætt.

Málefni sjóðsins hafa verið til umfjöllunar hjá samgönguráðuneytinu eftir að nefnd sem skipuð var til að fjalla um framtíð sjóðsins skilaði tillögum. Skv. þeim er gert ráð fyrir að Nýsköpunarsjóður taki við eignum og verkefnum Ferðamálasjóðs. Ríkisendurskoðun telur brýnt að niðurstaða í málinu fáist hið fyrsta til að tekin verði af óvissa um framtíð sjóðsins.

## Endurskoðun D-hluta ríkisreiknings

Til þessa hluta ríkisreiknings heyra 3 fjármálastofnanir í eigu ríkissjóðs sem hvorki eru sameignar- né hlutafélög. Stofnanirnar voru 4 ár árinu 1999 og felst breytingin í því að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum var seld á árinu 2000.

Ríkisendurskoðun endurskoðar Seðlabanka Íslands en endurskoðunarfyrirtæki sem ráðin eru af stjórnum félaganna annast endurskoðun hinna tveggja.

Afkoma fjármálastofnananna á árinu 2000, arðgreiðslur í ríkissjóð og eigið fé í árslok 2000 eru sýnd hér á eftir en engin framlög voru úr ríkissjóði á árinu.

**Tafla 58 Fjármálastofnanir í D-hluta ríkisreiknings**

| Í m.kr. | Afkoma (Tap) | Eigið fé | Arðgreiðsla í ríkissjóð |
|---|---|---|---|
| Seðlabanki Íslands | 1.034 | 21.602 | 0[1)] |
| Tryggingasjóður viðskiptabanka | 109 | 2.984 | 0 |
| Viðlagatrygging Íslands | (1.536) | 5.149 | 0 |

1) Arðgreiðsla bankans, 668 m.kr., er skilgreind sem ígildi tekjuskatts og er færð með þeim tekjum í ríkisreikningi.

Endurskoðun fjármálastofnana er unnin í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Ítarleg lög og reglur gilda um gerð ársreikninga, endurskoðun og innra eftirlit hjá fjármálastofnunum og tryggingafélögum. Mat á innra eftirliti er veigamikill þáttur í endurskoðunarstarfinu.

# Endurskoðun E-hluta ríkisreiknings

Til þessa flokks í ríkisreikningi heyra 13 hlutafélög og sameignarfélög sem ríkissjóður og ríkisstofnanir eiga helming eða meira í. Á árinu var 52,9% hlutur ríkisins í Interneti á Íslandi ehf. seldur. Tvö ný hlutafélag að fullu í eigu ríkissjóðs voru stofnuð á árinu, Sjúkrahúsapótekið ehf og Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.

Afkoma félaganna á árinu 2000, eigið fé í árslok, eignarhlutur ríkissjóðs og arðgreiðslur í ríkissjóð voru sem hér greinir:

**Tafla 59 Hlutafélög og sameignarfélög í E-hluta ríkisreiknings**

| Í m.kr. | Afkoma (Tap) | Eigið fé | Hlutur ríkissjóðs | Arður í ríkissjóð |
|---|---|---|---|---|
| Búnaðarbanki Íslands hf. | 202 | 8.009 | 73,8% | 326 |
| Landsbanki Íslands hf. | 955 | 13.639 | 71,9% | 468 |
| Breiðafjarðaferjan Baldur hf. | (15) | (9) | 80,0% | 0 |
| Flugkerfi hf. | 2 | 34 | 100,0% | 0 |
| Íslandspóstur hf. | (18) | 2.106 | 100,0% | 0 |
| Kísiliðjan hf. | (47) | 626 | 51,0% | 5 |
| Landssími Íslands hf. | 149 | 13.316 | 100,0% | 565 |
| Sementverksmiðjan hf. | 70 | 1.096 | 100,0% | 0 |
| Skallagrímur hf. (01.01-26.05) | (5) | 0 | - | 0 |
| Skráningarstofan hf. | 31 | 311 | 97,3% | 3 |
| Hitaveita Hjaltadals sf. | 1 | 19 | 94,0% | 0 |
| Landsvirkjun | (1.366) | 34.504 | 50,0% | 125 |
| Sjúkrahúsapótekið ehf. | 9 | 43 | 100% | 0 |
| Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. | 73 | 3.395 | 100% | 0 |

Af þessum 13 félögum endurskoðar Ríkisendurskoðun sjálf 4 félög. Endurskoðun ríkishlutafélagabankanna var á sínum tíma boðin út og eru þau endurskoðuð af endurskoðunarfyrirtækjum en meðáritað af ríkisendurskoðanda í samræmi við lagaákvæði þar um. Endurskoðunarfyrirtæki endurskoða 7 félög í umboði Ríkisendurskoðunar samkvæmt samningum þar um og hjá einu félagi eru endurskoðunarfyrirtæki ráðin af stjórnum þeirra.

Endurskoðunarskýrslur hlutafélaga eru lagðar fyrir stjórn og endurskoðendum er skylt að svara spurningum hluthafa um atriði sem varða ársreikning fyrirtækja á aðalfundi. Ríkisendurskoðun er á hinn bóginn ekki heimilt að birta efnisleg atriði úr slíkum skýrslum í endurskoðunarskýrslu sinni um ríkisreikning viðkomandi árs þar sem hlutafélög eru einkaréttarlegir aðilar þó svo þau séu í meirihlutaeign ríkissjóðs.

**Breiðafjarðarferjan Baldur ehf.**

Vegagerðin keypti Breiðafjarðarferjuna Baldur af samnefndu hlutafélagi fyrir fáeinum árum síðan. Á síðasta ári bauð Vegagerðin út reksturinn og hrepptu Sæferðir í Stykkishólmi samninginn. Frá síðustu áramótum hefur því engin starfsemi verið hjá félaginu.

Samtals 14,7 m.kr. tap varð á rekstrinum árið 2000. Eigið fé í árslok 2000 var neikvætt um 8,5 m.kr. Vegagerðin hefur tekið á sig að ljúka rekstri félagsins til að afstýra gjaldþroti.

Kostnaður á fyrstu tíu mánuðum þessa árs nemur um 19,4 m.kr. Til að ljúka slitum félagsins og ganga frá skuldum þess við lánadrottna þarf Vegagerðin að leggja fram tæpar 28 m.kr.

# 7 Endurskoðun á stofnunum og verkefnum Þjóðkirkjunnar

Lög, nr. 78/1997 um stöðu, stjórn og stafshætti Þjóðkirkjunnar tóku gildi í janúar 1998 og komu að fullu til framkvæmda á árinu 1999. Einn megintilgangur laganna var að auka sjálfstæði Þjóðkirkjunnar í eigin málum m.a. með sjálfræði um ráðstöfun þeirra tekna sem henni eru ætlaðar innan þess ramma sem lög um fjárreiður ríkisins setja.

Á árinu 1997 náðist samkomulag milli ríkisins og Þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna Þjóðkirkjunnar og var það staðfest með fyrrgreindum lögum. Gegn þessum launagreiðslum ríkisins munu kirkjujarðir renna til ríkisins og andvirði seldra jarða rennur í ríkissjóð. Ennfremur var gerður samningur milli ríkisins og Þjóðkirkjunnar um rekstrarkostnað vegna prestsembætta og prófasta, rekstrarkostnað biskupsstofu, framlag til kristnisjóðs og sérframlög til Þjóðkirkjunnar. Enn er ósamið um eignarhald prestssetra en unnið er að samningum þar um.

Kirkjuþing hefur frá setningu laganna unnið að mótun starfsreglna um ýmsa starfsemi og verkefni. Slíkar starfsreglur eru nauðsynlegar til þess að þjóðkirkjan geti starfað á eigin forsendum án afskipta ríkisins af innri málum hennar.

Kirkjuþingi ber að sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun. Ríkisendurskoðun annast endurskoðun flestra þeirra verkefna sem falla undir ofangreinda starfsemi, að undanskyldum reikningsskilum þriggja sjálfseignarstofnana sem eðli máls samkvæmt er endurskoðar af kjörnum og ráðnum endurskoðendum. Endurskoðunarskylda Ríkisendurskoðunar er ýmist fólgin í lögum um Ríkisendurskoðun eða stofnuninni falin endurskoðun með sérlögum. Stofnunin hefur sem fyrr endurskoðað embætti og sjóði kirkjunnar en endurskoðun stofnana á vegum kirkjunnar hefur verið

framkvæmd af löggiltum endurskoðendum sem starfa í umboði Ríkisendurskoðunar.

Ríkisendurskoðun hefur frá því að fyrrnefnd lög voru sett lagt árlega fyrir kirkjuþing skýrslu um endurskoðun þeirra verkefna sem stofnunin hefur endurskoðað. Bókhald embætta og sjóða kirkjunnar er almennt vel fært og frágangur skjala í öllum meginatriðum í góðu lagi. Hins vegar voru að þessu sinni gerðar nokkrar athugasemdir við reikningsskilin, einkum eftirfarandi:

- Vegna breytinga á skipulagi Biskupsstofu sem varða aðgreiningu á kostnaði vegna Biskups Íslands er bent á að enn eru þessi skil óglögg og því þörf á að skilgreina þau betur. Einnig er bent á nauðsyn þess að tekin verði saman eignaskrá fyrir Fjölskylduþjónustu kirkjunnar.
- Sem fyrr er fjárhagsstaða Prestssetrasjóðs slæm en verkefni hans og fjárþörf eru mikil þannig að seint mun ganga að koma verkefnum þannig fyrir að viðhald prestssetra verði í því horfi að allir geti vel við unað. Bent er á að ein kirkja er í verulegum vanskilum við Kirkjubyggingasjóð og hafa verið afskrifaðar dráttarvaxtakröfur til ársloka 2000.
- Kirkjugarðasjóður hefur á ný fengið fullt framlag en það var skert árin 1998 og 1999. Sjóðurinn hefur orðið að afskrifa töpuð útlán vegna áfallinna dráttarvaxta.
- Bent er á að Hinn almenni kirkjusjóður sem stofnaður var með lögum nr. 20/1890 um innheimtu og meðferð kirknafjár hefur lokið ætlunarverki sínu og er rétt að íhugað verði hvort ekki er rétt að leggja hann formlega af en eigið fé sjóðsins gæti þá runnið í ábyrgðadeild Jöfnunarsjóðs sókna eins og hugmyndir hafa verið um og kynntar hafa verið á kirkjuþingi í tengslum við ályktun þar um.

# 8 Athuganir á ýmsum þáttum í stjórnun og rekstri

Samhliða reglubundinni fjárhagsendurskoðun hefur Ríkisendurskoðun á hverju ári kannað sérstaklega nokkur valin atriði sem tengjast meðferð fjármuna hjá stofnunum, einkum í A-hluta ríkisreiknings. Er þá yfirleitt um að ræða atriði sem talin eru ráða miklu um það hvort reikningsskil stofnana gefi rétta mynd af fjárhagsstöðu þeirra, en einnig eru gjarnan athugaðir ýmsir þættir í stjórnun og rekstri sem aðeins hafa óbein áhrif á reikningsskil. Við endurskoðun á árinu 2000 var ákveðið að gefa sérstaklega gaum að eftirtöldum fimm þáttum:

- Fjármálastjórn stofnana
- Tölvusamningum sem ríkisaðilar hafa gert við fyrirtæki á einkamarkaði
- Fyrirkomulagi launamála
- Meðhöndlun tekna
- Gæðum innra eftirlits hjá stofnunum

Nokkuð mismunandi er til hversu margra stofnana og fjárlagaliða könnun á fyrrgreindum atriðum náði. Fjöldinn er yfirleitt á bilinu 70-80 fyrir hvern þátt. Í hverju tilviki er fjöldinn því ekki nema hluti af heildarfjölda fjárlagaliða. Þegar haft er í huga hve stofnanir í eigu ríkisins eru ólíkar að því er varðar stærð, skipulag, stjórnun, starfshætti, og eðli þeirrar starfsemi sem þær sinna, er ljóst að óvarlegt er að alhæfa út frá niðurstöðum slíkra athugana. Slíkar athuganir gefa því í besta falli ónákvæmar vísbendingar um ástand mála í ríkiskerfinu í heild. Markmiðið er enda ekki það að draga víðtækar ályktanir, heldur fyrst og fremst að reyna að bregða upp dæmum um það hvernig stjórnun er háttað hjá ríkinu.

# Fjármálastjórn

Þrátt fyrir skýr ákvæði í stjórnarskrá, fjárreiðulögum, og nú einnig í reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, tíðkast enn að rekstrarútgjöld stofnana fari umtalsvert fram úr fjárheimildum. Í ljósi þessa var ákveðið að við framkvæmd fjárhagsendurskoðunar vegna ársins 2000 yrði fjármálastjórn stofnana könnuð sérstaklega, með það fyrir augum að leita skýringa á því hvers vegna stofnunum tekst misvel að halda útgjöldum innan heimilda. Ríkisendurskoðun hefur áður kannað ýmis atriði tengd fjármálastjórn stofnana, t.a.m. var áætlanagerð athuguð sérstaklega í tengslum við endurskoðun á reikningsskilum ársins 1999. Niðurstöður þeirrar athugunar voru birtar í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings á síðasta ári.

Athugun Ríkisendurskoðunar tók að þessu sinni til 75 fjárlagaliða í A-hluta. Kannaðir voru nokkrir þættir sem segja má að séu undirstaða traustrar fjármálastjórnar hjá stofnunum og fyrirtækjum í ríkiseigu:

- Hvort gerð sé gjalda- og tekjuáætlun fyrir stofnunina og hvort sú áætlun sé í samræmi við forsendur fjárlaga
- Hvort gerð sé sérstök áætlun um mannaflaþörf
- Hvort rauntölur séu bornar saman við áætlun með reglulegu millibili
- Hverjir fái upplýsingar um rauntölur
- Hvernig sé brugðist við innan ársins ef ljóst þyki að rauntölur fari fram úr áætlun

### Gjalda- og tekjuáætlun

Skv. 8. gr. reglugerðar um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, sem fjármálaráðuneytið gaf út í ársbyrjun 2001, ber forstöðumönnum stofnana að skila til síns ráðuneytis ársáætlun um tekjur og gjöld. Áætlunin skal rúmast innan ramma fjárveitinga og skal hún gera grein fyrir dreifingu útgjalda innan ársins. Jafnframt skal áætlunin vera sundurliðuð eftir yfirviðfangsefnum, launagjöldum, öðrum rekstrarútgjöldum, eignakaupum, tilfærslum og sértekjum.

Í tengslum við endurskoðun á síðasta ári var ákveðið að fara ofan í saumana á því hvernig staðið er að gerð og framkvæmd rekstraráætlana. Í ljós kom að hjá nánast hjá öllum þeim stofnunum sem athugunin náði til voru gerðar áætlanir um tekjur og gjöld. Hins vegar voru áætlanir hjá nokkrum þeirra ekki í samræmi við fjárlög, heldur byggðar á rekstrarútkomu síðasta árs. Dæmi voru um að stjórnendur stofnana sýndu áætlanagerð og eftirliti með henni takmarkaðan áhuga og fælu verkefnið öðrum sem ef til vill hefði ekki getu til að sinna því.

Athugun Ríkisendurskoðunar nú leiddi í ljós að enn tíðkast það að ekki sé gerð áætlun um gjöld og tekjur, þótt það heyri vissulega til undantekninga. Að sama skapi eru greinilega enn nokkur dæmi þess að áætlun sé ekki gerð í samræmi við forsendur fjárlaga.

## Áætlun um mannaflaþörf

Launakostnaður er í flestum tilvikum stærsti kostnaðarliðurinn í rekstri ríkisstofnana. Til að unnt sé að áætla og stýra þeim kostnaði er mikilvægt að á hverjum tíma liggi fyrir vandaðar áætlanir um mannaflaþörf stofnana. Í athuguninni sem gerð var á síðasta ári kom fram að meirihluti þeirra gerði áætlanir um mannaflaþörf.

Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að enda þótt flestar þær stofnanir sem athugunin náði til vinni slíkar áætlanir, er töluverður fjöldi sem ekki gerir það.

## Samanburður áætlana og rauntalna

Í 12. gr. áðurnefndrar reglugerðar um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta, segir að við rekstur stofnunar skuli þess gætt að samræmi sé á milli heildarútgjalda hennar og áætlunar í lok hvers tímabils innan ársins.

Við athugun á síðasta ári kom í ljós að hjá flestum stofnunum var eftirlit með framkvæmd áætlana þannig að rauntölur eru bornar saman við áætlunina með reglulegu millibili. Athugunin nú gaf svipaða niðurstöðu; flestar stofnanir bera reglulega saman áætlanir og rauntölur, þótt enn geri allmargar stofnanir það ekki.

**Upplýsingar um áætlanir og rauntölur**

Í 8. áðurnefndrar reglugerðar segir að fyrir lok febrúar ár hvert skuli ráðuneyti taka afstöðu til og staðfesta ársáætlun stofnunar með eða án breytinga. Í 15. gr. segir að ef heildarútgjöld víki meira en 4% frá áætlun stofnunar (þ.e. á tilteknu tímabili innan ársins), skuli forstöðumaður tafarlaust skýra stjórn hennar og ráðuneyti frá því hvaða ástæður búi þar að baki og hvernig hann hyggist bregðast við.

Athugun Ríkisendurskoðunar á síðasta ári sýndi að yfirleitt er upplýsingum um áætlanir og rauntölur aðeins dreift innanhúss til stjórnenda og stjórnar, sé um hana að ræða. Aðeins hluti stofnana sendir viðkomandi ráðuneyti áætlanir. Niðurstaðan nú var svipuð. Athygli vekur að allmargar stofnanir sem athugunin náði til senda ráðuneyti sínu ekki upplýsingar af þessu tagi.

**Viðbrögð við því ef rauntölur eru ekki í samræmi við áætlun**

Í 14. gr. áðurnefndrar reglugerðar segir að forstöðumaður beri ábyrgð á því að fjárreiður og rekstur stofnunar sé í samræmi við þær áætlanir sem gerðar hafi verið til lengri og skemmri tíma. Í 2. mgr. 15. gr. segir að enda þótt forstöðumaður hafi sinnt þeirri skyldu sinni að tilkynna ráðuneyti ef útgjöld hafa vikið meira en 4% frá áætlun, beri honum jafnt sem áður skylda til þess að leita allra mögulegra úrræða til þess að bregðast við þeim vanda sem upp sé kominn.

Í athugun þeirri sem Ríkisendurskoðun gerði á síðasta ári kom fram að algengast var að gripið væri til sparnaðaraðgerða innan ársins ef ljóst þótti að rauntölur væru að fara fram úr áætlun. Athugunin nú dregur upp svipaða mynd.

## Tölvusamningar

Margar stofnanir hafa á undanförnum árum gert leigusamninga við fyrirtæki á einkamarkaði um öflun og/eða rekstur á tölvubúnaði. Einnig hafa verktakar í auknum mæli verið ráðnir til að annast tölvuþjónustu stofnana í stað fastráðinna starfsmanna. Ríkisendurskoðun ákvað af þessu tilefni að fara sérstaklega ofan í saumana á tölvusamningum

stofnana í tengslum við fjárhagsendurskoðun vegna ársins 2000. Athugunin náði til 62 stofnana en þar af hefur helmingurinn gert slíka samninga. Að því er varðar þær stofnanir sem gert slíka samninga, var ákveðið að beina sjónum að eftirtöldum atriðum:

- Hvert sé eðli samninganna
- Á hvaða hátt samningar hafi verið gerðir
- Hvort hlutaðeigandi stofnun sé ánægð með þá þjónustu sem hún fær á grundvelli samningsins
- Af hverju hugsanleg óánægja stafi

Í ljós kom að stofnanir hafa gert tölvusamninga af ýmsu tagi. Um fjórðungur þeirra hefur gert samninga um rekstrarleigu á tölvubúnaði en um fimmtungur hefur gert rekstrarsamninga, þ.e. samninga um að fyrirtæki á einkamarkaði annist rekstur tölvukerfa í eigu stofnananna. Hjá um helmingi stofnana var samningur ekki gerður á grundvelli útboðs. Ekki liggja þó fyrir upplýsingar hvort um útboðsskyldu, sbr. viðmiðunarfjárhæðir, hafi verið að ræða í þeim tilvikum. Meirihluti stofnana er ánægður með þá þjónustu sem veitt er á grundvelli tölvusamninga en þó eru dæmi um óánægju með einstök atriði, s.s. vegna þess að afköst búnaðar hafa ekki verið í samræmi við væntingar eða að þjónusta gagnaðila hefur þótt ófullnægjandi.

## Launamál

Talsverðar breytingar hafa orðið á síðustu árum á fyrirkomulagi launamála hjá ríkinu. Veigamestu breytingarnar leiddi af kjarasamningum sem gerðir voru við ýmis stéttarfélög starfsmanna ríkisins á árinu 1997, svonefndum aðlögunarsamningum, sem fólu í sér að tekið var upp nýtt launakerfi. Gerðar voru nýjar launatöflur sem gáfu kost á því að grunnlaun starfsmanna yrðu hækkuð, gegn því að dregið yrði úr greiðslum fyrir yfirvinnu. Vörpunin úr gömlu launatöflunni yfir í þá nýju hafði víða í för með sér talsverða launahækkun og kom hún til viðbótar þeirri hækkun sem á sama tíma varð á launatöxtum.

Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1998 voru birtar niðurstöður könnunar sem Ríkisendurskoðun gerði á framkvæmd aðlögunarsamninganna frá 1997. Í ljós kom að víða var vörpun ekki

að fullu lokið og að nokkur munur var milli ráðuneyta og stofnana á því hvernig staðið hafði verið að framkvæmd aðlögunarsamninganna. Í tengslum við fjárhagsendurskoðun á árinu 2000 var ákveðið að athuga fyrirkomulag launamála í nokkuð víðara samhengi. Var markmiðið að kanna sérstaklega innra eftirlit í tengslum við launamál og framkvæmd launasamninga hjá stofnunum. Alls náði umrædd könnun til 78 stofnana og fjárlagaliða. Ákveðið var að beina sjónum að eftirtöldum atriðum:

- Hvort gerðir séu ráðningarsamningar við starfsmenn
- Hvort haldin sé fjarvistarskrá
- Hvernig fylgst sé með viðveru starfsmanna
- Hvort laun þeirra starfsmanna sem fá laun greidd samkvæmt úrskurði kjaranefndar/kjaradóms séu í samræmi við úrskurði
- Hvort vörpun yfirvinnu og aukagreiðslna yfir í mánaðarlaun sé lokið

### Ráðningarsamningar

Skv. 2. gr. reglna um form ráðningarsamninga og skyldu til að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör, sem fjármálaráðuneytið gaf út árið 1996, skal gera skriflegan ráðningarsamning við starfsmann við upphaf ráðningar. Reglurnar gilda um þá starfsmenn ríkisins sem falla undir gildissvið laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, aðra en embættismenn. Í 1. mgr. 1 gr. laganna segir að þau taki til hvers manns sem sé skipaður, settur eða ráðinn í þjónustu ríkisins til lengri tíma en eins mánaðar, án tillits til þess hvort og þá hvaða stéttarfélagi hann tilheyri, enda verði starf hans talið aðalstarf.

Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að stofnanir virðast í langflestum tilfellum gera skriflega ráðningarsamninga við starfsmenn sína í samræmi við ofangreind ákvæði reglna fjármálaráðuneytisins. Þó eru enn brögð að því að stofnanir geri ekki slíka samninga aðeins við hluta starfsmanna.

**Fjarvistaskrá**

Í reglugerð um veikindaforföll starfsmanna ríkisins segir í 6. grein að halda skuli skrá yfir veikindadaga opinberra starfsmanna við hverja stofnun. Stofnunum er hins vegar ekki skylt að halda skrá vegna annars konar fjarvista starfsmanna. Er þó ljóst að nákvæm skráning allra fjarvista hlýtur að teljast forsenda öflugs innra eftirlits í tengslum við launamál. Með því að skrá nákvæmlega allar fjarvistir starfsmanna er m.a. séð til þess að öllu er snertir orlofs- og veikindarétt starfsmanna er haldið til haga. Þannig er dregið úr hættu á mistökum eða misferli.

Nær allar þær stofnanir sem athugun Ríkisendurskoðunar náði til að þessu sinni halda fjarvistarskrá, bæði yfir orlof og veikindi. Einnig halda langflestar stofnananna skrá yfir aðrar fjarvistir starfsmanna.

**Viðveruskráning**

Í 30. gr. eldri laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954, segir að hafa skuli stimpilklukkur á skrifstofum og vinnustöðum þar sem því verði við komið. Í nýju starfsmannalögunum frá 1996 var þetta ákvæði fellt brott. Í stað þeirrar skyldu sem áður hvíldi á stofnunum að hafa stimpilklukku er skv. 16. gr. nýju laganna ,,heimilt að setja upp tímaskráningarkerfi til að fylgjast með því hvenær starfsmenn mæta til vinnu." Í athugasemdum með frumvarpi að lögunum er tekið fram að um heimildarákvæði sé að ræða en ekki þurfi að fara mörgum orðum um hversu mikilvæg stundvísi starfsmanna sé.

Við athugun Ríkisendurskoðunar kom fram að stimpilklukka er notuð til að fylgjast með viðveru starfsmanna hjá meirihluta þeirra stofnana sem athugunin náði til. Hluti stofnana skráir viðveru með vinnuskýrslum en um fjórðungur skráir viðveru með öðrum hætti en að ofan greinir. Nokkur dæmi eru um að ekki sé fylgst með viðveru starfsmanna og hlýtur það að teljast með öllu óviðunandi.

**Laun skv. kjaranefndarúrskurði og vörpun yfirvinnu**

Hjá velflestum þeirra stofnana sem athugun Ríkisendurskoðunar náði til voru laun þeirra starfsmanna sem fá greitt skv. úrskurði kjaranefndar

eða kjaradóms, í samræmi við úrskurði. Þó voru nokkur dæmi um að svo væri ekki. Hjá meirihluta stofnana er vörpun yfirvinnu yfir í föst laun að fullu lokið.

## Meðferð tekna

Skv. 9. gr. fjárreiðulaga eru tekjur ríkissjóðs flokkaðar í fimm flokka, þ.e. skatttekjur, aðrar rekstrartekjur, tekjur af sölu eigna, fjármagnstilfærslur og fjárframlög. Sértekjur eru hins vegar skilgreindar í 12. grein sömu laga sem tekjur ríkisstofnana af sölu á vöru og þjónustu sem seld er á markaðsforsendum. Skulu slíkar tekjur færast til lækkunar á gjöldum en jafnframt sýndar sérstaklega í reikningum stofnana.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1999 var gerð athugasemd við meðferð sértekna hjá ríkisaðilum. Að mati Ríkisendurskoðunar hafði fjölmargt verið fært sem sértekjur á árinu sem ekki gat talist til slíkra tekna í skilningi fjárreiðulaganna. Komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að um helmingur þeirrar fjárhæðar sem færð var sem sértekjur, alls um 12,8 ma.kr., hafi fallið undir skilgreiningu laganna, þriðjungur hafi verið innbyrðis kostnaðarhlutdeild A-hluta aðila, og það sem eftir stóð hafi átt að færa á tekjuhlið ríkisreiknings.

Í tengslum við fjárhagsendurskoðun á árinu 2000 var ákveðið að kanna meðferð sértekna hjá stofnunum og náði athugunin til 67 stofnana og fjárlagaliða. Var sjónum einkum beint að tveimur atriðum:

- Hvort tekjur séu rétt flokkaðar
- Hvaða heimildir liggi að baki tekjunum

Fram kom að algengast var að þær stofnanir sem athugun Ríkisendurskoðunar náði til hefðu tekjur sem falla í einhvern eftirtalinna þriggja tekjuflokka: Tekjur fyrir selda þjónustu, leigutekjur/kostnaðarhlutdeild, og tekjur vegna minni háttar eignasölu. Einnig kom fram að í flestum tilvikum eru tekjur innheimtar á grundvelli laga eða reglugerða. Í fimm tilvikum voru tekjur ekki rétt flokkaðar miðað við tegundalykil BÁR. Samtals nam upphæð rangt flokkaðra tekna í þessum fimm tilvikum tæplega 202 m.kr. Í þremur þessara fimm tilvika voru það tekjur vegna

minni háttar eignasölu sem voru rangt flokkaðar. Í ljósi þessara dæma hefur Ríkisendurskoðun brýnt fyrir stofnunum að þær gæti þess að tekjur sem þær innheimta séu ávallt rétt flokkaðar

## Innra eftirlit

Ríkisendurskoðun hefur m.a. það hlutverk lögum samkvæmt að kanna innra eftirlit ríkisaðila. Hugtakið innra eftirlit vísar til alls þess í skipulagi og starfsaðferðum stofnunar sem stuðlar að því að hún nái settum markmiðum í rekstri. Innra eftirlit getur m.a. falist í fastmótuðum verklagsreglum eða vinnuferlum sem ætlað er að lágmarka hættu á því að mistök valdi tjóni á starfseminni. Með öflugu innra eftirliti er tryggt að þau gögn sem endurskoðun byggist á séu áreiðanleg og gefi rétta mynd af fjárhagsstöðu hlutaðeigandi stofnunar.

Athugun á innra eftirliti er orðin fastur liður í því starfi sem á hverju ári fer fram í tengslum við endurskoðun á reikningsskilum ríkisaðila. Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum unnið að því að bæta innra eftirlit stofnana. Hafa fjölmargar ábendingar þar að lútandi verið settar fram í endurskoðunarskýrslum síðustu ár. Í þessu sambandi má einnig nefna að stofnunin birti á árinu 1998 sérstakt upplýsingarit um innra eftirlit, ætlað stjórnendum stofnana. Í fyrri skýrslum um endurskoðun ríkisreiknings, t.d. fyrir árin 1996, 1998 og 1999, var sérstaklega fjallað um í hverju þessi viðleitni hefði skilað. Sú athugun á innra eftirliti sem fram fór í tengslum við endurskoðun á síðasta ári leiddi í ljós að enda þótt margir þættir innra eftirlits séu almennt í nokkuð góðu lagi hjá stofnunum, vanti enn töluvert upp á að allt sé eins og best verður á kosið í því efni.

Við endurskoðun á reikningsskilum stofnana fyrir árið 2000 var ákveðið að halda áfram athugunum á því að hvaða marki ábendingar Ríkisendurskoðunar hefðu skilað sér í bættu innra eftirliti. Athugunin náði til alls 76 stofnana og voru kannaðir nokkrir valdir þættir sem segja má að séu undirstöður trausts innra eftirlits:

- Hvort í stofnunum sé til skriflegt og skýrt skipurit sem sýni niðurröðun starfa og ábyrgðar.

- Hvort aðgreining milli þeirra sem starfa við bókhald og fjármál sé nægileg.
- Hvort uppbygging innra eftirlits sé skjalfest
- Hvort reikningar séu stemmdir af reglulega

## Skipurit

Segja má að gott skipurit sé undirstaða þess að unnt sé að halda uppi öflugu innra eftirliti. Í skipuriti á að koma fram hvernig valdi og ábyrgð er dreift innan hlutaðeigandi stofnunar og hverjar séu helstu boðleiðir milli ólíkra starfseininga og stjórnenda. Mikilvægt er talið að skipurit sé skýrt, skriflegt og að allir starfsmenn skilji hvað í því felist. Athugun á innra eftirliti sem fram fór í tengslum við endurskoðun á árinu 1999 leiddi í ljós að hjá meirihluta þeirra stofnana sem sú athugun náði til, voru starfskröfur og verkefni deilda og sviða skilgreind með skýrum hætti í skipuriti og starfslýsingum.

Athugun Ríkisendurskoðunar í tengslum við endurskoðun á árinu 2000 leiddi í ljós svipaða niðurstöðu; í yfirgnæfandi meirihluta tilfella hafa stofnanir skriflegt og skýrt skipurit sem sýnir stjórnskipulag og niðurröðun starfa og ábyrgðar.

## Aðgreining starfa

Mikilvægt er að lykilverkefnum innan hverrar stofnunar sé sinnt af ólíkum starfsmönnum til að draga úr hættu á mistökum eða misferli. Aðgreina þarf ábyrgð á meðferð fjármuna og heimildum til útgjalda, t.d. störf gjaldkera og bókara.

Athugunin leiddi í ljós að enn eru allmörg dæmi þess að aðgreining milli þeirra sem starfa við bókhald og fjármál sé ekki nægileg hjá þeim stofnunum sem athugunin náði til. Til dæmis voru nokkrar stofnanir þar sem störf bókara og gjaldkera, og gjaldkera og launafulltrúa, voru ekki aðskilin. Þess ber þó að geta að hjá meirihluta stofnana er þessi störf aðgreind.

**Skjalfest uppbygging**

Traust innra eftirlit byggist m.a. á því að til séu skriflegar lýsingar á vinnubrögðum og verkferlum innan hverrar stofnunar. Með því móti er tryggt að starfsmenn hafi á öllum tímum aðgang að skýrum upplýsingum um hvernig þeim beri að vinna vinnu sína. Slíkar lýsingar geta verið á ýmsu formi og eru í sumum tilvikum nefndar gæðahandbók einu nafni. Gæðahandbækur þurfa að fela í sér greinargóðar lýsingar á öllum aðgerðum sem starfsemin felur í sér. Koma þarf skýrt fram hver tilgangurinn sé með því að tiltekið vinnulag sé viðhaft. Með því móti er reynt að tryggja að starfsmenn séu sér fyllilega meðvitandi um þá áhættu sem tilteknu vinnulagi er ætlað að lágmarka. Með öðrum orðum, í hverri stofnun þurfa að vera fyrir hendi lýsingar á því hvað eigi að gera, hvernig eigi að gera það, og hvers vegna skuli gera það á þann hátt sem mælt er fyrir um.

Aðeins hjá fáeinum þeirra stofnana sem athugun Ríkisendurskoðunar beindist að hefur uppbygging innra eftirlits verið skjalfest með ofangreindum hætti. Ríkisendurskoðun telur að stofnanir þurfi að gera átak í því að gera vinnureglur sem hjá þeim gilda aðgengilegar fyrir starfsmenn á skriflegu formi.

**Afstemming reikninga**

Einn þáttur í eftirlitsskyldu stjórnenda er regluleg afstemming reikninga. Brýnt er að færslur á reikningum, bæði banka- og viðskiptareikningum, séu yfirfarnar í lok hvers tímabils innan ársins og bornar saman við fylgiskjöl. Þannig geta stjórnendur fylgst grannt með þróun útgjalda og komið í veg fyrir mistök eða misferli.

Við athugun Ríkisendurskoðunar kom fram að ekki hafa allar stofnanir þann háttinn á að stemma af bankareikninga reglulega innan ársins. Mörg dæmi eru um að bankareikningar séu aðeins yfirfarnir í lok árs. Svipuðu máli gegnir um viðskiptareikninga. Tiltölulega fáar stofnanir stemma þá reglulega af. Meirihluti stofnana virðist þó hafa tekið upp það verklag að stemma ferðareikninga starfsmanna reglulega af.

# 9 Fjárheimildir

## Munur milli fjárheimilda í skilningi fjárreiðulaga og skv. ríkisreikningi 2000

Þótt í lögum nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins sé hvergi að finna skilgreiningu á hugtakinu fjárheimild, eru lögin skýr um hvað tilgreina skuli sem fjárheimildir í ríkisreikningi. Ákvæði laganna fela í sér að fjárheimildir skulu í reikningnum vera afmarkaðar frá öðrum stærðum í rekstri. Slík framsetning tryggir að auðvelt sé að bera fjárheimildir saman við rauntölur og þar með meta hversu vel stofnanir hafa rækt þá skyldu sína að haga rekstri í samræmi við fjárheimildir. Að mati Ríkisendurskoðunar uppfyllir framsetning upplýsinga í ríkisreikningi fyrir árið 2000 ekki ákvæði fjárreiðulaganna að þessu leyti. Verða hér rakin í stuttu máli þau rök sem liggja að baki þessu áliti en þau komu raunar einnig fram í skýrslu stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1999.

Í áritun Ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi vegna ársins 1999 var gerður fyrirvari um réttmæti þeirra fjárheimilda sem tilgreindar voru í reikningnum. Var gerð nánari grein fyrir þessum fyrirvara í skýrslu stofnunarinnar um endurskoðun ríkisreiknings fyrir það ár. Alls voru í reikningnum tilgreindar fjárheimildir að fjárhæð rúmlega 199 ma.kr. Að mati Ríkisendurskoðunar voru fullgildar fjárheimildir ársins hins vegar tæpum þremur ma.kr. lægri, eða um 196,2 ma.kr. Mismunurinn fólst í því að í ríkisreikningi voru breytingar vegna uppgjörs rekstrartekna og markaðra tekna stofnana, auk breytinga á einstökum fjárlagaliðum skv. frumvarpi til lokafjárlaga, taldar með fjárheimildum ársins. Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings kom fram það mat Ríkisendurskoðunar að þessi reikningsskilaaðferð stæðist ekki ákvæði fjárreiðulaga. Vakin var athygli á því að til öflunar annarra fjárheimilda en vegna fjárlaga, fjáraukalaga og fluttra fjárheimilda, fari skv. ákvæðum 45. gr. laganna. Í greininni segir m.a. að með ríkisreikningi skuli fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar, þar sem leitað skuli heimilda til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveit-

ingum sem ekki eru fluttar milli ára. Taldi Ríkisendurskoðun það í hæsta máta vafasamt að tilgreindar væru sem fjárheimildir í ríkisreikningi tillögur eða ákvarðanir sem lagðar yrðu fram í frumvarpi til lokafjárlaga og hefðu enn ekki verið samþykktar af Alþingi.

Í áritun Ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi vegna ársins 2000 er gerður sams konar fyrirvari um réttmæti fjárheimilda og gerður var vegna ársins 1999. Telur stofnunin því nauðsynlegt að árétta það sem sagði í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings á síðasta ári um þær fjárheimildir sem tilgreindar eru í reikningnum. Hins vegar ber að geta þess að framsetning upplýsinga í ríkisreikningi hefur breyst lítillega milli ára. Þannig hefur fjárheimildadálkur í ríkisreikningi 2000 fengið yfirskriftina ,,fjárheimildir/frumvarp til lokafjárlaga", sem ber með sér að fjárhæðir sem þar eru gefnar upp séu samtala fjárheimilda ársins og tillagna um framlög skv. frumvarpi til lokafjárlaga. Ástæða er til að undirstrika að þrátt fyrir breytinguna vantar enn nokkuð upp á að framsetning upplýsinga í reikningnum sé í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga. Eftir sem áður er ekki ljóst í reikningnum hverjar fjárheimildir ársins eru, þ.e. í skilningi fjárreiðulaga, og því ekki unnt að bera heimildir saman við útkomu.

Ríkisendurskoðun telur brýnt að á þessu verði ráðin bót þannig að framsetning upplýsinga í ríkisreikningi verði að fullu í samræmi við lög og reikningurinn veiti glögga yfirsýn um rekstur og fjármál ríkisins. Í töflunni hér að neðan má sjá muninn á fjárheimildum ársins 2000 í skilningi fjárreiðulaga og því sem í ríkisreikningi 2000 er talið upp í dálki undir fyrirsögninni ,,fjárheimildir/frumvarp til lokafjárlaga".

**Tafla 60 Samsetning fjárheimilda vegna gjalda árið 2000**

| *Í m.kr.* | Fjárheimildir skv. skilgr. fjárreiðulaga | Fjárheimildir/frumvarp til lokafjárlaga skv. ríkisreikningi |
|---|---|---|
| Fjárlög 2000 | 193.158,7 | 193.158,7 |
| Fjáraukalög | 8.240,7 | 8.240,7 |
| Yfirfærð heimild fyrra árs | 12.240,2 | 12.240,2 |
| Yfirfærð skuld fyrra árs | (8.848,6) | (8.848,6) |
| Breyting vegna rekstrartekna | | 959,5 |
| Breyting vegna markaðra skatttekna | | 548,9 |
| Beinar breytingar | | 26.806,2 |
| Samtals | 204.791 | 233.106 |

# Samanburður útgjalda við fjárheimildir árið 2000

Þegar útgjöld stofnana ríkisins á árinu 2000 eru borin saman við fjárheimildir þeirra, kemur í mörgum tilvikum í ljós allmikill munur. Eins og undanfarin ár virtu margar stofnanir ekki fjárheimildir sínar á árinu. Í þessu sambandi vekur athygli að svo virðist sem ekki hafi tekist að leysa vanda fjölmargra stofnana sem hafa ítrekað komist upp með að stofna til útgjalda umfram fjárheimildir, jafnvel ár eftir ár. Í öðrum tilvikum er aftur á móti jafnan fluttur umtalsverður afgangur á fjárheimildum milli ára. Á það t.d. við um ýmsa safnliði ráðuneytanna.

Af gefnu tilefni skulu hér í upphafi áréttaðar fyrri ábendingar Ríkisendurskoðunar um ábyrgð forstöðumanna og stjórna skv. 49. gr. fjárreiðulaga, 38. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Það er Alþingis að ákveða hvort stofnanir skuli veita meiri og dýrari þjónustu en núverandi fjárheimildir þeirra gera ráð fyrir. Ekki getur talist í samræmi við gildandi lög og eðlilega fjármálastjórn að þingið samþykki ítrekað viðbótarfjárheimildir til stofnana löngu eftir að til útgjaldanna var stofnað.

Lög um fjárreiður ríkisins veita reyndar ákveðna heimild til greiðslna úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum. Í 33. gr. laganna segir þannig að valdi ófyrirséð atvik því að greiða þarf úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum sé fjármálaráðherra að höfðu samráði við hlutaðeigandi ráðherra heimilt að inna greiðsluna af hendi enda þoli hún ekki bið. Fjármálaráðherra er skylt að gera fjárlaganefnd Alþingis grein fyrir slíkum ófyrirséðum greiðslum strax og ákvörðun hefur verið tekin um þær og leita heimilda til þeirra með frumvarpi til fjáraukalaga. Í 34. gr. segir að séu gerðir kjarasamningar sem kveða á um frekari launaútgjöld ríkisins en fjárlög gerðu ráð fyrir skuli svo fljótt sem kostur er leita heimilda Alþingis til slíkra útgjalda með frumvarpi til fjáraukalaga. Launagreiðslum skal þó haga í samræmi við hina nýju kjarasamninga. Að mati Ríkisendurskoðunar eiga hvorugt þessara ákvæða við um þau útgjöld sem stofnað var til umfram fjárheimildir á árinu 2000.

Samtals námu fjárheimildir ársins rúmlega 206 ma.kr. en samanlögð gjöld námu alls 229 ma.kr. Rekstur ríkisins fór því um 26,1 ma. kr. fram úr fjárheimildum á árinu 2000. Í frumvarpi til lokafjárlaga fyrir

árið 2000 er sótt um fjárheimildir að fjárhæð samtals 28,3 ma.kr. Það er um 2,2 ma.kr. umfram heildargjöld ársins skv. ríkisreikningi.

Að neðan er fjallað nánar um útkomu á tilteknum fjárlagaliðum sem Ríkisendurskoðun telur ástæðu til að vekja sérstaklega athygli á.

## Framhaldsskólar

Fjárhagsstaða framhaldsskólanna er mjög mismunandi. Vekur það nokkra athygli í ljósi þess að fjárveitingar til skólanna hafa frá árinu 1998 verið veittar með hliðsjón af niðurstöðum sérhannaðs reiknilíkans sem á að tryggja að framlög séu í öllum tilvikum ákvörðuð út frá sömu forsendum. Í fljótu bragði virðist mega álykta að sumum skólanna hafi tekist betur að aðlaga rekstur sinn að reiknilíkaninu en öðrum. Athygli vekur hve breitt bil virðist vera milli þeirra skóla sem best eru settir og hinna sem verst eru settir.

Annars vegar eru nokkrir skólar sem virðast eiga í erfiðleikum með að laga rekstur sinn að fjárheimildum. Í þeim hópi má nefna stofnanir eins og Menntaskólann í Kópavogi, Fjölbrautaskólann í Breiðholti og Fjölbrautaskóla Norðurlands Vestra. Allar þessara stofnana hafa safnað upp halla á undanförnum árum. Í tilviki Menntaskólans í Kópavogi og Fjölbrautaskólans í Breiðholti er um umtalsverða fjárhæðir að ræða og verður ekki annað séð en til þurfi að koma mjög ákveðnar aðgerðir af hálfu stjórnenda til að snúa þróuninni við.

Á hinn bóginn eru skólar sem reknir hafa verið með ríflegum afgangi síðustu ár. Í þeim hópi eru Menntaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn við Hamrahlíð. Í þessu sambandi má benda á að á sama hátt og það telst óviðunandi ef halli safnast upp hjá stofnunum, getur ekki talist eðlilegt að afgangur sé af rekstri ár eftir ár, nema það þjóni ákveðnum tilgangi, sé t.d. liður í langtímaáætlunum um breytingar eða framkvæmdir af einhverju tagi.

Reiknilíkan framhaldsskólanna er í stöðugri mótun og er við því að búast að við endurskoðun þess á næstunni muni verði leitað skýringa á ólíkri fjárhagsstöðu skólanna og reynt að meta hvort líkanið eða forsendur þess hafi þar haft einhver áhrif.

Þegar rýnt er í afkomutölur framhaldsskólanna ber að hafa í huga að í raun var afkoma skólanna lakari á árinu en taflan gefur til kynna, þar sem ekki er í töflunni gert ráð fyrir minnkuðum framlögum til þeirra vegna verkfalls kennara á árinu. Verkfallið hefur í för með sér að skv. frumvarpi til lokafjárlaga er lagt til að fjárheimildir skólanna verði lækkaðar um samtals tæplega 550 m.kr. vegna minni kennslukostnaðar. Sú lækkun mun þó ekki hafa nema óveruleg áhrif á stöðu þeirra stofnana sem best eru settar en fjárhagsstaða þeirra sem illa standa að vígi mun enn versna nái tillögurnar fram að ganga.

## Heilbrigðisstofnanir

Ríkisendurskoðun hefur á undanförnum árum fjallað ítarlega um rekstrarvanda heilbrigðisstofnana, m.a. í greinargerð sem birt var í nóvember árið 1999. Niðurstöður þeirrar greinargerðar voru hafðar til hliðsjónar við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2000, þegar Alþingi tók ákvörðun um ráðstafanir til að rétta af bága fjárhagsstöðu stofnana innan heilbrigðiskerfisins. Markmið þeirra ráðstafana var að leiðrétta rekstrargrunn þeirra til að gera þeim kleift að haga rekstri sínum í samræmi við fjárheimildir. Þetta þýddi þó ekki í öllum tilvikum að rekstrarniðurstaða stofnunar á árinu 1999 væri viðurkennd sem rekstrargrunnur hennar. Mörgum stofnunum var gert að hagræða og spara í rekstri. Endurspegluðust þær kröfur í framlögum til þeirra á árinu 2000.

Þegar rekstrarniðurstaða heilbrigðisstofnana á árinu 2000 er skoðuð, kemur í ljós að í mörgum tilvikum hefur tekist að koma fjárhagsstöðu þeirra í viðunandi horf. Virðist því sem áðurnefndar ráðstafanir stjórnvalda og margvíslegar aðgerðir stjórnenda hafi borið tilætlaðan árangur. Hins vegar verður ekki fram hjá því litið að nokkrar stofnanir glíma enn við rekstrarvanda. Í því sambandi vegur þyngst halli Landspítala – Háskólasjúkrahúss en einnig er ástæða til að vekja athygli á hallarekstri Heilsugæslunnar í Reykjavík, Sjúkrahússins og heilsugæslunnar á Akranesi, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og St. Jósefsspítala. Stjórnendum þessara stofnana virðist ekki enn hafa tekist að laga reksturinn að fjárheimildum og veldur það vissulega nokkrum áhyggjum.

Ástæður þess að kostnaður vegna daggjaldastofnana fór fram úr fjárheimildum eru einkum þrjár. Í fyrsta lagi má rekja um þriðjung

umframgjaldanna til þess að hjúkrunarrými jókst á árinu. Í öðru lagi kom til aukinn kostnaður vegna svonefnds RAI matskerfis og framgangssamnings við hjúkrunarfræðinga. Þessi aukni kostnaður skýrir um helming af kostnaðarauka umfram verðlagshækkanir. Það sem eftir stendur skýrist af hallarekstri öldrunarstofnana frá fyrri árum.

## Áætlaðir liðir og safnliðir

Á ýmsum fjárlagaliðum sem í töflunni hér að neðan eru flokkaðir undir heitinu ,,áætlaðir fjárlagaliðir", hafa gjöld reynst hærri en ráð var fyrir gert í upphafi árs. Ljóst er að við afgreiðslu fjáraukalaga árið 2000 var meginhluti umframkostnaðar kominn fram eða fyrirsjáanlegur og því vakna spurningar um hvers vegna ekki var leitað heimildar vegna hans í frumvarpi til fjáraukalaga. Í samræmi við 44. gr. fjárreiðulaga hlýtur að teljast eðlilegt að Alþingi fjalli um slíkar hækkanir í tengslum við afgreiðslu fjáraukalaga á hverju ári, enda þótt yfirleitt sé um lögbundin og þar með óhjákvæmileg útgjöld að ræða.

Umframgjöld á liðnum 08-204 Lífeyristryggingar eru til komin vegna lagabreytinga í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli Öryrkjabandalags Íslands gegn íslenska ríkinu, s.k. öryrkjadóms, frá í desember árið 2000. Enda þótt lögin hafi tekið gildi á árinu 2001, var kostnaður sem hlaust af virkni þeirra fjögur ár aftur í tímann færður til gjalda á árinu 2000.

Á nokkrum safnliðum ráðuneytanna nema ónotaðar fjárheimildir umtalsverðum fjárhæðum. Á það einkum við um safnliði fjármála-ráðuneytisins en einnig menntamála- og samgönguráðuneytis. Gefur það tilefni til að álykta að vanda þurfi betur til áætlanagerðar í tengslum við þessa liði. Í því sambandi ber þó að hafa í huga að útgjöld af safnliðum eru gjarnan breytileg milli ára og ráðast oft af þeim ólíku aðstæðum sem uppi kunna að vera hverju sinni. Því kann að vera vandasamt að áætla slík útgjöld af nákvæmni. Sökum þessa verður að telja óeðlilegt að á safnliði ráðuneytanna safnist afgangur, einkum ef það gerist ár eftir ár. Ríkisendurskoðun álítur að til greina komi að breyta reglum um millifærslu fjárheimilda milli ára þannig að ónýtt framlög á safnliðum falli jafnan niður í árslok.

## Afgangur á fjárheimildum vegna ýmissa verkefna ráðuneytanna

*02-269 Háskóla- og vísindastarfsemi, viðhald og stofnkostnaður*

Ónotuð fjárheimild í árslok 2000 var um 141,4 m.kr. Um er að ræða fjárheimildir til byggingar húsnæðis fyrir Kennaraháskóla Íslands. Verkið var boðið út í árslok 2000 og framkvæmdir standa yfir á árinu 2001.

*10-512 Póst- og fjarskiptastofnun*

Samkvæmt ríkisreikningi er ónotuð fjárheimild stofnunarinnar 138,9 m.kr. Ónotuð fjárheimild skýrist að stærstum hluta af því að þær tekjur sem eiga að standa undir rekstri stofnunarinnar hafa verið umtalsvert hærri en rekstarkostnaður hennar. Þá skýrist kostnaður að hluta til af samningi sem stofnunin gerði við Landssíma Íslands hf. um rekstur strandarstöðva. Póst- og fjarskiptastofnun var falið að hafa umsjón með samningnum og að sjá um fjárhagslegt uppgjör við verksala. Framlag ríkisins vegna þessa var 215 mkr en kostnaður stofnunarinnar var rúmar 178 m.kr. Í framlagi ríkisins var gert ráð fyrir kostnaði með virðisaukaskatti sem fékkst svo endurgreiddur í samræmi við reglur þar um. Ef tekið hefði verið tillit til þess að skatturinn fékkst endurgreiddur hefði framlag ríkisins átt að vera um 40 m.kr. lægra.

*11-102 Einkaleyfastofa*

Ónotuð fjárheimild stofnunarinnar er um 120,5 m.kr. í árslok 2000. Um er að ræða tekjuafgang af rekstri stofnunarinnar síðustu 5 ár. Stofnunin er fjármögnuð af gjöldum fyrir einkaleyfi og vörumerki. Tekjurnar koma bæði frá innlendum og erlendum aðilum. Samkvæmt heimildum í fjárlögum ársins 2001 var stofnunni heimilað að kaupa húsnæði undir starfsemi stofnunarinnar. Það hefur nú verið gert og gert ráð fyrir að uppsafnaður tekjuafgangur verði m.a. notaður í tengslum við húsakaupin.

*14-321 Brunamálastofnun*

Ónotuð fjárheimild stofnunarinnar var um 129 m.kr. árslok 2000. Rekstur hennar er fjármagnaður með brunavarnargjaldi og er hér um að ræða eftirstöðvar uppsafnaðs tekjuafgangs til ársloka 1997. Eftir þann tíma hefur ætíð verið mælt fyrir skerðingu í fjárlögum, þannig að tekjur af brunarvarnargjaldi umfram ákveðna fjárhæð rennur í ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að stofnunin sem er í leiguhúsnæði flytji á næstu árum og að keypt verði húsnæði fyrir þetta fé.

*14-283 Hreinsun umhverfis*

Um er að ræða 100 m.kr. framlag á fjáraukalögum ársins 2000 til hreinsunar á olíu úr flaki El Grillo á Seyðisfirði. Kostnaður vegna þessa fellur til á árinu 2001 en heimildin var sett á fjáraukalög ársins 2000.

*03-320 Sendiráð almennt*

Ónotuð fjárheimild í árslok er 431,5 m.kr. Helstu skýringar eru eftirfarandi:

Á árinu 2000 voru veittar 800 m.kr. til kaupa á lóð og húsnæði fyrir sendiráðið í Tókýó. Um 570 m.kr. voru notaðar á árinu 2000 til kaupanna en eftirstöðvar fjárveitingarinnar, samtals 230 m.kr., voru að mestu notaðar til að innrétta húsnæðið á árinu 2001.

Vegna sendiráðsins í Berlín standa eftir 62,3 m.kr. sem eru eftirstöðvar af sölu sendiráðsbústaðar í Bonn. Nota á féð til að byggja sendiráðsbústað í Berlín. Að auki er um 50 m.kr. ónotuð fjárheimild á þessum lið sem verja á til byggingar sendiherrabústaðarins. Framkvæmdir hafa dregist en búið er að kaupa lóð undir húsnæðið.

Vegna sendiráðsins í Ottawa standa eftir 68,6 m.kr. en 110 m.kr. voru veittar á fjáraukalögum til að kaupa sendiherrabústað. Keypt var hús i byggingu og voru eftirstöðvar fjárveitingarinnar notaðar á árinu 2001.

*05-209 Byggingarsjóður hafrannsóknaskips*

Í fjárlögum ársins 1998 var Byggingarsjóði hafrannsóknaskips veitt 300 m.kr. framlag sem áætlað var að rynni óskipt til byggingar nýs hafrannsóknaskips. Framlagið var aldrei notað og hefur verið flutt milli ára síðan. Ríkisendurskoðun lagði til í áritun sinni á ársreikning sjóðsins að framlagið verði fellt niður með fjáraukalögum fyrir árið 2001.

## Fjárheimildir og útkoma árið 2000

Taflan hér að neðan sýnir fjárheimildir stofnana og fjárlagaliða á árinu 2000 og samanburð við gjöld ársins. Hún er í tveimur meginhlutum. Í fyrri hlutanum hafa fjárlagaliðir verið spyrtir saman eftir tegundum stofnana eða eðli útgjalda. Er það einkum gert til að auðvelda samanburð milli stofnana sem hafa með höndum svipaða starfsemi. Flokkarnir í þessum hluta eru samtals 10: Æðsta stjórn ríkisins, aðalskrifstofur ráðuneyta, menntastofnanir, sendiráð og fastanefndir, sýslumenn og lögregluembætti, málefni fatlaðra, heilbrigðisstofnanir, skattkerfið, fjárlagaliðir með markaðar tekjur til aðila utan A-hluta, og áætlaðir fjárlagaliðir. Í seinni hluta töflunnar hafa allir aðrir fjárlagaliðir verið flokkaðir eftir ráðuneytum í alls 14 flokka.

Fyrstu fimm dálkarnir í töflunni sýna fjárheimildir skv. fjárlögum, fjárheimildir skv. fjáraukalögum, fjárheimildir sem fluttar eru milli ára, fjárheimildir sem millifærðar eru af öðrum liðum, og loks samtölu þessara dálka (*fjárheimild samtals*). Rétt er að geta þess að inni í samtölunni eru reiknaðar breytingar vegna uppgjörs rekstrartekna og markaðra tekna, enda þótt slíkar breytingar eigi ekki að hafa áhrif á fjárheimildir, sbr. ákvæði fjárreiðulaga. Sjötti dálkurinn sýnir gjöld ársins. Því næst koma tveir aðskildir dálkar sem sýna mismun milli fjárheimildar og gjalda, þ.e. frávik frá fjárheimild. Sýnir fremri dálkurinn fjárhæðir í þeim tilvikum þegar gjöld hafa verið meiri en fjárheimild (*frávik yfir*) en aftari dálkurinn fjárhæðir í þeim tilvikum þegar gjöld hafa verið lægri en fjárheimild (*frávik undir*). Þar á eftir er dálkur sem sýnir hlutfall gjalda af fjárheimild í prósentum. Aftasti dálkurinn sýnir svo hver útkoma ársins yrði ef ekki væri reiknað með flutningi fjárheimilda milli ára.

## Tafla 61 Fjárheimildir og útkoma árið 2000

| Í m.kr. | | Fjárlög | Fjárauka-lög | Flutt frá fyrra ári | Millifært á árinu | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik yfir | Frávik undir | Útkoma án flutn. f.árs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Æðsta stjórn ríkisins | | | | | | | | | | |
| 00-201 | Alþingi | 1.352,9 | 113,0 | 24,1 | 0,9 | 1.490,9 | 1.504,3 | 13,4 | | 37,5 |
| 00-610 | Umboðsmaður Alþingis | 60,3 | 2,0 | 2,3 | 0,1 | 64,7 | 63,5 | | (1,2) | 1,1 |
| 00-401 | Hæstiréttur | 65,4 | 0,0 | 0,0 | 6,7 | 72,1 | 72,2 | 0,1 | | 0,1 |
| 00-301 | Ríkisstjórn | 109,1 | 0,0 | 0,0 | 24,6 | 133,7 | 130,8 | | (2,9) | (2,9) |
| 00-101 | Embætti forseta Íslands | 119,4 | 15,0 | (15,0) | 4,9 | 124,3 | 131,3 | 7,0 | | (8,0) |
| 00-620 | Ríkisendurskoðun | 229,7 | 0,0 | 6,4 | 9,0 | 245,1 | 219,1 | | (26,0) | (19,6) |
| 00-205 | Framkvæmdir á Alþingisreit | 60,0 | 0,0 | 8,5 | 0,0 | 68,5 | 28,2 | | (40,3) | (31,8) |
| | | 1.996,8 | 130,0 | 26,3 | 46,2 | 2.199,3 | 2.149,4 | 20,6 | (70,5) | (23,6) |
| Aðalskrifstofur ráðuneyta | | | | | | | | | | |
| 03-101 | Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa | 575,9 | 50,0 | (16,5) | 48,9 | 658,3 | 688,8 | 30,5 | | 14,0 |
| 10-101 | Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa | 151,7 | 1,8 | (10,2) | 5,1 | 148,4 | 165,1 | 16,7 | | 6,5 |
| 08-101 | Heilbr.og trygg.m.ráðun., aðalskrifst | 227,9 | 11,8 | (0,9) | 9,4 | 248,2 | 252,0 | 3,8 | | 2,9 |
| 07-101 | Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 145,6 | 4,0 | 4,0 | 8,1 | 161,7 | 159,0 | | (2,8) | 1,3 |
| 02-101 | Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 331,7 | 0,0 | (1,0) | 14,1 | 344,8 | 346,4 | 1,6 | | 0,6 |
| 04-101 | Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa | 118,8 | 0,0 | (0,9) | 8,1 | 126,0 | 127,2 | 1,2 | | 0,3 |
| 05-101 | Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa | 127,1 | 0,0 | 5,7 | 1,3 | 134,1 | 128,2 | | (5,9) | (0,2) |
| 01-101 | Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa | 129,8 | 12,0 | (16,0) | 17,8 | 143,6 | 155,3 | 11,6 | | (4,3) |
| 06-101 | Dóms-og kirkjumálaráðun., aðalskrifstofa | 173,7 | 2,6 | (3,9) | 12,9 | 185,3 | 184,3 | | (1,0) | (4,9) |
| 12-101 | Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa | 98,6 | 10,0 | (10,3) | 9,9 | 108,2 | 112,3 | 4,0 | | (6,2) |
| 14-101 | Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa | 150,1 | 8,0 | (5,9) | 46,6 | 198,8 | 195,8 | | (3,0) | (8,9) |
| 11-101 | Iðnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa | 75,0 | 10,0 | (12,2) | 7,9 | 80,7 | 83,8 | 3,1 | | (9,1) |
| 09-101 | Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa | 354,0 | 2,5 | (2,6) | 11,8 | 365,7 | 356,6 | | (9,1) | (11,7) |
| | | 2.659,9 | 112,7 | (70,7) | 201,9 | 2.903,8 | 2.954,7 | 72,7 | (21,7) | (19,7) |

| Í m.kr. | | Fjárlög | Fjárauka-lög | Flutt frá fyrra ári | Millifært á árinu | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik yfir | Frávik undir | Útkoma án flutn. f.árs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Menntastofnanir | | | | | | | | | | |
| 02-316 | Fasteignir framhaldsskóla | 10,0 | 0,0 | 40,3 | 75,2 | 125,6 | 162,9 | 37,3 | | 77,6 |
| 02-211 | Tækniskóli Íslands | 263,3 | 10,0 | (57,2) | 16,1 | 232,2 | 334,6 | 102,4 | | 45,2 |
| 04-271 | Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal | 125,6 | 0,0 | (1,1) | 1,6 | 126,2 | 149,9 | 23,7 | | 22,6 |
| 04-283 | Garðyrkjuskóli ríkisins | 85,8 | 0,0 | 0,2 | 2,4 | 88,4 | 106,2 | 17,8 | | 18,0 |
| 02-564 | Listdansskólinn | 28,3 | 0,0 | (20,8) | 7,9 | 15,4 | 53,3 | 37,9 | | 17,1 |
| 02-308 | Menntaskólinn í Kópavogi | 315,7 | 0,0 | (78,9) | 37,7 | 274,4 | 362,1 | 87,7 | | 8,8 |
| 02-358 | Verkmenntaskóli Austurlands | 76,0 | 0,0 | 14,0 | 6,5 | 96,5 | 85,7 | | (10,8) | 3,2 |
| 02-356 | Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra | 138,1 | 0,0 | (21,4) | 16,5 | 133,2 | 156,9 | 23,7 | | 2,3 |
| 02-354 | Fjölbrautaskóli Vesturlands | 203,4 | 0,0 | (16,6) | 10,9 | 197,7 | 215,4 | 17,6 | | 1,0 |
| 02-561 | Myndlista- og handíðaskóli Íslands | 0,0 | 0,0 | (55,7) | 0,0 | (55,7) | 0,0 | 55,7 | | 0,0 |
| 02-228 | Listaháskóli Íslands | 156,9 | 0,0 | 0,0 | 89,3 | 246,2 | 246,2 | | 0,0 | 0,0 |
| 02-225 | Viðskiptaháskólinn á Bifröst | 58,9 | 0,0 | 0,0 | 13,5 | 72,4 | 72,4 | | 0,0 | 0,0 |
| 07-985 | Félagsmálaskóli alþýðu | 21,6 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 21,6 | 21,6 | | 0,0 | 0,0 |
| 02-551 | Hússtjórnarskólinn Hallormsstað | 12,9 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 12,9 | 12,9 | | 0,0 | 0,0 |
| 02-227 | Háskólinn í Reykjavík | 211,9 | 0,0 | 0,0 | 24,8 | 236,7 | 236,7 | | (0,0) | (0,0) |
| 02-541 | Hússtjórnarskólinn í Reykjavík | 15,2 | 0,0 | (0,1) | 0,0 | 15,1 | 15,1 | 0,0 | | (0,1) |
| 02-507 | Stýrimannaskólinn í Reykjavík | 35,0 | 0,0 | (2,4) | 2,0 | 34,6 | 36,6 | 2,0 | | (0,5) |
| 02-361 | Framhaldsskólinn í A-Skaftafellssýslu | 34,0 | 0,0 | 0,5 | 2,2 | 36,6 | 35,5 | | (1,1) | (0,6) |
| 02-563 | Tónlistarskólinn í Reykjavík | 14,5 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 14,5 | 12,6 | | (1,9) | (1,9) |
| 02-363 | Framhaldsskólinn á Laugum | 52,4 | 0,0 | (5,2) | 1,7 | 48,9 | 50,4 | 1,5 | | (3,6) |
| 06-305 | Lögregluskóli ríkisins | 96,4 | 0,0 | 8,7 | 2,9 | 108,0 | 94,5 | | (13,6) | (4,8) |
| 02-362 | Framhaldsskólinn á Húsavík | 59,1 | 0,0 | 1,6 | 2,7 | 63,4 | 56,7 | | (6,6) | (5,1) |
| 02-365 | Borgarholtsskóli | 219,4 | 0,0 | (21,4) | 10,8 | 208,9 | 221,9 | 13,1 | | (8,3) |
| 02-303 | Menntaskólinn á Laugarvatni | 70,7 | 0,0 | (7,1) | 3,4 | 67,1 | 65,0 | | (2,1) | (9,1) |
| 02-516 | Iðnskólinn í Hafnarfirði | 176,5 | 0,0 | 5,9 | 4,8 | 187,2 | 172,1 | | (15,0) | (9,2) |
| 02-562 | Leiklistarskóli Íslands | 44,7 | 14,0 | (9,4) | (17,4) | 31,9 | 31,9 | | (0,0) | (9,4) |
| 02-307 | Menntaskólinn á Egilsstöðum | 94,7 | 0,0 | 2,7 | 11,0 | 108,4 | 95,5 | | (12,9) | (10,2) |
| 02-355 | Framhaldsskólinn í Vestmannaeyjum | 86,8 | 0,0 | 8,6 | 7,6 | 102,9 | 83,5 | | (19,4) | (10,9) |
| 02-581 | Verslunarskóli Íslands | 288,5 | 0,0 | 0,0 | 77,5 | 366,0 | 354,0 | | (12,0) | (12,0) |
| 02-306 | Framhaldsskóli Vestfjarða | 103,3 | 0,0 | (13,3) | 9,9 | 100,0 | 100,1 | 0,2 | | (13,1) |

| Í m.kr. | | Fjárlög | Fjárauka-lög | Flutt frá fyrra ári | Millifært á árinu | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik yfir | Frávik undir | Útkoma án flutn. f.árs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 02-353 | Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 218,3 | 0,0 | 30,0 | 9,3 | 257,7 | 213,6 | | (44,0) | (14,0) |
| 02-352 | Flensborgarskóli | 192,6 | 0,0 | (18,6) | 11,7 | 185,7 | 189,5 | 3,8 | | (14,8) |
| 02-305 | Menntaskólinn við Sund | 225,7 | 0,0 | (11,7) | 3,7 | 217,8 | 213,3 | | (4,5) | (16,2) |
| 04-261 | Landbúnaðarhásk. á Hvanneyri, Borg | 132,6 | 20,0 | (62,4) | 5,5 | 95,7 | 139,6 | 44,0 | | (18,4) |
| 02-351 | Fjölbrautaskólinn Ármúla | 235,6 | 0,0 | (30,9) | 20,2 | 225,0 | 237,3 | 12,3 | | (18,5) |
| 02-309 | Kvennaskólinn í Reykjavík | 157,7 | 0,0 | 1,8 | 14,8 | 174,2 | 153,4 | | (20,9) | (19,1) |
| 02-360 | Fjölbrautaskólinn í Garðabæ | 175,2 | 0,0 | (8,1) | 23,1 | 190,2 | 177,9 | | (12,3) | (20,4) |
| 02-215 | Kennaraháskóli Íslands | 635,3 | 0,0 | (19,1) | 138,0 | 754,2 | 751,4 | | (2,8) | (21,9) |
| 02-506 | Vélskóli Íslands | 97,6 | 0,0 | 14,0 | (1,5) | 110,0 | 71,4 | | (38,6) | (24,6) |
| 02-210 | Háskólinn á Akureyri | 398,5 | 0,0 | 27,5 | 18,5 | 444,5 | 392,0 | | (52,6) | (25,0) |
| 02-302 | Menntaskólinn á Akureyri | 194,4 | 0,0 | (11,0) | 12,6 | 195,9 | 177,6 | | (18,3) | (29,4) |
| 02-301 | Menntaskólinn í Reykjavík | 245,0 | 0,0 | 31,3 | 12,7 | 289,0 | 227,8 | | (61,2) | (29,9) |
| 02-514 | Iðnskólinn í Reykjavík | 596,2 | 0,0 | 23,8 | 52,5 | 672,5 | 603,2 | | (69,3) | (45,6) |
| 02-359 | Verkmenntaskólinn á Akureyri | 369,5 | 0,0 | (33,1) | 56,2 | 392,7 | 379,1 | | (13,6) | (46,6) |
| 02-304 | Menntaskólinn við Hamrahlíð | 308,6 | 0,0 | 25,4 | 50,1 | 384,1 | 311,2 | | (72,9) | (47,5) |
| 02-357 | Fjölbrautaskóli Suðurlands | 252,3 | 0,0 | (1,9) | 23,2 | 273,6 | 226,1 | | (47,5) | (49,4) |
| 02-350 | Fjölbrautaskólinn í Breiðholti | 430,5 | 0,0 | (91,5) | 66,6 | 405,6 | 443,1 | 37,5 | | (54,0) |
| 02-318 | Framhaldsskólar, stofnkostnaður | 398,0 | 0,0 | 124,5 | (44,2) | 478,3 | 285,7 | | (192,6) | (68,1) |
| 02-319 | Framhaldsskólar, almennt | 723,4 | 51,5 | 104,0 | (214,9) | 664,0 | 450,2 | | (213,8) | (109,7) |
| 02-201 | Háskóli Íslands | 2.986,6 | 90,0 | (13,6) | 531,4 | 3.594,5 | 3.377,3 | | (217,1) | (230,7) |
| | | 12.073,2 | 185,5 | (147,7) | 1.211,4 | 13.322,3 | 12.663,2 | 518,2 | (1.177,4) | (806,9) |

Sendiráð og fastanefndir

| Í m.kr. | | Fjárlög | Fjárauka-lög | Flutt frá fyrra ári | Millifært á árinu | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik yfir | Frávik undir | Útkoma án flutn. f.árs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 03-308 | Sendiráð Íslands í Washington | 60,6 | 0,0 | 21,7 | (20,4) | 61,9 | 71,6 | 9,7 | | 31,5 |
| 03-309 | Fastan.Ísl.hjá S.þ. og aðalr.m. N.Y | 86,4 | 0,0 | 0,1 | 1,2 | 87,7 | 99,5 | 11,8 | | 11,9 |
| 03-304 | Sendiráð Íslands í Moskvu | 52,5 | 0,0 | (0,3) | 0,9 | 53,1 | 62,8 | 9,7 | | 9,4 |
| 03-313 | Sendir.Ísl.í Vínarb og fastan. hjá ÖSE | 28,6 | 0,0 | 8,6 | (8,0) | 29,2 | 26,5 | | (2,7) | 5,9 |
| 03-317 | Sendiráð Íslands í Helsinki | 41,4 | 0,0 | 14,5 | (13,6) | 42,3 | 33,6 | | (8,7) | 5,8 |
| 03-318 | Fastanefnd Íslands hjá Evrópuráðinu | 30,8 | 0,0 | 6,5 | (5,9) | 31,4 | 29,8 | | (1,6) | 4,9 |
| 03-314 | Sendiráð Íslands í Peking | 58,4 | 0,0 | (0,3) | 0,9 | 59,0 | 62,9 | 3,9 | | 3,5 |
| 03-315 | Sendiráð Íslands í Ottawa | 19,6 | 0,0 | (0,8) | 1,3 | 20,1 | 23,5 | 3,4 | | 2,6 |

| Í m.kr. | | Fjárlög | Fjárauka-lög | Flutt frá fyrra ári | Millifært á árinu | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik yfir | Frávik undir | Útkoma án flutn. f.árs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 03-310 | Sendiráð Íslands í Brussel og hjá ES | 86,2 | 0,0 | 3,7 | (2,4) | 87,5 | 86,3 | | (1,2) | 2,5 |
| 03-301 | Sendiráð Íslands í Berlín | 58,0 | 0,0 | 0,5 | 0,2 | 58,7 | 59,1 | 0,4 | | 1,0 |
| 03-307 | Sendiráð Íslands í Stokkhólmi | 34,6 | 0,0 | 5,0 | (4,4) | 35,2 | 30,9 | | (4,3) | 0,8 |
| 03-312 | Fastan.Ísl.hjá alþjóðast. og EFTA | 59,8 | 0,0 | (1,1) | 2,4 | 61,1 | 62,5 | 1,4 | | 0,3 |
| 03-305 | Sendiráð Íslands í Osló | 39,7 | 0,0 | (1,8) | 3,1 | 41,0 | 42,0 | 1,0 | | (0,8) |
| 03-303 | Sendiráð Íslands í London | 62,6 | 0,0 | 7,3 | (5,3) | 64,6 | 55,6 | | (9,0) | (1,7) |
| 03-302 | Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn | 39,2 | 0,0 | (0,1) | 0,7 | 39,8 | 37,8 | | (2,0) | (2,1) |
| 03-311 | Fastan. Ísl hjá N-Atlantshafsbandal | 67,0 | 0,0 | (7,1) | 9,0 | 68,9 | 68,2 | | (0,7) | (7,8) |
| 03-306 | Sendir.Ísl.París,fn.OECD, UNESCO, FAO | 88,7 | 0,0 | (6,9) | 7,5 | 89,3 | 84,3 | | (5,0) | (11,9) |
| 03-320 | Sendiráð, almennt | 144,6 | 1.058,3 | (37,8) | 53,6 | 1.218,7 | 787,2 | | (431,5) | (469,3) |
| | | 1.058,7 | 1.058,3 | 11,8 | 20,6 | 2.149,5 | 1.724,3 | 41,4 | (466,6) | (413,4) |
| Sýslumenn og lögregluembætti | | | | | | | | | | |
| 06-303 | Ríkislögreglustjóri | 333,0 | 24,5 | (8,9) | 79,2 | 427,7 | 528,5 | 100,7 | | 91,8 |
| 03-201 | Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli | 376,7 | 0,0 | (5,9) | 72,6 | 443,4 | 470,5 | 27,1 | | 21,2 |
| 06-311 | Lögreglustjórinn í Reykjavík | 1.482,6 | 16,6 | (8,7) | 79,0 | 1.569,5 | 1.594,4 | 24,9 | | 16,2 |
| 06-433 | Sýslumaðurinn á Selfossi | 183,0 | 0,0 | (31,9) | 22,1 | 173,2 | 216,9 | 43,7 | | 11,8 |
| 06-490 | Ýmis rekstrarkostnaður sýslum.emb. | 203,1 | 6,1 | (37,3) | (37,7) | 134,2 | 182,8 | 48,5 | | 11,2 |
| 06-411 | Sýslumaðurinn í Reykjavík | 182,1 | 0,0 | 1,8 | 1,8 | 185,7 | 189,0 | 3,3 | | 5,1 |
| 06-434 | Sýslumaðurinn í Keflavík | 271,2 | 0,0 | (18,0) | 21,6 | 274,8 | 297,6 | 22,8 | | 4,8 |
| 06-416 | Sýslumaðurinn á Patreksfirði | 49,8 | 0,0 | (12,1) | 5,8 | 43,5 | 59,0 | 15,5 | | 3,4 |
| 06-436 | Sýslumaðurinn í Hafnarfirði | 303,6 | 0,0 | 23,1 | 18,3 | 345,0 | 324,5 | | (20,5) | 2,7 |
| 06-422 | Sýslumaðurinn á Siglufirði | 41,6 | 0,0 | 3,1 | 5,8 | 50,5 | 49,1 | | (1,3) | 1,8 |
| 06-419 | Sýslumaðurinn á Hólmavík | 30,2 | 0,0 | 1,2 | 2,2 | 33,6 | 33,1 | | (0,5) | 0,7 |
| 06-426 | Sýslumaðurinn á Seyðisfirði | 104,0 | 0,0 | (2,8) | 12,0 | 113,2 | 116,4 | 3,3 | | 0,4 |
| 06-417 | Sýslumaðurinn í Bolungarvík | 27,3 | 0,0 | (0,3) | 2,6 | 29,6 | 30,2 | 0,7 | | 0,3 |
| 06-429 | Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði | 45,2 | 0,0 | (2,6) | 3,7 | 46,3 | 49,1 | 2,8 | | 0,2 |
| 06-421 | Sýslumaðurinn á Sauðárkróki | 75,1 | 0,0 | (5,6) | 9,9 | 79,4 | 85,1 | 5,6 | | 0,0 |
| 06-423 | Sýslumaðurinn á Ólafsfirði | 29,2 | 0,0 | 0,1 | (1,2) | 28,1 | 28,0 | | (0,1) | (0,0) |
| 06-413 | Sýslumaðurinn í Borgarnesi | 76,2 | 0,0 | (6,3) | 4,0 | 73,9 | 80,1 | 6,1 | | (0,2) |

| Í m.kr. | | Fjárlög | Fjárauka-lög | Flutt frá fyrra ári | Millifært á árinu | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik yfir | Frávik undir | Útkoma án flutn. f.árs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 06-418 | Sýslumaðurinn á Ísafirði | 114,1 | 0,0 | (0,4) | 10,8 | 124,5 | 124,5 | 0,0 | | (0,3) |
| 06-437 | Sýslumaðurinn í Kópavogi | 218,0 | 0,0 | 8,6 | 12,0 | 238,6 | 228,7 | | (9,9) | (1,3) |
| 06-432 | Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum | 99,2 | 0,0 | 10,3 | 13,7 | 123,2 | 111,5 | | (11,7) | (1,4) |
| 06-431 | Sýslumaðurinn á Hvolsvelli | 53,3 | 0,0 | (4,1) | 5,5 | 54,6 | 57,3 | 2,7 | | (1,5) |
| 06-420 | Sýslumaðurinn á Blönduósi | 72,0 | 0,0 | 2,9 | 7,6 | 82,4 | 77,9 | | (4,5) | (1,7) |
| 06-430 | Sýslumaðurinn í Vík í Mýrdal | 32,4 | 0,0 | (5,8) | 6,2 | 32,9 | 36,3 | 3,4 | | (2,4) |
| 06-415 | Sýslumaðurinn í Búðardal | 21,5 | 0,0 | (1,3) | 2,9 | 23,1 | 21,6 | | (1,4) | (2,7) |
| 06-425 | Sýslumaðurinn á Húsavík | 103,8 | 0,0 | 3,0 | 6,5 | 113,3 | 107,6 | | (5,7) | (2,7) |
| 06-428 | Sýslumaðurinn á Eskifirði | 74,8 | 30,8 | 7,0 | 4,0 | 116,6 | 106,5 | | (10,1) | (3,1) |
| 06-412 | Sýslumaðurinn á Akranesi | 92,2 | 4,5 | 4,5 | 5,2 | 106,5 | 97,6 | | (8,9) | (4,4) |
| 06-427 | Sýslumaðurinn í Neskaupstað | 34,4 | (34,4) | (4,7) | 4,7 | 0,0 | 0,0 | | 0,0 | (4,7) |
| 06-414 | Sýslumaðurinn í Stykkishólmi | 94,7 | 0,0 | (8,1) | 11,0 | 97,7 | 97,2 | | (0,4) | (8,5) |
| 06-424 | Sýslumaðurinn á Akureyri | 247,5 | 0,0 | (2,3) | 21,2 | 266,4 | 256,6 | | (9,8) | (12,1) |
| 06-491 | Húsnæði og búnaður sýslumanna | 147,8 | 32,2 | 36,8 | 6,6 | 223,4 | 167,4 | | (56,0) | (19,2) |
| | | 5.219,6 | 80,3 | (64,7) | 419,6 | 5.654,8 | 5.825,0 | 311,1 | (140,9) | 105,5 |

Málefni fatlaðra

| | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 07-701 | Málefni fatlaðra, Reykjavík | 755,0 | 0,0 | (50,8) | 14,4 | 718,6 | 804,9 | 86,3 | | 35,5 |
| 07-700 | Málefni fatlaðra | 181,4 | 15,0 | 57,4 | (84,8) | 169,0 | 131,2 | | (37,8) | 19,6 |
| 07-704 | Málefni fatlaðra, Vestfjörðum | 85,4 | 0,0 | 12,2 | 0,0 | 97,6 | 99,9 | 2,3 | | 14,5 |
| 07-708 | Málefni fatlaðra, Suðurlandi | 203,9 | 0,0 | (14,8) | 10,7 | 199,8 | 226,2 | 26,4 | | 11,6 |
| 07-703 | Málefni fatlaðra, Vesturlandi | 126,9 | 0,0 | 1,2 | 0,2 | 128,3 | 128,3 | | (0,0) | 1,2 |
| 07-705 | Málefni fatlaðra, Norðurlandi vestra | 146,1 | 0,0 | 0,1 | 5,6 | 151,8 | 151,6 | | (0,2) | (0,1) |
| 07-706 | Málefni fatlaðra, Norðurlandi eystra | 345,2 | 0,0 | (0,9) | 44,6 | 388,9 | 388,5 | | (0,4) | (1,3) |
| 07-707 | Málefni fatlaðra, Austurlandi | 119,4 | 0,0 | (1,7) | 8,8 | 126,5 | 125,5 | | (1,0) | (2,7) |
| 08-340 | Málefni fatlaðra | 68,8 | 0,0 | 0,0 | 14,0 | 82,8 | 67,9 | | (14,9) | (14,9) |
| 07-702 | Málefni fatlaðra, Reykjanesi | 600,0 | 0,0 | (4,9) | 23,5 | 618,6 | 607,7 | | (10,9) | (15,8) |
| | | 2.632,1 | 15,0 | (2,1) | 37,0 | 2.682,0 | 2.731,5 | 114,9 | (65,4) | 47,4 |

| Í m.kr. | | Fjárlög | Fjárauka-lög | Flutt frá fyrra ári | Millifært á árinu | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik yfir | Frávik undir | Útkoma án flutn. f.árs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Heilbrigðisstofnanir | | | | | | | | | | |
| 08-495 | Daggjaldastofnanir | 3.538,5 | (229,6) | 0,0 | 86,6 | 3.395,5 | 3.699,9 | 304,4 | | 304,4 |
| 08-373 | Landspítali, háskólasjúkrahús | 17.482,0 | 406,0 | (299,3) | 985,8 | 18.574,5 | 18.945,4 | 370,8 | | 71,5 |
| 08-505 | Heilsugæsla í Reykjavík | 605,5 | 0,0 | (13,8) | 96,4 | 688,1 | 755,2 | 67,0 | | 53,2 |
| 08-379 | Sjúkrahús, óskipt | 87,0 | 0,0 | 130,3 | (145,3) | 72,0 | (13,5) | | (85,5) | 44,8 |
| 08-711 | Heilbrigðisstofnunin Akranesi | 770,0 | 0,0 | (50,3) | 44,1 | 763,7 | 853,2 | 89,5 | | 39,1 |
| 08-791 | Heilbrigðisstofnunin Suðurnesjum | 590,9 | 0,0 | (28,7) | 46,1 | 608,3 | 668,1 | 59,8 | | 31,1 |
| 08-381 | Sjúkrahús og læknisbústaðir | 253,4 | 0,0 | (43,9) | (41,7) | 167,9 | 242,7 | 74,8 | | 30,9 |
| 08-400 | St. Jósefsspítali, Hafnarfirði | 431,8 | 0,0 | (18,5) | 13,8 | 427,1 | 471,0 | 43,9 | | 25,4 |
| 08-553 | Reynslusveitarfélagið Akureyri | 189,6 | 0,0 | 0,0 | 47,9 | 237,5 | 262,7 | 25,2 | | 25,2 |
| 08-584 | Heilsugæsla í Kópavogi | 182,5 | 0,0 | 9,5 | 9,0 | 201,0 | 208,1 | 7,1 | | 16,6 |
| 08-324 | Heyrnar- og talmeinastöð Íslands | 102,6 | 0,0 | (7,7) | 0,0 | 94,9 | 118,7 | 23,8 | | 16,1 |
| 08-761 | Heilbrigðisstofnun Þingeyinga | 371,5 | 0,0 | (9,8) | 88,1 | 449,8 | 469,5 | 19,6 | | 9,9 |
| 08-510 | Heilsuverndarstöðin í Reykjavík | 341,1 | 33,1 | 1,3 | 20,7 | 396,2 | 402,6 | 6,5 | | 7,7 |
| 08-586 | Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ | 68,9 | 0,0 | (0,5) | 9,4 | 77,8 | 85,1 | 7,3 | | 6,8 |
| 08-326 | Sjónstöð Íslands | 48,6 | 0,0 | (1,2) | 0,0 | 47,4 | 53,0 | 5,6 | | 4,4 |
| 08-735 | Heilbrigðisstofnunin Hólmavík | 63,8 | 0,0 | (7,1) | 5,0 | 61,6 | 73,0 | 11,3 | | 4,2 |
| 08-721 | Heilbrigðisstofnunin Patreksfirði | 132,3 | 0,0 | (4,5) | 5,2 | 133,0 | 141,1 | 8,1 | | 3,5 |
| 08-785 | Heilbrigðisstofnunin Selfossi | 486,8 | 0,0 | (4,9) | 54,3 | 536,2 | 544,2 | 8,0 | | 3,1 |
| 08-551 | Heilsugæslustöðin Ólafsfirði | 21,5 | 0,0 | 4,5 | 4,3 | 30,3 | 28,8 | | (1,5) | 3,0 |
| 08-582 | Heilsugæslustöðin Hafnarfirði | 159,1 | 0,0 | (3,6) | 13,2 | 168,7 | 175,1 | 6,4 | | 2,8 |
| 08-574 | Heilsugæslustöðin Rangárþingi | 51,3 | 0,0 | 1,6 | 3,1 | 56,0 | 56,4 | 0,4 | | 2,0 |
| 08-583 | Heilsugæslustöðin Garðabæ | 67,8 | 0,0 | 6,4 | 5,0 | 79,3 | 74,7 | | (4,6) | 1,8 |
| 08-490 | Vistun ósakhæfra afbrotamanna | 102,1 | 0,0 | (1,3) | 8,5 | 109,3 | 111,6 | 2,3 | | 1,0 |
| 08-525 | Heilsugæslustöðin Grundarfirði | 22,0 | 0,0 | 0,8 | 3,1 | 25,9 | 25,9 | | (0,1) | 0,8 |
| 08-422 | Hlaðgerðarkot | 48,3 | 0,0 | 0,0 | 5,4 | 53,7 | 53,7 | 0,0 | | 0,0 |
| 08-410 | Hjúkrunarheimilið Eir | 400,0 | 0,0 | 0,0 | 22,0 | 422,0 | 422,0 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-409 | Hjúkrunarheimilið Skjól | 371,7 | 0,0 | 0,0 | 20,8 | 392,5 | 392,5 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-412 | Hjúkrunarheimilið Skógarbær | 293,7 | 5,1 | 0,0 | 15,3 | 314,1 | 314,1 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-431 | Heilsustofnun Náttúrulækningafél. Ísl. | 255,7 | 6,0 | 0,0 | 21,8 | 283,5 | 283,5 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-413 | Hjúkrunarheimilið Droplaugarstöðum | 225,7 | 0,0 | 0,0 | 26,1 | 251,8 | 251,8 | | 0,0 | 0,0 |

| Í m.kr. | | Fjárlög | Fjárauka-lög | Flutt frá fyrra ári | Millifært á árinu | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik yfir | Frávik undir | Útkoma án flutn. f.árs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 08-715 | St. Fransiskusspítali, Stykkishólmi | 190,9 | 0,0 | 0,0 | 18,9 | 209,8 | 209,8 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-408 | Sunnuhlíð, Kópavogi | 173,7 | 0,0 | 0,0 | 11,4 | 185,1 | 185,1 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-517 | Læknavaktin | 138,0 | 13,9 | 0,0 | 2,6 | 154,5 | 154,5 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-411 | Garðvangur, Garði | 141,3 | 0,0 | 0,0 | 9,3 | 150,6 | 150,6 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-421 | Víðines | 129,3 | 0,0 | 0,0 | 21,0 | 150,3 | 150,3 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-515 | Heilsugæslustöðin Lágmúla í Rvík | 67,5 | 0,0 | 0,0 | 23,2 | 90,7 | 90,7 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-414 | Hjúkrunarheimilið Lundur, Hellu | 69,2 | 0,0 | 0,0 | 3,2 | 72,4 | 72,4 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-568 | Reynslusveitarfélagið Hornafjörður | 49,6 | 0,0 | 0,0 | 8,7 | 58,3 | 58,3 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-435 | Hlein, heimili fyrir heilaskaddaða | 53,3 | 0,0 | 0,0 | 3,7 | 57,0 | 57,0 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-415 | Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði | 54,3 | 0,0 | 0,0 | 2,7 | 57,0 | 57,0 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-432 | Vistheimilið Bjarg | 29,1 | 0,0 | 0,0 | 1,5 | 30,6 | 30,6 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-417 | Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn | 22,8 | 0,0 | 0,0 | 1,1 | 23,9 | 23,9 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-371 | Ríkisspítalar | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-558 | Heilsug. stöð Norður-Þingeyjasýslu | 54,5 | 0,0 | 0,0 | (54,5) | 0,0 | 0,0 | | 0,0 | 0,0 |
| 08-416 | Hjúkrunarheimilið Hornbrekka, Ólafsf. | 65,4 | 0,0 | 0,0 | 3,1 | 68,5 | 68,5 | | (0,0) | (0,0) |
| 08-430 | Sjálfsbjörg, hjúkrunar- og endurhæf.st | 233,3 | 0,0 | 0,0 | 15,8 | 249,1 | 249,1 | | (0,0) | (0,0) |
| 08-578 | Heilsugæslustöðin Hveragerði | 18,0 | 0,0 | 3,9 | 9,3 | 31,1 | 27,1 | | (4,1) | (0,2) |
| 08-552 | Heilsugæslustöðin Dalvík | 37,1 | 0,0 | 1,4 | 3,0 | 41,5 | 39,8 | | (1,7) | (0,3) |
| 08-585 | Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi | 110,8 | 0,0 | (2,3) | 7,1 | 115,6 | 117,5 | 1,9 | | (0,4) |
| 08-526 | Heilsugæslustöðin Búðardal | 36,8 | 0,0 | 1,2 | 7,2 | 45,2 | 43,6 | | (1,6) | (0,4) |
| 08-741 | Heilbrigðisstofnunin Hvammstanga | 146,7 | 0,0 | 0,8 | 8,2 | 155,7 | 154,2 | | (1,4) | (0,7) |
| 08-572 | Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal | 22,6 | 0,0 | (0,8) | 1,3 | 23,1 | 23,0 | | (0,1) | (0,9) |
| 08-576 | Heilsugæslustöðin Laugarási | 35,4 | 0,0 | (1,0) | 4,5 | 38,9 | 38,6 | | (0,2) | (1,3) |
| 08-571 | Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri | 20,2 | 0,0 | 0,6 | 2,1 | 22,9 | 20,8 | | (2,1) | (1,5) |
| 08-368 | Sólvangur, Hafnarfirði | 348,5 | 0,0 | 15,4 | 13,7 | 377,6 | 360,5 | | (17,1) | (1,7) |
| 08-522 | Heilsugæslustöðin Borgarnesi | 57,5 | 0,0 | (0,4) | 5,1 | 62,2 | 60,8 | | (1,4) | (1,8) |
| 08-407 | Sundabúð II, Vopnafirði | 35,7 | 0,0 | (3,1) | (32,6) | 0,0 | 0,0 | | 0,0 | (3,1) |
| 08-579 | Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn | 19,6 | 0,0 | 0,3 | 3,6 | 23,5 | 19,8 | | (3,7) | (3,4) |
| 08-745 | Heilbrigðisstofnunin Blönduósi | 213,9 | 0,0 | 4,6 | 17,2 | 235,7 | 227,4 | | (8,2) | (3,7) |
| 08-358 | Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri | 2.113,0 | 90,9 | (51,3) | 30,0 | 2.182,6 | 2.228,4 | 45,8 | | (5,5) |
| 08-524 | Heilsugæslustöðin Ólafsvík | 42,0 | 0,0 | (6,2) | 12,9 | 48,7 | 48,9 | 0,3 | | (5,9) |
| 08-370 | Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi | 72,6 | 0,0 | 79,2 | (18,5) | 133,4 | 47,0 | | (86,4) | (7,1) |

| Í m.kr. | | Fjárlög | Fjárauka-lög | Flutt frá fyrra ári | Millifært á árinu | Fjárheimild samtals | Útkoma | Frávik yfir | Frávik undir | Útkoma án flutn. f.árs |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 08-731 | Heilbrigðisstofnunin Bolungarvík | 81,4 | 0,0 | 2,5 | 4,0 | 87,9 | 77,1 | | (10,7) | (8,3) |
| 08-725 | Heilbrigðisstofnunin Ísafjarðarbæ | 438,5 | 0,0 | (11,4) | 18,4 | 445,5 | 447,0 | 1,5 | | (9,9) |
| 08-777 | Heilbrigðisstofnun Austurlands | 765,0 | 15,0 | 41,1 | 92,2 | 913,3 | 860,3 | | (53,0) | (11,9) |
| 08-755 | Heilbrigðisstofnunin Siglufirði | 215,6 | 0,0 | 2,9 | 16,1 | 234,6 | 219,1 | | (15,5) | (12,5) |
| 08-500 | Heilsugæslustöðvar, almennt | 366,0 | 0,0 | 32,8 | (274,4) | 124,4 | 77,4 | | (47,0) | (14,2) |
| 08-781 | Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum | 334,7 | 0,0 | (8,7) | 20,4 | 346,3 | 340,0 | | (6,3) | (15,1) |
| 08-751 | Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki | 430,6 | 0,0 | 7,5 | 28,4 | 466,5 | 426,7 | | (39,8) | (32,3) |
| | | 35.200,1 | 340,4 | (231,8) | 1.524,7 | 36.833,4 | 37.632,6 | 1.191,3 | (392,1) | 567,4 |
| Skattkerfið | | | | | | | | | | |
| 09-202 | Skattstofan í Reykjavík | 259,2 | 0,0 | 15,8 | 0,0 | 275,0 | 268,7 | | (6,3) | 9,5 |
| 09-206 | Skattstofa Norðurlands eystra | 59,5 | 0,0 | 3,0 | 0,1 | 62,6 | 61,6 | | (0,9) | 2,0 |
| 09-215 | Skattrannsóknarstjóri ríkisins | 86,8 | 0,0 | 0,1 | 0,8 | 87,7 | 88,2 | 0,5 | | 0,6 |
| 09-208 | Skattstofa Suðurlands | 39,8 | 0,0 | (0,8) | 1,7 | 40,7 | 41,7 | 1,0 | | 0,2 |
| 09-204 | Skattstofa Vestfjarða | 26,1 | 0,0 | (0,8) | 1,4 | 26,7 | 26,9 | 0,3 | | (0,5) |
| 09-205 | Skattstofa Norðurlands vestra | 27,4 | 0,0 | (0,3) | 0,0 | 27,1 | 26,8 | | (0,3) | (0,6) |
| 09-207 | Skattstofa Austurlands | 31,7 | 0,0 | 1,8 | 0,6 | 34,1 | 31,6 | | (2,5) | (0,7) |
| 09-203 | Skattstofa Vesturlands | 37,9 | 0,0 | (0,6) | 8,8 | 46,1 | 45,9 | | (0,2) | (0,8) |
